

skoðun 24

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Buxur




DOMTI
Þín innkaup á einstöku verði
Opnar laugardaginn 2 okt. kl.10
Smáratorgi 1.

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Fimmtudagur
30. september 2010
229. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000



**Þýðingarmikið starf**
*Alþjóðadagur þýðenda haldinn hátíðlegur í dag.*
tímamót 32

**Komin með nýtt starf**
*Tobba Marinós hefur störf á Skjá einum.*
fólk 62



**Ungir meistarar**
*Breiðablik er með yngsta Íslandsmeistaraliðið í seinni tíð í fótboltanum.*
sport 54

# Atli bjóst ekki við ákærum

**Atli Gíslason átti von á því að allar tillögur um ákærur yrðu felldar. Hann segir einlæga og órofa samstöðu sjö ráðherra hrunstjórnarinnar hafa ráðið úrslitum í málinu. Hann undrast ótrúlega reiði sjálfstæðismanna.**

**STJÓRNMÁL** Atli Gíslason, formaður þingmannanefndarinnar um rannsóknarskýrsluna, undrast reiði sjálfstæðismanna vegna ákærunnar á hendur Geir H. Haarde og segir hana vekja upp spurningar hvort búið hafi verið að semja um aðra niðurstöðu fyrirfram.

„Ég átti satt best að segja von á því að allar tillögurnar yrðu felldar, þótt ég hafi rennt grun í á mánudegi og þriðjudegi að það myndu skipast veður í lofti með Geir vegna einhverra undirmála sem ég skynjaði en festi ekki hönd á. En svo gerðist það ekki og þá urðu sjálfstæðismenn ótrúlega reiðir, og ég spyr mig: Af hverju urðu þeir svona reiðir? Áttu þeir von á annarri niðurstöðu? Var búið að víla og díla um eitthvað annað? Þessi ótrúlega reiði kom mér á óvart. Þeir töluðu eins og einhverjir hefðu hlaupið frá borði í einhverju samkomulagi,“ segir Atli.

Spurður hvort honum þyki réttlátt að Geir sé einn dreginn fyrir landsdóm segir Atli: „Ég hugsaði einhvern tíma með sjálfum mér: Fjórir, enginn eða einn. Það er algengt í sakamálum að aðalmaður sé ákærður en aðrir ekki, án þess að ég vilji heimfæra það beint yfir á þetta,“ segir hann.

„Það er mér afar mikið umhugsunarefni að sjö ráðherrar úr svonefndri hrunstjórn, sem ýmist eru ráðherrar núna eða venjulegir þingmenn, greiddu allir atkvæði gegn málshöfðun. Órofa og einlæg samstaða þeirra réð úrslitum um niðurstöðuna. Ég hefði sjálfur talið eðlilegt, miðað við óskráðar reglur um hæfi og önnur gildi sem ég hef tamið mér sem lögmaður, að þau kölluðu inn varamenn eða sætu hjá.“

Atli segir ummæli Geirs H. Haarde og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur um störf hans og nefndarinnar ómakleg. „Ég þoli alveg að það sé hraunað yfir mig en ég er ekki sérstaklega hress þegar það er verið að hrauna yfir þá sem hafa verið að vinna fyrir nefndina, sérfræðinga og aðra.“

Björgvin G. Sigurðsson, fyrrverandi viðskiptaráðherra, er sestur aftur á þing en hann tók sér tímabundið leyfi með hann beið niðurstöðu þingmannanefndarinnar.

**- sh, bj** / sjá síður 12, 16 & 18

## Pólitísk uppgjöf



„Mér finnst felast í þessari niðurstöðu pólitísk uppgjöf. Það er eins og þingmenn telji að hægt sé að gera upp flókin pólitísk álitaefni með útgáfu ákæru,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi utanríkisráðherra, um niðurstöðu meirihluta Alþingis um að höfða beri mál gegn Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra.

„Ég er þeirrar skoðunar að það hafi ekki átt að ákæra neinn, og þess vegna er alls ekki ásættanlegt að Alþingi hafi ákveðið að ákæra skuli Geir einan,“ segir Ingibjörg.



**Í BÍLABÍÓI** Ástarævintýrinu Cry-Baby var kastað á hvíta tjaldið í Flugskýli 3 á Reykjavíkurflugvelli í gærkvöldi. Uppákoman var á vegum kvikmyndahátíðarinnar RIFF sem hefur undanfarin ár sýnt klassískar myndir í bílabíói. Hátíðin í ár er engin undantekning og var klassísk mynd Johns Waters nú fyrir valinu. Uppselt var og nutu áhorfendur úr fimmtíu bílum herlegheitanna. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Stjórnvöld hafna gagnrýni:

## Hótunum vísað til föðurhúsanna

**SJÁVARÚTVEGUR** Íslensk stjórnvöld hafna endurtekinni gagnrýni og hótunum Maríu Damanaki, sjávarútvegsstjóra ESB, vegna makrílveiða.



TÓMAS H. HEIÐAR

Tómas H. Heiðar, formaður samninganefndar Íslands í makrílviðræðunum, segir að fullyrðingar Damanaki séu órökstuddar og fái ekki staðist. Hún gaf í skyn í ræðu nýlega að Íslendingar og Færeyingar bæru einir ábyrgð á því að heildarveiðar á makríl á þessu ári muni fyrirsjáanlega fara fram úr ráðlögðum heildarafla og hótar aðgerðum frá hendi ESB.

Hafrannsóknastofnun birti í gær endurmat úr rannsóknaleiðangri sem sýnir að 1,1 milljón tonna af makríl var innan íslensku lögsögunnar í sumar. Það er 400 þúsund tonnum meira en í fyrra mati.

**- shá** / sjá síðu 10

### veðrið í dag




**MIKIL RIGNING SYÐRA** fyrri partinn og austan til síðdegis, en skýjað með köflum og úrkomulítið N-lands. Fremur stíf suðaustanátt á landinu í dag. Hiti 10-15 stig.
VEÐUR 4

Forseti Úkraínu hamstraði lambakjöt og fiskmeti í bensínstoppi í Keflavík:

## Forsetaþotan fyllt af góðgæti

**UTANRÍKISVERSLUN** Viktor F. Janúkóvitsj, nýkjörinn forseti Úkraínu, gerði stuttan stans á Keflavíkurflugvelli nýlega er hann var á heimleið frá leiðtogafundi Sameinuðu þjóðanna í New York. Séríslenskt góðgæti virðist vel kynnt eystra því forsetinn gerði út menn til að hamstra íslenska matvöru og koma um borð í forsetavélina á meðan eldsneytistankarnir voru fylltir.

Alls keyptu sendisveinar hans um 100 kíló af matvöru. Þar bar mikið á saltsíld sem fengin var frá Kjartani í Sægreifanum við Geirsgötu og humri, ferskum og reyktum þorski, ýsu og lúðuflökum frá Fiskiprinsinum í Hlíðarsmára í Kópavogi. Eitthvað af Ora hunangssíld og hákarlalýsi fylgdi með. Forsetinn keypti jafnframt lambalæri og hrygg af nýslátruðu.

Utanríkisráðherra Úkraínu, Kostyantyn Grystsjenko, var hér á landi nýlega ásamt sendinefnd til að undirrita fríverslunarsamning milli EFTA og Úkraínu. Mun ráðherrann hafa hrifist mjög af íslensku smjöri og voru allnokkur kíló í farteski forsetans sérstaklega merkt Grystsjenko, samkvæmt upplýsingum blaðsins.

**- shá**

FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING
HEILSURÚM SJÁ TILBOÐ FRÁ RÚMGOTT Á BLS.13
VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM
www.rumgott.is • Sími 544 2121



Miðnætursprengja
Allar vörur á 20% afslætti
Einstakar undantekningar
Opið 10-24
byggtogbúið
568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni
facebook.com / byggt.og.buid




TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

## SPURNING DAGSINS



*Ólafur, lendir þú aldrei í því að týna bílnum?*

Jú, það gerðist nokkrum sinnum, en nú tek ég alltaf GPS-punkt á honum áður en ég legg af stað.

Ólafur Stefánsson, gullsmiður og veiðimaður, er til alls búinn í veiðina þar sem bíllinn hans er allur í felulitum.

Greiðsla úr þrotabúi Glitnis gæti haldið niðri gengi íslensku krónunnar:

# Byrja að borga á næsta ári

**VIÐSKIPTI** Greiðslur til kröfuhafa Glitnis gætu haldið niðri gengi íslensku krónunnar. Viðræður standa nú yfir á milli skilanefndar Glitnis og Seðlabanka Íslands, hvernig eigi að útfæra greiðslurnar.

Skilanefndin stefnir að því að greiða 35 prósent af handbæru fé til kröfuhafa undir lok næsta árs. Það eru 312 milljarðar króna. Þá er reiknað með að búið verði að greiða úr búinu árið 2019. Gangi það eftir verða ellefu ár liðin frá bankahruninu. Í gær voru tvö ár frá því Seðlabankinn tók yfir 75 prósenta hlut í Glitni.



**ÁRNI TÓMASSON** Viðræður standa nú yfir á milli skilanefndar Glitnis og Seðlabankans hvernig haga skuli greiðslum til kröfuhafa Glitnis. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fram kom á kynningarfundi skilanefndar Glitnis í gær að virði eigna bankans hafi numið 812 milljörðum króna í lok júní. Þar af er handbært fé 245 milljarðar. Tæpur fimmtungur, 47,9 milljarðar króna, liggur á innlánsreikningum hér og 9,7 milljarðar eru í ríkisskuldabréfum og sjóðum. Það sem út af stendur er geymt erlendis.

Árni Tómasson, formaður skilanefndar Glitnis, segir ýmsar uppgjörsleiðir ræddar; þar á meðal að greiða öllum kröfuhöfum, jafnt innlendum sem erlendum, með blöndu af handbæru fé, svo sem krónum. Hin leiðin væri að innlendir kröfuhafar fái greitt í krónum en erlendir í annarri mynt. - jab

Sekt yfir 300 þúsundum:

## Smyglmál sent til lögreglunnar

**LÖGREGLUMÁL** Smyglmálið sem upp kom í fyrradag, þegar tollgæslan veitti eftirför manni sem var með góss í bíl sínum hefur verið sent lögreglunni, að sögn Guðna Markúsar Sigmundssonar aðstoðaryfirtollvarðar. Það þýðir að sekt vegna brots mannsins nemur meira en 300 þúsundum króna, ella hefði tollgæslan lokið málinu.

Maðurinn sinnti ekki stöðvunarmerkjum tollvarða við Sundahöfn en lagði þess í stað á flótta. Akstur hans endaði með því að hann ók í veg fyrir strætisvagn. - jss



**VÖLDUNUM FLAGGAÐ** Kim Jong Il undir styttu af föður sínum, Kim Il Sung. NORDICPHOTOS/AFP

Valdaskipti undirbúin:

## Ekki búist við breyttri stefnu

**NORÐUR-KÓREA, AP** Varla er búist við því að utanríkisstefna Norður-Kóreu breytist mikið, þótt Kim Jong Il hafi gert yngsta son sinn að fjögurra stjörnu herforingja og þar með veitt honum lykilstöðu í valdaklíku landsins.

Norður-Kóreustjórn hefur ýmist boðið upp á viðræður og afvopnun, eða slitið viðræðum og hótað með kjarnorkuvopnum eftir því hverju hún vill ná fram á alþjóðavettvangi.

Helst er talið að stjórnin ætli að hafa hægt um sig út á við meðan Kim Jong Un er treystur í sessi inn á við. - gb

Rannsókn ESA lokið:

## Kaup fólu ekki í sér ríkisaðstoð

**VIÐSKIPTI** Kaup Faxaflóahafna á hlutabréfum í Dráttarbrautum Reykjavíkur og Stálsmiðjunni-Slippstöðinni (síðar Hafnarhús hf.) fólu ekki í sér ólöglega ríkisaðstoð, samkvæmt niðurstöðu ESA, eftirlitsstofnunar EFTA.

Samkvæmt tilkynningu ESA í gær er rannsókn á málinu lokið.

Athygli ESA var vakin á fjölda viðskipta sem tengdust Faxaflóahöfnum og dótturfélögum. „Eftirlitsstofnunin kvað á um, í ákvörðun 30. október 2009, að ekki fælist ríkisaðstoð í öðrum þáttum sem kvartað var undan,“ segir í tilkynningunni. - óká

# TR krefur erfingjana um ofgreiddan lífeyri

**Tryggingastofnun ríkisins vill að börn konu, sem lést fyrir tveimur árum, greiði 104 þúsund krónur sem hún á að hafa fengið ofgreiddar í ellilífeyri. Sýslumaður lauk skiptum á dánarbúinu í fyrra. TR segir skuldir látins fólks ekki hverfa.**

**FÓLK** „Þetta er einfaldlega svívirðilegt,“ segir Guðrún Lilja Benjamínsdóttir um greiðsluáskorun sem henni barst frá Tryggingastofnun ríkisins í síðustu viku.

Móðir Guðrúnar Lilju, systur hennar og tveggja bræðra lést í nóvember 2008. Dánarbú móðurinnar var gert upp um það bil ári síðar hjá Sýslumanninum í Kópavogi. Í síðustu viku barst systkinunum öllum greiðsluáskorun frá Sýslumanninum á Blönduósi fyrir hönd Tryggingastofnunar. Fram kemur að móðir þeirra hafi fengið ofgreiddar bætur frá TR og að systkinin sem erfingjar séu ábyrg fyrir skuldum dánarbús hennar. Þau eigi að greiða 104.763 krónur.

Systkinin eru afar ósátt við hina síðbúnu rukkun fyrir meintar ofgreiðslur til móður þeirra á árunum 2007 og 2008. Þau hafi fengið þær upplýsingar hjá TR að stofnunin hafi áður í tvígang sent innheimtubréf vegna skuldarinnar, það hafi verið gert í júlí 2008, nokkrum mánuðum áður en móðir þeirra lést, og í ágúst 2009. Systkinin segjast ekkert kannast við þessi fyrri innheimtubréf. Þau fengu hins vegar afrit af þeim frá Tryggingastofnun í gær.

„Þegar fyrra bréfið á að hafa verið sent var mamma enn þá á lífi og hún var nú þannig kona að hún skuldaði engum neitt,“ segir Guðrún Lilja sem kveðst afar undrandi á vinnubrögðunum. „Við gerðum upp dánarbúið fyrir tæpu ári. Slíkt á ekki að vera hægt að gera ef það liggja fyrir einhverjar óuppgerðar opinberar kröfur í búið.“

Guðrún Lilja segir systkinin munu greiða skuld móður sinnar. Þeim finnist málið hins vegar í meira lagi undarlegt. „Við getum alveg borgað en okkur finnst bara svo ósvífið hvernig staðið er að þessu. Kannski er bara verið að auka tekjur af fólkinu í Fossvoginum, það er að segja þeim sem hvíla í kirkjugarðinum. En að öllu gamni slepptu þá hlýtur þetta að kosta mikið umstang. Sýslumaðurinn í Kópavogi þarf að taka dánarbúið upp aftur því sennilega verður að endurreikna erfðafjárskattinn sem við vorum búin að borga.“

Hjá Tryggingastofnun ríkisins fengust þær upplýsingar að ef í ljós kemur að skjólstæðingar stofnunarinnar hafi fengið of háar greiðslur séu sendir uppgjörsseðlar fyrir því um sama leyti og skatturinn sendir frá sína álagningu árið eftir. Þótt bótaþegar andist og erfingjarnir geri upp dánarbúið hverfi slíkar skuldir ekki – nema þær séu gerðar upp.

gar@frettabladid.is



**GUÐRÚN LILJA BENJAMÍNSDÓTTIR** Móðir Guðrúnar Lilju lést 75 ára gömul eftir veikindi fyrir tæpum tveimur árum og hvílir nú við hlið eiginmanns síns í Fossvogskirkjugarði. Tryggingastofnun segir móðurina hafa fengið of háar greiðslur og vill að erfingjarnir endurgreiði þær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Þegar fyrra bréfið á að hafa verið sent var mamma enn þá á lífi og hún var nú þannig kona að hún skuldaði engum neitt
>
> GUÐRÚN LILJA BENJAMÍNSDÓTTIR

Hryðjuverkaárásir í Evrópu:

## Hættan sögð enn fyrir hendi

**BRETLAND, AP** Öryggis- og leyniþjónustustofnanir í Frakklandi, Þýskalandi, Bretlandi og víðar í Evrópu segja enn vera hættu á skipulögðum skotárásum með blóðbaði af svipuðu tagi og gerðar voru í Mumbaí á Indlandi fyrir tveimur árum.

Fyrir hálfum mánuði komst upp um áform af þessu tagi, en þau eru sögð hafa verið á byrjunarstigi.

„Þetta hefur tekið tíma okkar frekar en annað síðustu vikurnar, og hættan er enn fyrir hendi, en hún hefur þó ekki hringt það mörgum viðvörunarbjöllum að ástæða þyki til að herða öryggisviðbúnað okkar,“ sagði embættismaður bresku stjórnarinnar. - gb

Íslendingur í Venesúela:

## Slapp úr klóm mannræningja

**LÖGREGLUMÁL** Þrír menn reyndu að ræna flugvirkjanum Ellerti Ellertssyni í borginni Caracas í Venesúela á föstudaginn. Þetta kom fram í fréttum Ríkisútvarpsins í gær. Ellert, sem er flugvirki hjá Icelandair, kom til Caracas á föstudaginn en fyrirtækið er með þjónustusamning þar í landi. Þegar Ellert var kominn á flugvöllinn beið ekki bíll eftir honum eins og venja er. Eftir nokkra stund kom maður til Ellerts og sagðist vera bílstjórinn hans. Ellert hringdi þá í tengilið sinn og í kjölfarið settist hann upp í bílinn og þeir óku af stað. Tengiliðurinn hringdi stuttu seinna aftur í Ellert. Þá áttaði Ellert sig á því hvernig í pottinn var búið.

Ellert var þá þegar búinn að keyra í um tíu mínútur með mannræningjunum. Það varð honum til happs að aurskriða hafði fallið á veginn og bíllinn sat fastur í umferðarteppu. Ellert rauk út úr bílnum og heimtaði farangur sinn. Ellert lét lögregluna vita sem rannsakar málið.




LGG+ STYRKIR VARNIR LÍKAMANS

Fjöldi klínískra rannsókna hefur sýnt fram á virkni LGG+ gerla. Þeir hafa margvísleg jákvæð áhrif á varnir líkamans og hafa m.a. jákvæð áhrif á meltingarveginn og styrkja ónæmiskerfið.

www.ms.is/lgg

HVITA HUSID/SIA – 09-0984


Íbúar Evrópuríkja mótmæla aðhaldsaðgerðum stjórnvalda:

# Mótmæli úti um alla Evrópu

**BELGÍA, AP** Íbúar víðs vegar í Evrópuríkjum lögðu niður vinnu og flykktust út á götur í gær í samhæfðum mótmælum gegn aðhaldsaðgerðum stjórnvalda.

Á Grikklandi gengu til dæmis læknar og járnbrautarstarfsfólk úr vinnu, á Spáni lögðust almenningssamgöngur niður, og á Írlandi lokaði einn maður innganginum að þjóðþingi landsins með því að leggja steypubíl þvert fyrir dyrnar.

Alls staðar var fólk að mótmæla niðurskurði ríkisútgjalda, skattahækkunum og takmörkunum lífeyrisréttinda sem stjórnvöld í hverju ríki hafa gripið til í því skyni að hafa hemil á ríkisfjármálum.

Í Brussel, höfuðborg Belgíu, streymdu tugir þúsunda út á götur, og átti fólk von á því að um hundrað þúsund manns myndu taka þátt í fjöldagöngu að höfuðstöðvum Evrópusambandsins.

Þetta gerðist meðan framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sat á fundi og samþykkti refsiaðgerðir gegn aðildarríkjum sem hafa leyft sér að fara of mikið fram úr ríkisfjárlögum, í því skyni einkum að fjármagna félagslegar aðgerðir á tímum óvenjulega mikils atvinnuleysis. - gb



**BARIÐ Á MÓTMÆLENDUM** Þessi lögregluþjónn á Spáni beitti kylfunni óspart. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


Kringlan
Vertu vinur Kringlunnar á Facebook,
þú gætir unnið 150.000 kr. gjafakort!
MIÐNÆTUR
SPRENGJA
Verslanir opnar til tólf. Glæsileg tilboð og frábær skemmtiatriði.
· 16–19 Kaffi í boði Kaffitárs og konfekt frá Nóa Síríus
· 20–22 Nude Magazine leitar að næsta forsíðumódeli
· 20–22 Matarkynning Rikku í Hagkaupum
· 20–22 Úrval Útsýn kynnir „Ný og betri“ ævintýraferðir
· 20.30 Helgi Björns tekur lagið
· 21.00 Stórglæsileg tískusýning þar sem þú færð að sjá allt það flottasta úr tísku vetrarins
· 22.00 Sigríður Thorlacius heillar gesti með fallegum söng
Plötusnúður spilar ljúfa tónlist allt kvöldið
Aðeins
þennan eina dag
10–70%
afsláttur
Kynntu þér frábær tilboð
frá yfir 50 verslunum
í auglýsingu aftar
í blaðinu!
Mán til mið 10–18.30, fim 10–21, fös 10–19, lau 10–18, sun 13–18 | Sími 517 9000 | www.kringlan.is
Komdu í heimsókn

## GENGIÐ 29.09.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 113,28 | 113,82 |
| Sterlingspund | 179,04 | 179,92 |
| Evra | 154,15 | 155,01 |
| Dönsk króna | 20,684 | 20,806 |
| Norsk króna | 19,353 | 19,467 |
| Sænsk króna | 16,845 | 16,943 |
| Japanskt jen | 1,3532 | 1,3612 |
| SDR | 175,80 | 176,84 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
206,8996

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ráðuneytin keyptu þjónustu og ráðgjöf fyrir 3,4 milljarða á þriggja ára tímabili:

# Mest fór til mennta- og menningarmála

**ALÞINGI** Kostnaður við aðkeypta þjónustu, ráðgjöf og sérverkefni á vegum ráðuneyta á tímabilinu maí 2007 til maí 2010 nam rúmum 3,4 milljörðum króna.

Þetta kemur fram í svari forsætisráðherra við fyrirspurn Óla Björns Kárasonar Sjálfstæðisflokki. Óli er varaþingmaður og sat á þingi í sumar.

Óli vildi líka vita um umfang aðkeyptrar þjónustu af núverandi og fyrrverandi starfsmönnum og kennurum háskólanna. Sú fjárhæð nam rúmum 133 milljónum. Þar vegur hlutur forsætisráðuneytisins þyngst; það keypti þjónustu af háskólafólki fyrir rúmar 37 milljónir. Stærstu einstöku þjónustukaupin, 30 milljónir, eru vegna rannsóknar á efnhagslífinu sem Rannsóknarþjónusta Háskólans í Reykjavík hefur unnið.

- bþs

### Aðkeypt þjónusta og ráðgjöf ráðuneyta

**Á tímabilinu maí 2007 til maí 2010**

| | |
|---|---|
| Forsætisráðuneytið | 534.840.134* |
| Dómsmála- og mannréttindar. | 213.459.966 |
| Efnahags- og viðskiptar. | 92.065.554 |
| Félags- og tryggingamálar. | 114.593.804 |
| Fjármálaráðuneytið | 599.769.922 |
| Heilbrigðisráðuneytið | 567.641.811 |
| Iðnaðarráðuneytið | 38.773.130 |
| Mennta- og menningarmálar. | 938.210.763 |
| Samgöngu- og sveitarstjórnar. | 130.263.735 |
| Sjávarútvegs- og landbúnaðar. | 66.781.314 |
| Umhverfisráðuneytið | 27.627.934 |
| Utanríkisráðuneytið | 82.072.907 |
| Samtals | 3.406.100.974 |

*Í tilviki forsætisráðuneytisins eru tæpar 310 milljónir sameiginlegur kostnaður ráðuneytanna í tengslum við efnahags- og bankahrunið 2008.



**KAUPMANNAHÖFN** Viðhorf Dana gegn íslam hefur lítið breyst eftir skopmyndamálið. NORDICPHOTOS/AFP

Fimm ár frá skopmyndamáli:

## Danir neikvæðari gegn íslam

**KAUPMANNAHÖFN** Fimmti hver Dani segist hafa orðið neikvæðari gagnvart íslam eftir hin harkalegu viðbrögð við birtingu skopmynda af Múhameð í Jótlandspóstinum fyrir réttum fimm árum. Þetta kemur fram í könnun sem gerð var fyrir Ritzau-fréttaveituna þar í landi.

Eitt prósent segist jákvæðara gagnvart íslam eftir skopmyndamálið, en 76 prósent segja viðhorf sitt ekki hafa breyst.

Sagnfræðingur sem Ritzau ræddi við sagðist ekki viss um að skopmyndamálið hefði eitt og sér þessi áhrif. Umræðunni í Danmörku hafi verið stýrt af ýmsum öflum þar í landi og skopmyndamálið mögulega notað sem eftiráskýring.

-þj

### LÖGREGLUMÁL

#### Sparkaði og klóraði

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu hefur ákært konu fyrir að ráðast á aðra konu á skemmtistað í Hafnarfirði, hrinda henni niður stiga, sparka í hana og klóra í andlit og auga. Fórnarlambið krefst rúmlega 500 þúsunda króna í miskabætur.

#### Sparkaði í lögreglumann

Ríkissaksóknari hefur ákært karlmann á fimmtugsaldri fyrir að sparka fyrr á árinu í brjóstkassa lögreglumanns við skemmtistað í Grindavík. Lögreglumaðurinn var þar við skyldustörf.

# Höfuðpaurinn talinn hafa hirt féð sem svikið var út

**Maðurinn sem handtekinn var í Venesúela í vikunni er talinn hafa fengið í hendur þær 270 milljónir sem sviknar voru út í virðisaukaskattsmálinu sem kom upp fyrir skömmu. Maðurinn er talinn vera höfuðpaurinn.**

**LÖGREGLUMÁL** Steingrímur Þór Ólafsson, sem handtekinn var í Venesúela á mánudag, er grunaður um að hafa fengið í hendur þær 270 milljónir króna, sem sviknar voru út í virðisaukaskattsmálinu, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Rannsókn lögreglu beinist meðal annars að því hvort hann hafi skipulagt fjársvikin.

Í húsleit sem lögregla gerði samhliða handtöku sex einstaklinga, tveggja kvenna og fjögurra karlmanna, fundust 500 þúsund krónur í peningum og á tólfta kíló af hassi. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins fundust fíkniefnin og fjármunirnir heima hjá pari sem nú situr í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar á fjársvikamálinu. Talið er að Steingrímur hafi átt efnin.

Steingrímur hvarf héðan af landi brott rétt áður en upp komst um virðisaukaskattsvikin og handtökurnar fóru fram. Alþjóðadeild hjá embætti ríkislögreglustjóra lýsti eftir honum að fenginni ákvörðun dómsmálaráðuneytisins og að beiðni lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Hjá Interpol var hann eftirlýstur vegna gruns um eiturlyfjasmygl, skjalafals, peningaþvætti og skattsvik, að því er fram kemur á vef lögreglunnar í Venesúela.

Steingrímur var handtekinn á Santiagó Marínó flugvelli á eyjunni Margarita, þegar hann ætlaði að fara þaðan til Frankfurt í Þýskalandi. Hann hafði þá dvalið í Venesúela í fimmtán daga. Fjölmiðlar þar í landi sögðu frá handtöku Steingríms, birtu nafn hans og myndir af honum. Hann er 36 ára að aldri. Virðisaukaskattsvikin fóru fram í nafni tveggja félaga, H94 ehf. og Ólafsson heildverslunar.

Smári Sigurðsson hjá alþjóðadeild ríkislögreglustjóra segir ómögulegt að segja hversu langan tíma taki að fá manninn framseldan frá Venesúela, en miðað við hve vel samskipti lögregluyfirvalda landanna hafi gengið eigi hann ekki von á því að það taki langan tíma. Maðurinn situr nú í gæsluvarðhaldi ytra, að sögn Smára, og munu lögreglumenn frá embætti ríkislögreglustjóra sækja hann þegar þar að kemur.

Gæsluvarðhald yfir fimm manns, þremur körlum og tveimur konum var framlengt til 8. október í gær. Áður hafði gæsluvarðhald yfir starfsmanni hjá Ríkisskattstjóra verið framlengt til sama tíma.

jss@frettabladid.is
trausti@frettabladid.is



**GÆSLUVARÐHALD** Einn af fimm manns sem voru leiddir fyrir dómara í gær vegna kröfu lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu um framlengingu á gæsluvarðhaldi. FRETTABLADID/VALLI




**Í HÖNDUM LÖGREGLU** Steingrímur handtekinn í Venesúela. MYND/LÖGREGLAN Í VENESÚELA

### Hafnar öllum ásökunum

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, lögmaður Steingríms, segir að skjólstæðingur hans vísi á bug öllum ásökunum sem á hann eru bornar. Hann hafi verið í Þýskalandi í viðskiptaferð og farið þaðan til Venesúela í frí. Hann hafni því alfarið að tengjast skattsvikamálinu hér heima.

Vilhjálmur segir Steingrím hafa reynt að semja um það við lögregluna hér á landi að handtökuskipun á hendur honum yrði aflétt, svo hann kæmist rakleiðis til Íslands. Hann hafi verið á leið heim frá Venesúela í gegnum Þýskaland þegar hann var handtekinn á flugvellinum, en nú sé alls óvíst hversu langan tíma það taki að fá hann framseldan til Íslands.




## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**HELLIDEMBUR**
Það verður áfram vætusamt sunnan- og suðaustanlands og horfur á hvassri austanátt við suðausturströndina á morgun og hinn. Norðan til verður veður öllu skárra en þar verður yfirleitt úrkomulítið og vindur heldur hægari en syðra.




**Á MORGUN** 10-20 m/s sunnan til, annars hægari.

**LAUGARDAGUR** Víða stíf austanátt, hvassast syðst.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 27° |
| Basel | 15° |
| Berlín | 12° |
| Billund | 13° |
| Frankfurt | 16° |
| Friedrichshafen | 16° |
| Gautaborg | 13° |
| Kaupmannahöfn | 13° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 17° |
| Mallorca | 28° |
| New York | 26° |
| Orlando | 31° |
| Ósló | 12° |
| París | 18° |
| San Francisco | 17° |
| Stokkhólmur | 13° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Sigmundur Halldórsson *sigmundur@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*




## Gakktu með í klukkustund laugardaginn 2. október

Landssöfnun Rauða kross Íslands gerir félaginu kleift að byggja athvörf í Malaví fyrir börn sem eiga um sárt að binda vegna alnæmis, gefa þeim eina heita máltíð á dag og veita þeim fræðslu. Í Síerra Leóne aðstoðar Rauði krossinn stríðshrjáð börn, endurhæfir barnahermenn og veitir þeim tækifæri til að losna úr viðjum borgarastyrjaldar. **Okkur vantar 3000 sjálfboðaliða til að ganga í klukkustund og ná þannig til allra heimila á landinu.**

göngum til góðs
Rauði kross Íslands

Skrefin til góðs eru einföld:

1. **Mættu á söfnunarstöð í þínu hverfi á laugardaginn**
   Taktu einhvern með þér – það er miklu skemmtilegra!
2. **Þar færðu bauk og götu til að ganga í**
   Gerðu ráð fyrir u.þ.b. klukkutíma
3. **Þú skilar bauknum á söfnunarstöðina**
   – og líður miklu betur eftir góðverk dagsins!

**Skráðu þig á raudikrossinn.is**

Íslandsbanki

*Hvetur Íslendinga til að ganga til góðs*

**KJÖRKASSINN**



*Ert þú sátt(ur) við þá ákvörðun Alþingis að ákæra skuli Geir H. Haarde fyrir landsdómi?*

| | |
|---|---|
| Já | 42,6% |
| Nei | 57,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Er réttlætanlegt að loka á aðra en göngufólk um Vonarskarð í Vatnajökulsþjóðgarði?*

Segðu þína skoðun á vísir.is

Vísir

Evrópuáætlun ýtir undir lánveitingar til smærri og meðalstórra fyrirtækja:

# Ábyrgjast allt að fjórðungi láns

**IÐNAÐUR** Íslenskir bankar hafa ekki enn sýnt áhuga á áætlun Evrópusambandsins (ESB) þar sem boðin er trygging á hluta lántöku smærri og meðalstórra fyrirtækja. Samkeppnis- og nýsköpunaráætlun sambandsins er til umræðu á ráðstefnu á Grand Hótel Reykjavík í dag. Smá og meðalstór fyrirtæki teljast þau sem eru með minna en 250 starfsmenn og velta innan við 50 milljónum evra (rúmum 7,7 milljörðum króna).

Hanna Dóra Hólm Másdóttir, deildarsérfræðingur á skrifstofu nýsköpunar og þróunar í iðnaðarráðuneytinu, segir fjölda fjármálafyrirtækja í Evrópu hafa séð sér hag í að taka þátt í verkefninu, en það hafi verið opið íslenskum bönkum frá því sumarið 2007. „Líklega hafa þeir bara verið uppteknir við að vinna úr margvíslegum vanda öðrum," segir hún, en bætir um leið við að skortur á lánsfjármagni sé eitt af því sem helst hafi hamlað vexti fyrirtækja. Því sé varla nema jákvætt ef banki telji fyrirtæki skorta veð að ESB sé þá tilbúið að leggja til ábyrgð fyrir allt að fjórðungi lánsins.

ESB leggur tæpa 560 milljarða króna til áætlunarinnar. **- óká**



**TIMO SUMMA** Yfirmaður sendinefndar ESB á Íslandi heldur ávarp á ráðstefnu um fjármögnunarleiðir fyrirtækja. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Brennuvargur í Árósum:

# 14 ára settur í gæsluvarðhald

**ÁRÓSAR** Fjórtán ára drengur var úrskurðaður í fjögurra vikna gæsluvarðhald af dómara í Árósum í Danmörku þar sem hann er grunaður um að hafa staðið fyrir fjölmörgum íkveikjum í borginni ásamt 15 ára félaga sínum sem einnig fer í gæsluvarðhald.

Yngri drengurinn er yngsti einstaklingurinn sem setið hefur í gæsluvarðhaldi í Danmörku, en þar var sakhæfisaldur lækkaður niður í 14 ár í sumar.

Drengirnir og verjendur þeirra íhuga að áfrýja dómnum. **- þj**






# Þriðju endurskoðun lokið hjá stjórn AGS

**Stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins samþykkti í gær þriðju endurskoðun efnahagsáætlunar ríkisins. Með samþykktinni stendur ríkinu til boða 19 milljarða króna lánafyrirgreiðsla. Afrakstur aðhalds sem þörf hefði verið á fyrr, segir ráðherra.**

**EFNAHAGSMÁL** Þriðja endurskoðun efnahagsáætlunar Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) var tekin fyrir og samþykkt í stjórn sjóðsins í gær.

Eftir samþykktina stendur íslenskum stjórnvöldum til boða lánafyrirgreiðsla sjóðsins að jafngildi 19 milljarða króna, að því er fram kemur í tilkynningu efnahags- og viðskiptaráðuneytisins. Að auki er gert ráð fyrir lánum frá Póllandi og Norðurlandaþjóðum.

Með samþykktinni nálgast miðbik efnahagsáætlunarinnar, sem alls verður endurskoðuð sjö sinnum. Í uppfærðri viljayfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur fram að stefnan leggi grunninn að endurreisn hagkerfisins og að umtalsverður árangur hafi náðst frá hruni. „Aukið jafnvægi í ríkisfjármálum hefur sýnt sig í vaxandi trausti, sterkara gengi krónunnar og meiri stöðugleika hagkerfisins frá lokum ársins 2009," segir þar.



**ÁRNI PÁLL ÁRNASON**

Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, segir ekkert upp á stjórnvöld að klaga í framkvæmd áætlunarinnar. „Allar áætlanir hafa staðist hvað varðar ríkisútgjöld, jafnt á tekju- og gjaldahlið," segir Árni Páll. Þá sé efnahagsáætlunin ekki heldur byggð á óraunhæfum væntingum um tekjustreymi. „Þessi mynd teiknast óvíða upp í heiminum þar sem lönd hafa lent í erfiðleikum," segir hann. „Við höfum frá upphafi kosið að vinna þetta af fagmennsku og ábyrgð og það skilar aukinni tiltrú."

Óskyld mál á borð við Icesave segir Árni vissulega hafa þvælst fyrir á einhverjum tímapunkti. Sú deila sé hins vegar í farvegi og ríkið tilbúið að leysa hana með sanngjörnum samningum. „Og þá sjá allir að ekki er ástæða til annars en að við njótum sannmælis í samræmi við þann árangur."



**Á KYNNINGARFUNDI** Franek Rozwadowski og Mark Flanagan, fulltrúar AGS á fundi í júní. Þeir sitja fyrir svörum um framvindu efnahagsáætlunar ríkisins þegar AGS hefur gefið út öll skjöl varðandi þriðju endurskoðun hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

> Við höfum frá upphafi kosið að vinna þetta af fagmennsku og ábyrgð og það skilar aukinni tiltrú
>
> **ÁRNI PÁLL ÁRNASON**
> EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTARÁÐHERRA

Um leið segir Árni Páll mikilvægt að undirstrika að hefði ekki verið farið í þessa vinnu með AGS þá hefði þurft að grípa til meiri skattahækkana og meiri niðurskurðar í ríkisútgjöldum, sem aftur hefði stórskaðað velferðarþjónustuna.

Þá segir Árni Páll samstarfið við AGS sýna mikilvægi þess að vinna með færustu sérfræðingum sem hafi sjálfstæða skoðun á málum. „Það er kannski sá agi sem í gegn um tíðina hefur skort í íslenskri stjórnsýslu og efnahagslífi. Ég held að ekki hafi verið neinum hollt að vera ekki undir reglubundnum aga í aðdraganda hrunsins og reglubundnum samskiptum við færustu sérfræðinga. Við höfum tekið þessu fagnandi og byggt allar áætlanir á raunsæjum forsendum. Það er að skila sér og hefði betur verið gert fyrir hrun líka."

**olikr@frettabladid.is**




Ferðamálastofa

## Nafn óskast!

**Ferðamálastofa, í samvinnu við Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Samtök ferðaþjónustunnar og Ferðamálasamtök Íslands, efnir til samkeppni um nafn á nýju gæða- og umhverfiskerfi fyrir íslenska ferðaþjónustu. Nafnið skal vera á íslensku og lýsandi fyrir verkefnið en jafnframt þjált í framburði á alþjóðavettvangi.**

Vinningshafi hlýtur í verðlaun 100.000.- kr. Ferðamálastofa áskilur sér óskoraðan rétt til að nota það nafn sem hlutskarpast verður án þess að til komi aðrar greiðslur en verðlaunaféð.

Ef fleiri en einn aðili eiga sömu tillögu verður vinningshafinn dreginn út.

Keppnin er öllum opin og frestur til að skila inn tillögum er til 18. október 2010.

Tillögum skal skila, í lokuðu umslagi merktu dulnefni, til Ferðamálastofu, Geirsgötu 9, 101 Reykjavík. Í umslaginu skal vera annað lokað umslag með réttu nafni þátttakanda, heimilisfangi og símanúmeri.

Nánari upplýsingar um verkefnið fást á www.ferdamalastofa.is og hjá Öldu Þrastardóttur, alda@icetourist.is.

Ferðamálastofa, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Samtök ferðaþjónustunnar og Ferðamálasamtök Íslands hafa um nokkurt skeið unnið að samræmdu gæða- og umhverfiskerfi sem fyrirhugað er að innleiða á komandi misserum. Meginmarkmið kerfisins er að auka og efla gæði í ferðaþjónustu á Íslandi með faglegri handleiðslu og byggja upp samfélagslega ábyrgð ferðaþjónustufyrirtækja hér á landi.

FERÐAMÁLASAMTÖK ÍSLANDS

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

SAF


Fulltrúi AGS segir árangur Íslands tilkomumikinn og sýna getu til að bregðast við:

# Fleira rætt en efnahagsáætlunin

**EFNAHAGSMÁL** „Þessari endurskoðun var lokið á áætlun og við gerum ráð fyrir að halda áætlun í framvindu efnahagsáætlunarinnar," segir Franek Rozwadowski, fulltrúi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) á Íslandi. Hann segir samþykkt endurskoðunar efnahagsáætlunar stjórnvalda og AGS í stjórn sjóðsins sýna að Ísland sé enn á batavegi.

„Í grunninn hefur árangurinn verið tilkomumikill, hann endurspeglar öfluga stefnumörkun og sveigjanleika í að bregðast við breyttum aðstæðum. Verðbólga er á niðurleið og útlit fyrir að hagvöxtur taki við sér á ný þrátt fyrir mótbyr í efnahagslífinu," segir Franek Rozwadowski.



**FRANEK ROZWADOWSKI**

Samkvæmt núverandi framgöngu áætlunarinnar er gert ráð fyrir að henni ljúki í ágúst 2011. „Þetta var þriðja endurskoðunin og svo verður ein í hverjum ársfjórðungi fram til loka áætlunarinnar."

Auk þess að fjalla um efnahagsáætlun Íslands fjallaði stjórn AGS líka um reglubundið yfirlit efnahagsmála í samræmi við reglugerð fjögur (Article IV) hjá sjóðnum. „Það er fjallað um stöðu efnahagslífs þjóða á breiðum grundvelli og komið fram með almennar ábendingar og athugasemdir," segir Rozwadowski. Slík umfjöllun fer fram annað hvert ár hjá þjóðum sem vinna efnahagsáætlun undir væng AGS, en er árviss hjá öðrum aðildarríkjum sjóðsins.

„Við gerum ráð fyrir því að skýrsla starfsliðs sjóðsins verði gefin út næsta mánudag, ásamt völdum skrifum þar sem ýmsar hliðar íslensks efnahagslífs verða greindar," segir Rozwadowski. **- óká**


## FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...

# Ódýrt í matinn
## tökum slátur!



ÓDÝRT OG GOTT!
Keppurinn á ca. 85 kr.

# SLÁTUR MARKAÐUR

*ferskt daglega!*

í Hagkaup Skeifunni
til og með 27. október.

Afgreitt frá kl. 14 - 18*

* Alla daga nema mánudaga og sunnudaga meðan birgðir endast

# ÓDÝRT Í HAGKAUP SKEIFUNNI

## Nautakjöt og grísakjöt í magnpakkningum

ÍSLANDS NAUT




ÍSLANDS GRÍS




### ½ Ungnautaskrokkur

VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI*

Ca. 60-80 kg kjöt
Lund
File
Innralæri (roast beef)
Ribeye
Stroganoff ca. 4 kg
Snitsel ca. 6 kg
Gúllas ca. 6 kg
Hamborgarar 100x100 gr stk
Hakk ca. 28 kg

**1498kr/kg**

Aðeins í Skeifunni

### Nautakassi 1

Hakk ca. 4 kg
Hamborgarar
20x100 gr stk
Gúllas ca. 2 kg
Snitsel ca. 2 kg

**1449kr/kg**

Aðeins í Skeifunni

### Nautakassi 2

Hakk ca. 3 kg
Hamborgarar
20x100 gr stk
Innralæri (roast beef)
ca. 2,5-3 kg kg
File ca. 2 kg

**1749kr/kg**

Aðeins í Skeifunni

### ½ Grísakjöt

Rifjasteikur 2 stk. 2,5-3 kg
Hnakkasneiðar ca. 1,5-2 kg
Kótelettur 4-5 kg
Bayonne skinka 1,5-2 kg
Bógur 2,5-3 kg
Hakk 4-5 kg
Steikur í neti úr læri
2 stk. x 3,5-4 kg

**949kr/kg**

Aðeins í Skeifunni

*Lánið ber 3% lántökugjald.

24 Hagkaup
**OPIÐ**
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvar fannst klifurlína sem talið er að geti verið frá Þjóðverjum sem týndust árið 2007?*
2. *Hver elti jeppa sem lenti í árekstri við strætisvagn að morgni síðasta þriðjudags?*
3. *Hvað heitir framkvæmdastjóri kvikmyndahátíðarinnar RIFF?*

**SVÖR**

1. *Í vesturhlíð Hvannadalshnjúks.* 2. *Tollgæslan.* 3. *Hrönn Marinósdóttir.*

Rannsókn á ólöglegu samráði Haga og kjötframleiðenda ekki lokið:

# Kjötframleiðendur rannsakaðir áfram

**NEYTENDUR** Máli Haga og átta kjötframleiðenda, sem fyrirtækið hefur játað að hafa haft ólöglegt samráð við um verðlagningu á kjöti, er ekki lokið, að sögn Páls Gunnars Pálssonar, forstjóra Samkeppniseftirlitsins.

„Ég vil ekki á þessu stigi leggja mat á alvarleika málsins, enda er málinu ekki lokið gagnvart kjötvinnslufyrirtækjum sem til rannsóknar eru,“ segir Páll. „Almennt má segja að fjárhæð sekta ráðist meðal annars af alvarleika máls, stærð fyrirtækja og ætluðum varnaðaráhrifum.“

Hagar féllust á að borga 270 milljóna sekt fyrir brot sín. Einnig verður hætt að taka við forverðmerktum kjötvörur í verslanir fyrirtækisins á næsta ári.

„Tíminn þangað til verður að líkindum nýttur af hálfu Haga til þess að útfæra hvernig staðið verði að verðmerkingum í búðum,“ segir Páll. „Til þess eru fleiri en ein leið fær innan ramma neytendalöggjafar, en Samkeppniseftirlitið mun ekki útfæra í smáatriðum hvaða leið verður valin.“

Auðjón Guðmundsson, markaðsstjóri Kjarnafæðis sem er eitt af þeim átta fyrirtækjum sem enn eru til rannsóknar, furðar sig á ávirðingunum og segir athyglisvert að ekki hafi verið lögð fram beiðni um breytt vinnubrögð til að byrja með. Hann reiknar ekki með því að Kjarnafæði fái sekt frá Samkeppniseftirlitinu og segist ekki hafa gert sér grein fyrir því að í forverðmerkingum felist brot á samkeppnislögum. - sv



**PÁLL GUNNAR PÁLSSON** Forstjóri Samkeppniseftirlitsins segir kjötframleiðendurna átta enn til rannsóknar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

LYFJA
– Lifið heil

Flux flúormunnskol
– fyrir alla fjölskylduna




Flux fluormunnskol 500 ml
~~Verð: 1.209 kr.~~ Verð nú: 967 kr.
Flux junior munnskol fyrir börn 250 ml
~~Verð: 829 kr.~~ Verð: 663 kr.
20% afsláttur*
*gildir til 15 okt.

www.lyfja.is
Lægra verð í Lyfju
ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 51319 09/10



**LANDAMÆRAHLIÐIÐ VIÐ EREZ** Baráttan við ísraelska landamæraverði og herforingja líktist helst atburðum úr skáldsögu eftir Kafka, segir Sveinn Rúnar. NORDICPHOTOS/AFP

# Urðu frá að hverfa í gær

## Íslenskir stoðtækjafræðingar ætla fljótlega að gera aðra tilraun til að komast yfir á Gasa. Sveinn Rúnar Hauksson læknir reynir að fara einn yfir á morgun.

**PALESTÍNA** „Það er erfitt að gera nokkrar áætlanir þar sem hernámsveldi stjórnar ferðum fólks og jafnvel duttlungar byssufólksins ráða,“ segir Sveinn Rúnar Hauksson læknir, sem varð að hverfa frá landamærum Gasasvæðisins í gær ásamt hópi Íslendinga, sem hugðust færa fötluðum íbúum þar gervifætur.

Sveinn Rúnar var kominn til Galíleu þegar Fréttablaðið náði tali af honum og dvaldist hjá vinum sínum ekki langt frá Nasaret. Hinir í hópnum voru nýkomnir í loftið á leið til Frankfurt í Þýskalandi, þaðan sem ferðinni var heitið áfram, ýmist til Íslands, Svíþjóðar eða Suður-Afríku.

„Það er ekkert annað en hryllingur að þetta skuli hafa verið eyðilagt fyrir okkur,“ segir hann og líkir langri og flókinni baráttu hópsins við landamæraverði, herforingja og skriffinna ísraelska hersins við atburði úr skáldsögum eftir Kafka.

Sú barátta hófst fyrir ári, í september árið 2009, þegar Sigrún Þorgeirsdóttir verkefnisstjóri hóf bréfaskriftir við skrifstofu ísraelska hersins í Erez, en Erez er „hliðið að risafangelsinu á Gasaströnd og herinn stjórnar því hverjir fá að koma og fara. Að nafninu til, því yfir þeim vakir leyniþjónustan Shin Bet, sem skoðar hverja umsókn.“

Fjórum mánuðum síðar fékkst leyfi fyrir fimm manns að fara yfir til að smíða gervifætur á fólk, en áfram þurfti að bíða þangað til í maí eftir öðru leyfi til að fara með efnið í gervifæturna yfir landamærin. Hópurinn hafði ekki tök á því að fara fyrr en nú í september, en þá biðu hans frekari hindranir.



**SVEINN RÚNAR HAUKSSON**

„Í gærmorgun héldum við að allt væri komið á hreint og fórum á fætur klukkan hálfsex til að vera örugglega fyrstir að landamærunum, en þá voru bara fundnar upp nýjar reglur. Við vorum þarna allan daginn og ekkert gekk, en þá þurftu stoðtækjasmiðirnir að fara til síns heima. Þeir voru búnir að bíða í viku.“

Stoðtækjafræðingarnir eru samt fullir bjartsýni og stefna að því að fara fljótt aftur. „Þeir ákváðu að skilja efnið eftir í Tel Aviv þannig að þegar þeir koma aftur þá er efnið þó að minnsta kosti komið í gegn.“

Sjálfur ætlar Sveinn Rúnar að gera tilraun til að komast yfir á Gasa á morgun, einn síns liðs, og ætlar þá að hitta fólk sem hann hefur verið í samskiptum við. Hann hefur fengið vilyrði frá hernum um að komast yfir, en treystir þó engu fyrr en á reynir.

„Ég ætla bæði sem læknir að halda áfram að fylgjast með þróun heilsugæslu og sjúkrahúsa þarna, ekki síst með tilliti til geðrænna vandamála. Svo ætla ég líka að eiga viðtöl við þá sem fengu gervifætur í fyrra, sjá og heyra hvernig hefur gengið hjá þeim.“

**gudsteinn@frettabladid.is**

landsbankinn.is/fjarhagur
Blogg og hljóðpistlar um fjármál.

Námskeið um réttindi lífeyrisþega

Landsbankinn kynnir röð fjármálanámskeiða fyrir almenning undir yfirskriftinni **Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld**. Markmið þeirra er að auðvelda fólki að öðlast betri yfirsýn yfir fjármálin. Á næstu fjármálakvöldum verður námskeið um réttindi lífeyrisþega.

**Næstu námskeið**

**30. september kl. 20**
Útibúið í Keflavík, Hafnargötu 57
**Örfá sæti laus**

**7. október kl. 20**
Félagsmiðstöðin Hlymsdalir
Miðvangi 6, Egilsstöðum

**14. október kl. 20**
Útibúið á Laugavegi 77

**21. október kl. 20**
Útibúið á Akranesi, Þjóðbraut 1

**Skráning og nánari upplýsingar á landsbankinn.is og í síma 410 4000.**

**Allir velkomnir.**



FJÁRMÁLARÁÐGJÖF | landsbankinn.is | 410 4000
Landsbankinn
NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.
ENNEMM / SÍA / NM43786

FYRIR 229 KRÓNUR FÆRÐ ÞÚ:
TERTUSNEIÐ Í BAKARÍI
EÐA
FRÁBÆRA SKEMMTUN Í HEILAN SÓLARHRING FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
skemmtilegri
Stöð 2, Stöð 2 Bíó og Stöð 2 Extra kosta aðeins 229 krónur á dag í Stöð 2 Vild. Tryggðu þér áskrift í dag!

# nettó

*Ódýrt fyrir heimilið!*



**I/2 LAMBASKROKKUR**
ÓDÝRT FYRIR HEILIMIÐ
FROSINN
**798** KR/KG
ÁÐUR 998 KR/KG



**NAUTAINNRALÆRI**
FERSKT ÓKRYDDAÐ
**1.999** KR/KG
ÁÐUR 2.698 KR/KG

**NAUTA-MÍNÚTUSTEIK**




46% afsláttur
**1.989** KR/KG
ÁÐUR 3.649 KR/KG



**NAUTAGÚLLAS**
FERSKT
**1.590** KR/KG
ÁÐUR I.798 KR/KG

**KALKÚNA-GRILLSNEIÐAR**




25% afsláttur
**1.199** KR/KG
ÁÐUR I.599 KR/KG

**EPLA- EÐA APPELSÍNUSAFI**
I,5 L




**199** KR/STK.
ÁÐUR 249 KR/STK.



30% afsláttur
**BEIKON**
**1.154** KR/KG
ÁÐUR I.649 KR/KG



30% afsláttur
**KJÖTBÚÐINGUR**
**594** KR/KG
ÁÐUR 849 KR/KG



30% afsláttur
**LAMBASALTKJÖT**
BLANDAÐ I.FL
**1.049** KR/KG
ÁÐUR I.498 KR/KG



30% afsláttur
KJÖTSEL
**GRÍSASNITSEL**
Í RASPI
**1.259** KR/KG
ÁÐUR I.798 KR/KG

**VANILLU- EÐA SÚKKULAÐIÍS**
ÓDÝRT FYRIR HEIMILIÐ
**199** KR/PK.
ÁÐUR 259 KR/PK.




## SPARPERUR Í MIKLU ÚRVALI

ERT ÞÚ BÚINN AÐ SKIPTA YFIR?

X-TRA SPARPERUR
2 STK. Í PAKKA
**998** KR/PK.
**1.098** KR/PK.



**PLÓMUR**
750 G ASKJA



50% afsláttur
**189** KR/PK.
ÁÐUR 379 KR/PK.

markhonnun.is

**Hveiti**
2 kg
**189**
kr/pk.




**Kakómalt**
1 kg
**498**
kr/pk.




**Kornflögur**
500 g
**199**
kr/pk.




**Lakkrískonfekt**
500 g
**298**
kr/pk.
var 359




**Franskar kartöflur**
1 kg
**299**
kr/pk.
var 399




25% afsláttur

TILBOÐIN GILDA 30.09 - 3. OKTÓBER

BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR

WWW.NETTO.IS | MJÓDD | SALAVEGUR | HVERAFOLD | AKUREYRI | HÖFN | GRINDAVÍK | REYKJANESBÆ



**SKREYTIR LISTAVERK** Þessi svanur tók að sér að styrkja aðeins fegurðargildi listaverks eftir Anish Kapoor í Hyde Park í London. NORDICPHOTOS/AFP

Rúmlega fertugur karlmaður ákærður fyrir fjölmörg brot:

# Braust inn til barnsmóður sinnar

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært fyrir Héraðsdómi Reykjaness rúmlega fertugan karlmann fyrir húsbrot, líkamsárás, eignaspjöll og fleiri brot.

Manninum er gefið að sök að hafa ruðst í heimildarleysi inn á heimili barnsmóður sinnar í Njarðvík og hrint henni í gólfið. Þá er maðurinn ákærður fyrir að hafa í kjölfar þess ekið bifreið sinni á bifreið konunnar sem lagt var í stæði við heimili hennar, þannig að bifreiðin skemmdist að framan.

Eftir þetta ók maðurinn frá Njarðvík til Reykjavíkur á miklum hraða og sinnti ekki ítrekuðum stöðvunarmerkjum lögreglunnar. Hann gaf sig ekki fyrr en bifreið hans hafnaði á brúarstólpa Breiðholtsbrúar.



**STÖÐVUNARMERKI** Maðurinn sinnti ekki stöðvunarmerkjum lögreglu.

Loks er maðurinn ákærður fyrir skjalafals með því að falsa nafn barnsmóðurinnar sem seljanda á tilkynningu um eigendaskipti bifreiðar og framvísa síðan tilkynningunni hjá Aðalskoðun hf. Þannig að nafngreindur sonur hans varð skráður fyrir bifreiðinni.

Barnsmóðirin krefst þess að maðurinn verði dæmdur til greiðslu bóta að fjárhæð tæplega sex milljónir króna. - jss

Evrópusambandið fer í hart:

# Frökkum settir úrslitakostir

**FRAKKLAND, AP** Evrópusambandið hefur ákveðið að fara í hart við frönsk stjórnvöld út af brottflutningi rómafólks, sígauna, til Rúmeníu.

Pia Ahrenkilde, talsmaður framkvæmdastjórnar ESB, segir stjórnina líta svo á að með brottflutningsaðgerðunum hafi Frakkar gerst brotlegir við lög ESB.

Þeim verði nú sent formlegt áminningarbréf, þar sem þess er krafist að þeir fari að lögum. Verði Frakkar ekki við því hefjast málaferli. - gb

Tölvuvírus veldur usla í Íran:

# Sérfræðingar gerðu Stuxnet

**WASHINGTON, AP** Öflugur tölvuvírus sem hefur ráðist á iðnfyrirtæki víða um heim, aðallega í Íran, var líklega búinn til af sérfræðingum sem starfa fyrir þjóðríki eða ríka einkaaðila.

Þetta kemur fram í rannsókn á vegum Siemens AG, fyrirtækisins sem hannaði tölvukerfið sem vírusinn hefur ráðist á.

Vírusinn kallast Stuxnet og var hannaður til að ráðast á tölvukerfi stórra og mikilvægra fyrirtækja.

Vangaveltur hafa verið uppi um að vírusinn hafi verið hannaður til að ráðast á fyrsta kjarnorkuverið í Íran og valda því skaða. Ekki hefur verið staðfest að sannanir liggi fyrir þar um. - fb

Í fangelsi og greiðir bætur:

# Skellti manni í gegnum rúðu

**DÓMSMÁL Karlmaður hefur verið dæmdur í átta mánaða fangelsi, þar af sex á skilorði, fyrir að hafa ráðist á annan mann árið 2008 í Veltusundi í Reykjavík.**

**Árásarmaðurinn skellti höfði hans í gegnum glerrúðu hársnyrtistofunnar Hár Sögu, með þeim afleiðingum að hann hlaut fjóra skurði á höfuð og líkama sem sauma þurfti saman með samtals fimmtán sporum. Þar af var einn langur skurður á höfði framanverðu sem í var lítil slagæð sem blæddi verulega úr og loka þurfti með saumum.**

**Árásarmaðurinn var dæmdur til að greiða fórnarlambinu 600 þúsund í skaðabætur.** - jss



**ÞORSTEINN ÞH** Mynd tekin í sumar þegar Þorsteinn kom með góðan makrílfarm til hafnar í Vestmannaeyjum. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

# Gagnrýni og hótunum ESB vísað á bug

**Stjórnvöld hafna því að reynt sé að draga Ísland sérstaklega til ábyrgðar fyrir að makrílveiðar fari yfir ráðlagðan heildarafla. Sjávarútvegsstjóri ESB ítrekar gagnrýni sem formaður samninganefndar Íslands segir staðlausa stafi.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Tómas H. Heiðar, formaður samninganefndar Íslands í makrílviðræðunum, vísar gagnrýni og hótunum Maríu Damanaki, sjávarútvegsstjóra ESB, vegna makrílveiða Íslendinga alfarið á bug. Tómas segir Ísland reiðubúið til þess að leggja sitt af mörkum til þess að samkomulag takist um makrílveiðar en jafnframt sé ljóst að hótanir um aðgerðir í borð við uppsögn óskyldra samninga á milli Íslands og ESB séu ekki til þess fallnar að stuðla að lausn málsins.

Á blaðamannafundi í Brussel 27. september gagnrýndi Damanaki makrílveiðar Íslendinga og Færeyinga harkalega og setti fram fullyrðingar um veiðarnar sem Tómas segir órökstuddar og fái ekki staðist. Gaf Damanaki í skyn að Íslendingar og Færeyingar bæru einir ábyrgð á því að heildarveiðar á makríl á þessu ári muni fyrirsjáanlega fara fram úr því sem sjálfbært getur talist. Loks hótaði hún því að ESB kynni að grípa til aðgerða gagnvart Íslandi og Færeyjum og meðal annars taka árlega fiskveiðisamninga sambandsins við löndin tvö til endurskoðunar. „Íslandi var lengi meinað að taka þátt í samningaviðræðum um makrílveiðar þrátt fyrir ítrekaðar óskir þar að lútandi. Íslensk stjórnvöld voru því knúin til að setja einhliða kvóta til að takmarka makrílveiðar íslenskra skipa“, segir Tómas.



**TÓMAS H. HEIÐAR**

„Strandríkjunum fjórum, Íslandi, ESB, Færeyjum og Noregi, tókst ekki að ná samkomulagi um stjórn makrílveiðanna og skiptingu kvóta sín á milli fyrir árið 2010 og af þeim sökum hafa þau öll sett sér einhliða makrílkvóta fyrir þetta ár.“

Ísland setti sér kvóta árið 2010 sem tók mið af breyttu göngumynstri makrílsins og veiðum fyrri ára. Ekki liggur fyrir samkomulag um veiðarnar og samanlagðir einhliða kvótar fóru fram úr þeim heildarafla sem Alþjóðahafrannsóknaráðið (ICES) hafði lagt til.

Tómas segir að íslensk stjórnvöld hafni því alfarið að reynt sé að draga Ísland sérstaklega til ábyrgðar vegna þessa, enda sé ábyrgð ESB, Færeyja og Noregs engu minni. „Kjarni málsins er sá að strandríkin fjögur bera sameiginlega ábyrgð á því að koma á heildstæðri stjórn makrílveiðanna til að tryggja sjálfbærar veiðar,“ segir Tómas.

Viðræður strandríkjanna um stjórn makrílveiðanna frá og með næsta ári fara fram í London 12.-14. október næstkomandi.

svavar@frettabladid.is









Endurmat úr makrílrannsókn undirstrikar stórar göngur að landinu:

# Yfir milljón tonn í lögsögunni

**HAFRANNSÓKNIR** Hafrannsóknastofnun hefur endurmetið magn makríls út frá gögnum sem fengust í rannsóknaleiðangri í sumar. Endurmatið sýnir að meira var af makríl á rannsóknasvæðinu í kringum Ísland, Færeyjar og í Noregshafi en fyrra mat benti til.

Niðurstöður þeirra útreikninga sem nú liggja fyrir sýna að heildarmagn makríls á svæðinu sem leiðangurinn nær yfir er áætlað um 4,85 milljónir tonna, en fyrra matið var nokkuð lægra eða 4,46 milljónir tonna. Það benda útreikningar til að um 1,1 milljón tonn makríls sé innan íslensku lögsögunnar.

Ástæða endurmatsins er sú að eldri útreikningar voru ekki bundnir við efnahagslögsögur, aðferðafræðin við útreikningana var ónákvæm og forsendur um stærð veiðarfæra skipanna var ekki rétt.

Skýrsla um þessa endurskoðuðu útreikninga hefur verið send sem viðauki við sameiginlega leiðangursskýrslu sem kom út fyrr í mánuðinum og verður hluti skýrslu Alþjóðahafrannsóknaráðsins sem fjallar um stofnmat á makríl. - shá




**ÁRNI Í HÖFN** Endurmat sýnir að mun meiri makríll var við Ísland í sumar en fyrst var talið. MYND/HAFRÓ

# Meistari Malone hjá Skýrr!

## Þrjú spennandi námskeið fyrir Microsoft-tæknifólk

**Skýrr heldur þrjú námskeið fyrir tæknifólk í Microsoft-umhverfinu í næstu viku, dagana 4. til 8. október.**

Leiðbeinandi á námskeiðinu er Microsoft MVP-kennarinn Andy Malone, sem hefur um langt árabil verið einn vinsælasti fyrirlesarinn á hinum alþjóðlegu TechEd ráðstefnum Microsoft.

Námskeið alþjóðlegra sérfræðinga í Microsoft-lausnum eru því miður sjaldan haldin á Íslandi og því er koma Malone til landsins sannkallaður hvalreki á fjörur Microsoft-tæknifólks.

**Skráningu og nánari upplýsingar er að finna á skyrr.is.**

*Mánudagur, þriðjudagur og miðvikudagur, 4.–6. október*

→ **Application Virtualization sýndarhugbúnaður (App-V)**
**Microsoft Desktop Optimization Pack (MDOP)**

*Fimmtudagur, 7. október*

→ **Windows Server 2008 R2 MasterClass**

*Föstudagur, 8. október*

→ **Exchange Server 2010 SP1**

Microsoft GOLD CERTIFIED Partner



**Andy Malone** er Microsoft MVP-kennari og stjórnandi ráðgjafarfyrirtækisins Quality Training í Skotlandi (www.quality-training.co.uk). Malone er heimsþekktur fyrirlesari og leiðandi í upplýsingatækni. Hann hefur undanfarin 15 ár sérhæft sig í þjálfun og fræðslu sem tengist Microsoft-umhverfinu, til dæmis Exchange og Office. Einnig er hann vinsæll fyrirlesari á sviði tölvuskýja (*cloud computing*) og öryggismála, sem tengjast tölvuvinnslu og hýsingu hugbúnaðar og gagna í miðlægu umhverfi.

569 5100
skyrr@skyrr.is

SKÝRR
*Velkomin*

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 10-1735

**LANDSDÓMUR:** Viðbrögð Atla Gíslasonar og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur

Atli Gíslason segir ýmsa koma til greina til að sækja mál á hendur Geir Haarde:

# Saksóknari valinn eftir helgi



Atli Gíslason, formaður þingmannanefndarinnar um rannsóknarskýrsluna, segir að saksóknari og varasaksóknari í máli Alþingis gegn Geir H. Haarde verði valinn eftir helgi. „Það er auðvitað búið að tala við fólk en það er ekkert afráðið. Það koma ýmsir til greina,“ segir Atli.

Hann segir miður að gagnmerk skýrsla sem rannsóknarnefndin vann um það sem betur mætti fara í stjórnsýslunni hafi fallið í skuggann af málshöfðunartillögunni. Það sama megi segja um þingsályktunina sem var í kjölfarið samþykkt einróma á þingi. „Þegar fram í sækir mun skýrslan – og þingsályktunin – vekja meiri athygli, því hún er framtíðarsýn Alþingis. Hún er það sem stendur upp úr í þessu. Þar er tekið fast á hlutum og rýnt til gagns,“ segir Atli.“

Meðal annars af þessum sökum svíði sú gagnrýni sem hann, og aðrir sem störfuðu fyrir nefndina, hafi þurft að sæta, meðal annars frá Jóhönnu Sigurðardóttur og Geir H. Haarde, sem sagði meðal annars að svo virtist sem pólitískir óvitar hefðu tekið þátt í að semja ákærurnar á hendur ráðherrum.

„Ummæli um að maður hafi beitt pólitískum aðferðum en ekki málefnalegum eru mjög ómakleg,“ segir Atli. „Ég hef unnið þetta algjörlega eftir lögfræðilegum aðferðum og notið aðstoðar mjög góðra sérfræðinga. Svo er látið að því liggja að maður sé í einhverjum hernaði og hefnd og öðru slíku. Allt dæmir þetta sig sjálft. Ég vil ekki fara niður á þetta plan.“

> Svo er látið að því liggja að maður sé í einhverjum hernaði og hefnd og öðru slíku. Allt dæmir þetta sig sjálft. Ég vil ekki fara niður á þetta plan.
>
> **ATLI GÍSLASON**
> FORMAÐUR ÞINGMANNANEFNDARINNAR

Atli er á leið í nokkurra vikna launalaust leyfi frá og með 1. október. „Ég hef ekki tekið mér frí í bráðum níu mánuði. Þetta er búið að vera mjög strembið og hefur reynt bæði á mig og mína fjölskyldu,“ segir hann. - sh



**DAPURLEGT** Ingibjörg Sólrún segist leyfa sér að trúa því að þingmenn sem greiddu því atkvæði að ákæra fyrrverandi ráðherra fyrir landsdómi hafi ekki áttað sig á því inn á hvaða braut þeir hafi verið að fara. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Pólitísk uppgjöf Alþingis

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir segir ákvörðun Alþingis um að höfða mál á hendur Geir H. Haarde sprottna af pólitískum rótum. Ákæruatriðin séu svo óljós að engar líkur séu á sakfellingu. Hún segir að ákæran muni eitra pólitískt andrúmsloft á Íslandi.**

Niðurstaða meirihluta Alþingis um að höfða beri mál á hendur Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, er pólitísk ákæra sem á sér pólitískar rætur, segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi utanríkisráðherra og formaður Samfylkingarinnar.

„Mér finnst felast í þessari niðurstöðu pólitísk uppgjöf. Það er eins og þingmenn telji að hægt sé að gera upp flókin pólitísk álitaefni með útgáfu ákæru,“ segir Ingibjörg Sólrún.

Hún segir ákvarðanir stjórnmálamanna alltaf byggjast á mati á aðstæðum. Það mat reynist stundum rangt, og ákvarðanir stjórnmálamanna orki alltaf tvímælis. Þess vegna eigi að takast á við þau mál á vettvangi stjórnmálanna, ekki inni í réttarsal.

„Ég er þeirrar skoðunar að það hafi ekki átt að ákæra neinn, og þess vegna er alls ekki ásættanlegt að Alþingi hafi ákveðið að ákæra skuli Geir einan,“ segir Ingibjörg.

Hún bendir á að ákæran byggi á því að Geir hafi vísvitandi eða af stórkostlegu hirðuleysi ekki gætt hagsmuna almennings og þar með valdið stórfelldu tjóni. Það fái ekki staðist. Ákæruatriðin séu svo óljós að útilokað sé að Geir verði sakfelldur á grundvelli þeirra.

> Ég óttast að ákæran eigi eftir að skapa hatursfullt andrúmsloft á Alþingi.
>
> **INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR**
> FYRRVERANDI FORMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR

Ingibjörg gagnrýnir þingmenn harðlega fyrir að hafa ekki séð ástæðu til að ræða bréf sem hún sendi öllum þingmönnum þar sem ákæruatriðunum var andmælt. „Þeir vildu ekki heyra það sem við höfðum fram að færa, þeir voru búnir að ákveða hver niðurstaðan ætti að vera. Þess vegna var þetta pólitísk ákvörðun.“

Ingibjörg tekur fram að með þessu sé hún ekki að segja að sér og öðrum ráðherrum í ríkisstjórn Geirs hafi ekki orðið á mistök. Á því beri þau pólitíska ábyrgð og bæði hún og Geir hafi axlað þá ábyrgð. Það sé rangsleitni að ákæra Geir fyrir landsdómi.

„Ég óttast að ákæran eigi eftir að skapa hatursfullt andrúmsloft á Alþingi. Þingmenn sem studdu tillöguna og beittu Geir þessari rangsleitni eiga ekki annan kost en að forherðast í afstöðu sinni. [...] Það mun skapa eitrað pólitískt andrúmsloft á Íslandi.“

Spurð hvort hún sé fegin að ekki hafi verið samþykkt að höfða mál á hendur henni segir Ingibjörg: „Það er ekki sú tilfinning sem er mér efst í huga. Ég upplifði engan sérstakan feginleika og enga sérstaka ánægju í gær [á þriðjudag] af því mér fannst þetta fyrst og fremst mjög dapurlegt.“

Spurð um þá þingmenn sem greiddu því atkvæði sitt að ákæra Geir og hana sjálfa segir Ingibjörg: „Ég vil leyfa mér að trúa að þeir hafi ekki áttað sig á því inn á hvaða braut þeir voru að fara.“

Ingibjörg segist afar ósátt við frammistöðu Steingríms J. Sigfússonar, formanns Vinstri grænna, og annarra þingmanna þess flokks. „Ég held að þetta hafi verið flokkspólitísk ákvörðun hjá þeim að fara inn í þessa ferli. Því hlýtur formaðurinn að stýra.“

Hún segir að ekki þurfi að gera annað en að horfa á hvernig atkvæði þingmanna Samfylkingarinnar hafi fallið til að sjá að þar hafi ekki verið mörkuð flokkspólitísk stefna heldur ákvörðunin í höndum hvers og eins þingmanns. Hún geti tekið undir skynsamleg orð Jóhönnu Sigurðardóttur í umræðum um málið á Alþingi.



**Brjánn Jónasson**
brjann@frettabladid.is


# Byggjum upp til framtíðar

**Haustþing Landssambands sjálfstæðiskvenna, laugardaginn 2. október í Hlégarði, Mosfellsbæ**

**Dagskrá**

| | |
|---|---|
| 09.00 | Skráning. |
| 09.30 | Formaður Landssambandsins – **Drífa Hjartardóttir**, setur fundinn. |
| | Formaður Sjálfstæðisflokksins – **Bjarni Benediktsson**, ávarpar þingið. |
| 10.00 - 10.20 | Skuldavandi íslenskra heimila – **Ásta Sigrún Helgadóttir**, umboðsmaður skuldara. |
| 10.30 - 10.55 | Úrræði stjórnvalda – **Unnur Brá Konráðsdóttir**, alþingismaður. |
| 11.00 - 11.20 | Hagsmunir heimilanna – **Ragnheiður Ríkharðsdóttir**, alþingismaður. |
| 11.20 - 11.45 | Leitin að lausnum – **Hanna Birna Kristjánsdóttir**, oddviti Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn Reykjavíkur. |
| 12.00 - 13.30 | **Hádegisverður í Hlégarði** |
| | Í hádeginu kynna mosfellskar athafnakonur sig og verk sín. |
| 13.30 - 14.30 | Staða efnahagsmála, stefna Sjálfstæðisflokksins – **Ólöf Nordal**, varaformaður Sjálfstæðisflokksins. |
| 14.30 - 14.45 | Tækifæri í kreppu, nýsköpun í íslenska hagkerfinu – **Áslaug Friðriksdóttir**, varaborgarfulltrúi og framkvæmdastjóri. |
| 14.45 - 15.10 | Nýting auðlinda – **Jón Gunnarsson**, alþingismaður. |
| 15.10 - 15.30 | Fjármögnun íslenskra fyrirtækja – **Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir**, fjárfestingarstjóri hjá Arev verðbréfafyrirtæki. |
| 16.30 | Sjálfstæðiskonur í Mosfellsbæ bjóða í móttöku á Gljúfrasteini. |
| 19.00 | Glæsilegt hlaðborð í Hlégarði. Veislustjóri **Ragnheiður Ríkharðsdóttir**. |
| | Hátíðarræðu kvöldins flytur Brynhildur K. Andersen, húsmóðir í stjórn LS. |
| | **Edda Borg Ólafsdóttir** syngur við undirleik **Illuga Gunnarssonar** alþingismanns. |



**Fundarstjórar: Aldís Hafsteinsdóttir**, bæjarstjóri í Hveragerði og **Herdís Sigurjónsdóttir**, bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ. **Þinggjald:** 1.500 kr. **Skráning:** xd@xd.is og í síma 515 1700.

Sjálfstæðisflokkurinn

# ÍSLENSK HEILSURÚM

**Framleiðum rúm í öllum stærðum!**

## HAUSTÚTSALA

## 50% afsláttur af heilsukoddum

# 30% afsláttur
# af öllum heilsurúmum

**MESTA ÚRVAL LANDSINS AF HEILSUDÝNUM**

FAGLEG RÁÐGJÖF OG
## FRÍ LEGUGREINING



## 30% AFSLÁTTUR
### AF HEILSURÚMUM

**VERÐDÆMI:**
Íslensk rúm:
90 x 200 cm - Verð frá kr. 58.000,-
160 x 200 cm (2 dýnur) - Verð frá kr. 139.226,-

Dýnur: 80 x 200 cm - Verð frá kr. 39.473,-

## ÖLL ARINELDSTÆÐI Á 50% AFSLÆTTI

**EITT BESTA VERÐ LANDSINS Á GEL / ETHANOL ARINELDSTÆÐUM.**



**Ethanol uppkveikilögur 2L. Kr. 1.600,-**

## VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÓSKUM

**Rúmgott framleiðir svæðaskiptar hágæða heilsudýnur í öllum stærðum.**

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN
Rúm Gott
ÍSLENSK HEILSURÚM

# MIÐNÆTUR SPRENGJA

Verslanir opnar til tólf. Glæsileg tilboð og frábær skemmtiatriði.

16–19 Kaffi í boði Kaffitárs og konfekt frá Nóa Síríus
20–22 Nude Magazine leitar að næsta forsíðumódeli
20–22 Matarkynning Rikku í Hagkaupum
20–22 Úrval Útsýn kynnir „Ný og betri“ ævintýraferðir

20.30 Helgi Björns tekur lagið
21.00 **Stórglæsileg tískusýning** þar sem þú færð að sjá allt það flottasta úr tísku vetrarins
22.00 Sigríður Thorlacius heillar gesti með fallegum söng

*Plötusnúður spilar ljúfa tónlist allt kvöldið*

**byggtogbúið** – 20% afsláttur af öllu, með einstökum undantekningum

**herra GARÐURINN** – 20% afsláttur af öllum vörum

**HUGO BOSS** – 20% afsláttur af öllum vörum

**ENGLABÖRNIN** – 20% afsláttur af öllum vörum

**B&S** – 20% afsláttur af öllum vörum

**DÝRABÆR** – 20% afsláttur af öllum vörum

**DRESSMANN** – Fjölbreytt peysutilboð. 20% afsláttur af allri vöru eftir kl. 19:00

**TUZZI** – 20% afsláttur af öllum vörum

**next** – 25% afsláttur af öllum vörum

**VERO MODA** – 40% afsláttur af völdum vörum

**name it** – 2 fyrir 1 af yfir 30 vörutegundum

**Sparkz** – 20% afsláttur af öllu nema tilboðsvöru

**focus** – 20% afsláttur af öllu nema tilboðsvöru

**Lyf & heilsa Kringlunni** – 20% afsláttur af merkjasnyrtivöru og öllum ilmum!

**SMASH** – 10% afsláttur af öllum vörum nema tilboðsvörum

**BLEND** – 25% afsláttur af öllum vörum

**Marc O'Polo** – 20% afsláttur af öllum vörum

**Friis & Company** – 20% afsláttur af öllum vörum

**HAGKAUP** *Ein ferð betra verð* – Tax free af allri sérvöru nema raftækjum, Tax free af allri heilsuvöru, Tax free af allri snyrtivöru

**oasis LONDON** – 25 – 70% afsláttur af allri vöru

**prooptik gleraugu** – Þegar keypt er par af sjónglerjum fylgir Prooptik merkt umgjörð með frítt!

**Mán til mið** 10–18.30, **fim** 10–21, **fös** 10–19, **lau** 10–18, **sun** 13–18 | Sími 517 9000 | www.kringlan.is

Kringlan

WAREHOUSE
25 – 70% afsláttur af allri vöru

KAREN MILLEN
25 – 70% afsláttur af allri vöru

ALLSAINTS SPITALFIELDS
20% afsláttur af allri vöru

DAY BIRGER ET MIKKELSEN
25% afsláttur af völdum vörum

evans.
20% afsláttur af öllum vörum

ÚTILÍF
20% afsláttur af öllum skóm og 20% afsláttur af öllum sportfatnaði eftir kl 18:00!

CINTAMANI
10% afsláttur af völdum vörum

Heilsuhúsið
25% afsláttur af öllum vítamínum frá Solaray, Higher Nature og Gula miðanum

POLARN O. PYRET
Tax free af öllum vörum

L'OCCITANE EN PROVENCE
Frábær tilboð á förðunarvörum! 50% afsláttur af völdum vörum úr lífrænu ólífulínunni! 15% afsláttur af öllum andlitskremum!

TEKK COMPANY
20% afsláttur af öllum vörum

Kaffitár
20% afsláttur af 250 gr afmælis-Brasilíu! 20% afsláttur af leður ferðamálum! 3 fyrir 2 af Numi te

M·A·C
20% afsláttur af allri vöru

Noland
Allir uppháir skór frá DC Habitat og Zoo York á 30% afslætti

galleri sautján
20% afsláttur af öllum vörum

gs skór
20% afsláttur af öllum vörum

Deres
20% afsláttur af öllum vörum nema Adidas (10% afsláttur)

URBAN
20% afsláttur af öllum vörum nema Adidas (10% afsláttur)

Timberland
20% afsláttur af öllum fatnaði

COMPANYS
20% afsláttur af öllum vörum

KARAKTER
20% afsláttur af öllum vörum

Kultur
Valin tilboð

Kultur menn
20% afsláttur af öllum skyrtum og jakkafötum

MÝRIN
15% afsláttur af öllum vörum

Grand Collection
20% afsláttur af öllum vörum

skór.is KRINGLAN • SMÁRALIND www.skor.is
Ýmis tilboð í verslun

KRINGLUNNI SAMBÍÓIN
2 fyrir 1 í bíó á myndina *Going the Distance*.

Levi's
2 fyrir 1 af völdum vörum

UNITED COLORS OF BENETTON.
15% afsláttur af öllum vörum! 50% afsláttur af sokkum og sokkabuxum

Sokkabúðin cobra
20% afsláttur af allri vöru

THE BODY SHOP
50% afsláttur af verði valdra vörutegunda fyrir hárið

Jens Uppsteyt
Skartgripir á Tax free verði

Kaupfélagið
Ýmis tilboð í verslun

STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN
Ýmis tilboð í verslun

Café Bleu
Allar pizzur á matseðli á 50% afslætti

TOPSHOP
25% afsláttur af öllum skóm og 10% af öllu öðru

SKÍFAN
20% afsláttur af Topp 10 í DVD og tónlist! Nýi FIFA leikurinn á 9.999

Vertu vinur Kringlunnar á Facebook, þú gætir unnið 150.000 kr. gjafakort!

Komdu í heimsókn

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

## FRÉTTASKÝRING: Hvaða afleiðingar hafa samþykktir Alþingis á þriðjudag?




FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**PÓLITÍSKA ELÍTAN** Þingmenn allir fylgdust spenntir með atkvæðagreiðslunni um ákærur á hendur fyrrverandi ráðherrum í fyrradag, skráðu hjá sér hvernig atkvæði féllu og sumir slógu á taugaveiklunina með því að pára myndir á blað. Skoðun Birgittu Jónsdóttur, þingkonu Hreyfingarinnar, á þeim sem voru henni ósammála var ljós: Hún hafði merkt þá sem ekki vildu ákæra með orðunum „Pólitíska elítan“.

# Þingið gefur sér tvö ár til lagaúrbóta

**Alþingi hefur ákveðið að ráðast í umfangsmikla endurskoðun á lögum sem gilda um málaflokka er snertu hrunið. Ekki er til áætlun um hvernig standa á að verkinu. Þó eining sé um áformin má telja ólíklegt að sátt verði um leiðir.**

Skýrsla þingmannanefndar til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis var samþykkt í þinginu á þriðjudag með 63 atkvæðum. Allir sem einn fylktu þingmennirnir sér að baki málinu. Í því felst að þingheimur er sammála um að nauðsynlegt sé að endurskoða löggjöf og eftir atvikum undirbúa löggjöf á tilgreindum sviðum sem snerta hrunið. Samstaða er um að miða við að úrbótunum skuli lokið innan tveggja ára.

En lengra nær samstaðan ekki og frómt frá sagt er vandséð að þinginu takist þetta göfuga ætlunarverk sitt.

Þó menn séu sammála um að tiltekin lög beri að endurskoða er ekki þar með sagt að þeir verði sammála um hvaða lagagreinum eigi að breyta og hvernig þær breytingar eigi að vera. Svo dæmi sé nefnt hafa himin og haf skilið að hugmyndir sjálfstæðismanna og vinstri grænna um æskilega löggjöf um starfsemi á fjármálamarkaði.

Níu tilgreind lög ber að endurskoða samkvæmt ákvörðun þingsins og stjórnarskrána og heildarlöggjöf um nokkra málaflokka.

En ekki nóg með það. Alþingi ályktaði á þriðjudag að brýnt sé að starfshættir þingsins verði teknir til endurskoðunar. Og, að taka verði gagnrýni á íslenska stjórnmálamenningu alvarlega og draga af henni lærdóm.

Ekki verður með góðu móti séð hvernig þingið hyggst með markvissum hætti læra af gagnrýninni sem stjórnmálamenningin hefur hlotið. Hafa ber hugfast að þó sú gagnrýni hafi náð nýjum hæðum í kjölfar hruns bankanna þá varð hún ekki til við þá atburði. Stjórnmálamenningin hefur verið gagnrýnd um árabil án þess að stjórnmálamenn hafi almennt tekið sérstakt mark á gagnrýninni. Og ekki verður séð að stjórnmálamenningin hafi breyst frá hruninu.

„Þetta gerist ekki í einni svipan og eflaust eiga menn eftir að takast á um útfærsluatriði eins og eðlilegt er,“ segir Lilja Rafney Magnúsdóttir, fulltrúi VG í þingmannanefndinni. Mestu máli skipti að málin komist í vinnsluferli en rykfalli ekki.

Nefndin gerir ekki tillögu að verklagi við undirbúning lagabreytinganna. Á hinn bóginn segir að nefnd á vegum Alþingis eigi að hafa eftirlit með að lagaúrbótum verði hrint í framkvæmd og miða skuli við að þeim verði lokið fyrir 1. október 2012.

### Lögin sem þingið ákvað að endurskoða

1. Stjórnarskráin.
2. Lög um þingsköp Alþingis.
3. Lög um ráðherraábyrgð og landsdóm.
4. Lög um stjórnarráðið, stjórnsýslulög, upplýsingalög og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
5. Löggjöf um starfsemi á fjármálamarkaði.
6. Lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
7. Löggjöf um eftirlit með fjármálastarfsemi á vettvangi Seðlabanka, FME og annarra eftirlitsaðila. Tiltæk verði viðbragðsáætlun við fjármálaáfalli.
8. Löggjöf um háskóla og fjölmiðla.
9. Löggjöf um reikningsskil og bókhald.
10. Lög um endurskoðendur.
11. Stofnuð verði sjálfstæð ríkisstofnun sem fylgist með þjóðhagsþróun og semji þjóðhagsspá.
12. Aðra löggjöf sem nauðsynlegt er að endurskoða með hliðsjón af tillögum þingmannanefndarinnar.



**Björn Þór Sigbjörnsson**
bjorn@frettabladid.is

Atkvæðagreiðslan mun draga dilk á eftir sér:

# Aukin harka í pólitíkinni

Í kortunum er stormasamur vetur í stjórnmálunum. Sjálfstæðisflokkurinn mun veita ríkisstjórninni óvægna stjórnarandstöðu og samstarf stjórnarflokkanna verður stirt.

Þetta er samandregin niðurstaða eftir samtöl við þingmenn í gær.

Hafi einhver vonast til að skýrsla þingmannanefndarinnar, undir formennsku Atla Gíslasonar, myndi marka upphaf nýrra og faglegri vinnubragða á Alþingi urðu þær vonir að engu við atkvæðagreiðslurnar um landsdómsákærurnar.

Þannig er í það minnsta útlitið í dag.

Sjálfstæðismenn eru æfir út í Samfylkinguna fyrir að stuðla að ákæru á hendur Geir H. Haarde en koma í veg fyrir að Samfylkingarráðherrarnir fyrrverandi hlytu sömu örlög. Í röðum sjálfstæðismanna leikur ekki vafi á að niðurstaðan hafi verið ákveðin fyrirfram.

Ástandið milli Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar var ekki of gott fyrir. Mörgum sjálfstæðismönnum eru enn í fersku minni stjórnarslitin – svikin, eins og þeir kalla það – í janúar á síðasta ári.

Sjálfstæðismenn eru líka reiðir þeim framsóknarþingmönnum sem vildu ákæra. Einkum Siv Friðleifsdóttur sem var ráðherra í fyrri ríkisstjórn Geirs Haarde.

En sjálfstæðismenn eru ekki þeir einu sem eru reiðir. Innan VG er gremja í garð samstarfsflokksins. Þar á bæ spyrja menn sig hvernig í ósköpunum helft Samfylkingarinnar gat komist að þeirri niðurstöðu að ekki bæri að ákæra nokkurn einasta mann. Þeir sem þannig spyrja svara sjálfir: Samfylkingin hafði ekki dug í sér til að fara gegn eigin flokksmönnum. Sumir þingmenn VG líta einnig svo á að þeir Samfylkingarmenn sem voru andvígir landsdómsákærum hafi með atkvæðum sínum lýst yfir vantrausti á störf þingmannanefndarinnar og einkum Atla Gíslasonar. Er hermt að það muni líða seint úr minni.

Ekki þarf að tíunda þau mörgu vandasömu verkefni sem bíða stjórnmálamanna í vetur. Vonir um góða samvinnu virðast runnar út í sandinn. Í bili í það minnsta. Leiða má líkur að því að margumrædd endurreisn samfélagsins tefjist enn frekar en orðið er.

- bþs




VERÐHRUN!
RÝMINGARSALA
BÓKAÚTGEFENDA
BORGARTÚNI 29
OPIÐ ALLA DAGA FRÁ KL. 11-19
FIMMTUDAGA TIL KL. 21
ALLT Á AÐ SELJAST!
VIÐ RÝMUM TIL FYRIR NÝJU JÓLABÓKUNUM!
BÓK AÐ GJÖF EF ÞÚ KAUPIR FYRIR 5.000 KR. EÐA MEIRA!
ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR!
STÓRVIRKI Á HÁLFVIRÐI!
SILFUR SKEIÐ
9.980,-
4.990,-
SVAVAR GUÐNASON
18.800,-
9.900,-
Tíu vísur
2.980,-
990,-
ÓGRYNNI BARNABÓKA UNDIR 500 kr.!
Kötturinn og Kölski
SÚKKULAÐIÁST
4.990,-
1.990,-
JO NESBØ
RAUÐBRYSTINGUR
2.280,-
1.480,-
DODDI
2.490,-
1.390,-
2.690,-
1.690,-
Heitur snúður með glassúr
1.990,-
490,-
Saga um stelpu
2.480,-
490,-
// SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR // ÆVISÖGUR // BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR
// LJÓÐABÆKUR // ÆVISÖGUR // FRÆÐIBÆKUR // HANDBÆKUR // FERÐABÆKUR // RÓMANTÍSKAR BÆKUR // UNGLINGABÆKUR // SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR //
// BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR // LJÓ
Bókafélagið Ugla
BÓKAÚTGÁFAN ÆSKAN
CRYMOGEA
Tindur bókaútgáfa
BÓKAÚTGÁFAN HÓLAR
BÓKAFÉLAGIÐ
ÚTKALL
Vestfirska forlagið
Háskólaútgáfan
UPPHEIMAR
sögur útgáfa
ORMSTUNGA
heimur
opna
VERÖLD
Salka
SKRUDDA
Unga ástin mín
BJARTUR

**LANDSDÓMUR:** Hvað er Geir H. Haarde sakaður um fyrir landsdómi?

## Sex kæruatriði meirihluta Alþingis og svör Geirs H. Haarde við ásökunum í rannsóknarskýrslunni

**Alþingi ákvað á þriðjudag að höfða mál á hendur Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, fyrir að hafa af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi brotið lög um ráðherraábyrgð. Meint brot eru sögð hafa átt sér stað frá febrúar fram í byrjun október 2008. Hér má sjá þau meintu brot sem Geir er sakaður um, sem og svör hans til þingmannanefndarinnar við sambærilegum efnisatriðum úr skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.**



**1.** Geir er gefið að sök að hafa sýnt af sér alvarlega vanrækslu á skyldum sínum sem forsætisráðherra andspænis stórfelldri hættu sem vofði yfir íslenskum fjármálastofnunum og ríkissjóði. Meirihluti Alþingis telur að honum hafi verið, eða hafi mátt vera, kunnugt um þessa hættu, og að hann hefði getað brugðist við henni. Það hafi hann til dæmis getað gert með því að beita sér fyrir því að gripið yrði til aðgerða, til dæmis með því að setja lög eða taka aðrar ákvarðanir til að afstýra fyrirsjáanlegri hættu.

→ Geir segir í svari sínu að það sé í hæsta máta ómaklegt að láta í veðri vaka að ríkisstjórnin og hann sérstaklega hafi setið með hendur í skauti og ekki sinnt viðvörunum í aðdraganda hrunsins. Hann segir stjórnvöld hafa unnið markvisst að fjölmörgum verkefnum vegna ástandsins.

Verkefnin hafi meðal annars verið að byggja upp traust með því að efla gjaldeyrisvarasjóðinn, flytja starfsemi Landsbankans í Bretlandi og Hollandi úr útibúum í dótturfélag, fá bankana til að draga úr umsvifum sínum. Þá hafi verið unnið að því að tryggja Íslandi aðild að evrópskri samvinnu um fjármálastöðugleika og bæta upplýsingamiðlun gagnvart áhrifamiklum fjölmiðlum.

Aðgerðir stjórnvalda á þessum tíma gátu ekki afstýrt hruninu, segir Geir, enda orsaka þess fyrst og fremst að leita í háttsemi stjórnenda bankanna sjálfra, sem hafi grafið undan sér með áhættusækinni, óábyrgri og ef til vill ólöglegri starfsemi.

**2.** Geir er sakaður um að hafa látið undir höfuð leggjast að láta vinna heildstæða greiningu á fjárhagslegri áhættu sem ríkið stóð frammi fyrir vegna hættu á fjármálaáfalli.

→ Geir segir að aldrei hafi verið rætt í sín eyru að láta vinna slíka greiningu. Upplýsingar hafi þó legið fyrir, til dæmis í efnahagsreikningum bankanna. Áhættumat hafi þurft að taka með í reikninginn verð á eignasafni bankanna, sem hafi sveiflast eftir aðstæðum. Engin leið hafi verið að átta sig á stöðu þess. Geir segir einnig að hvað sem slíku mati líði hefði það engin áhrif haft til að koma í veg fyrir hrun bankanna.

**3.** Geir er sagður hafa vanrækt að hafa frumkvæði að aðgerðum ríkisvaldsins til að draga úr stærð íslenska bankakerfisins. Það hefði mátt gera með því að beita sér fyrir því að efnahagsreikningur bankanna minnkaði, eða einhverjir þeirra flyttu höfuðstöðvar sínar úr landi.

→ Það var skýrt markmið stjórnvalda að draga úr stærð bankanna, þó þau hefðu ekki mörg tæki til að beita sér, segir Geir. Hann segir að það hafi verið talin besta leiðin að hafa samstarf við bankana. Hann segir að hefðu stjórnvöld sett lög til að takmarka stærð bankanna hefðu verið miklar líkur á að það hefði sett bankana á hliðina fyrr en ella. Erfiðleikar bankanna hafi verið taldir tímabundnir og því á engan hátt fýsilegt að setja slík lög. Ekki hafi legið fyrir hvernig fjárhagur bankanna hafi verið veiktur innan frá.

**4.** Geir er gefið að sök að hafa ekki fylgt því eftir að Icesave-reikningar Landsbankans væru færðir yfir í breskt dótturfélag.

→ Staðhæfing um að forsætisráðherra hafi gerst sekur um vanrækslu með því að grípa ekki fram fyrir hendur viðskiptaráðherra, og undirstofnunar hans Fjármálaeftirlitsins, missir algerlega marks, segir Geir. Hann hafi treyst því að unnið væri af fullum krafti að þessu máli og fylgst með framgangi þess eftir föngum. Ekki sé við neinn aðila í íslenska stjórnkerfinu að sakast að ekki hafi unnist tími til að koma Icesave-reikningunum yfir í dótturfélög.

**5.** Geir er sagður hafa vanrækt að gæta þess að störf samráðshóps stjórnvalda um fjármálastöðugleika, sem stofnaður var árið 2006, væru markviss og skiluðu árangri.

→ Geir segir gagnrýni á að starfshópurinn hafi ekki fengið nægilega skýra pólitíska leiðsögn réttmæta. Afar ólíklegt sé þó að bankahrunið hefði komið fram með öðrum hætti hefði hann haft meiri afskipti af starfsemi hópsins. Mestu skipti að þær stofnanir sem komið hafi að honum hafi haft með sér innbyrðis samstarf, hvort sem það var á vettvangi hópsins eða ekki.

**6.** Geir er sakaður um að hafa látið farast fyrir að halda ráðherrafundi um yfirvofandi háska.

→ Geir svarar þessari ásökun ekki, enda er hana ekki að finna í skýrsku rannsóknarnefndar Alþingis. Því gat Geir ekki vitað að til stæði að saka hann um þetta, og fékk þar af leiðandi ekki tækifæri til að bregðast við ásökuninni.

# Sagður hafa stofnað heill ríkisins í hættu

**Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, er borinn þungum sökum af meirihluta Alþingis. Hann hefur ekki fengið tækifæri til að bregðast sérstaklega við þeim ásökunum, en svaraði þó sambærilegum ásökunum Rannsóknarnefndar Alþingis.**

Alþingi ákvað á þriðjudag að höfða mál á hendur Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra fyrir að hafa af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi brotið lög um ráðherraábyrgð. Meint brot eru sögð hafa átt sér stað á tímabilinu frá febrúar fram í byrjun október 2008.

Í lögum um ráðherraábyrgð segir meðal annars að ráðherra verði fundinn sekur hafi hann gert eitthvað sem stofni heill ríkisins í fyrirsjáanlega hættu, þó slík framkvæmd sé ekki sérstaklega bönnuð með lögum, sem og ef hann lætur fyrir farast að gera það sem hefði getað afstýrt slíkri hættu.

Þá telur meirihluti Alþingis að með því að halda ekki ráðherrafundi um yfirvofandi háska hafi Geir brotið gegn ákvæði stjórnarskrár.

Viðurlög við brotum á þessum lagagreinum geta verið sektir eða fangelsi allt að tveimur árum.

Til vara telur meirihluti Alþingis að meint brot varði við ákvæði almennra hegningarlaga. Þar segir að gerist opinber starfsmaður sekur um stórfellda eða ítrekaða vanrækslu eða hirðuleysi í starfi sínu skuli hann sæta sektum eða fangelsi allt að einu ári.

Þingmannanefndin sendi Geir H. Haarde bréf þar sem honum var gefinn kostur á að koma sínum sjónarmiðum vegna niðurstöðu rannsóknarnefndar Alþingis á framfæri. Geir fékk ekki tækifæri til að bregðast við ásökunum sem fram komu í skýrslu þingmannanefndarinnar sjálfrar áður en skýrslan var gerð opinber.

Almennt segir Geir að í skýrslu rannsóknarnefndarinnar sé ítrekað vitnað til athafnaleysis í umfjöllun um meinta vanrækslu hans og annarra. Samkvæmt lögum um ráðherraábyrgð komi refsiábyrgð ráðherra aðeins til álita hafi hann látið fyrir farast að framkvæma tiltekna athöfn sem hafi að sönnu getað afstýrt fyrirsjáanlegri hættu.

Geir segir að ekki verði séð hverjar þær athafnir hafi átt að vera. Enn í dag greini menn á um hvernig afstýra hefði mátt hruni bankanna. Í besta falli megi halda því fram að margir samverkandi þættir hefðu þurft að koma til, og fæstir þeirra hafi verið á færi stjórnvalda.

Brot gegn lögum um ráðherraábyrgð fyrnast þegar þrjú ár eru liðin frá þeim degi sem refsiverður verknaður átti sér stað. Brot gegn hegningarlögum fyrnast á tveimur árum, liggi ekki þyngri refsing við broti en eins árs fangelsi.

Af þessum orsökum kannaði ráðherranefndin ekki mögulega ábyrgð annarra fyrrverandi ráðherra en þeirra sem sátu í ríkisstjórn Geirs H. Haarde. Möguleg sök þeirra ráðherra sem ábyrgð báru fyrir þann tíma, til dæmis Davíðs Oddssonar og Halldórs Ásgrímssonar, er fyrnd samkvæmt lögum.

**Brjánn Jónasson**
brjann@frettabladid.is





## Munum eftir að kveikja útiljósin!

Nú þegar farið er að dimma úti viljum við vinsamlega minna íbúa á að hafa kveikt á útiljósum við heimili sín á næturnar til að auðvelda blaðberum Pósthússins aðgengi að póstlúgu.

Með fyrirfram þökk,
Pósthúsið
dreifingaraðili Fréttablaðsins og annarra dreifinga

Blöð og tímarit
Bréfasendingar
Markpóstur
Fjölpóstur
Vörudreifing
Plöstun blaða og nafnamerking

Pósthúsið
Við látum það berast

Pósthúsið | Suðurhraun 1 | S: 585 8300 | www.posthusid.is

## Eftirtaldir eiga sæti í landsdómi

Fimm hæstaréttardómarar sem setið hafa lengst eiga sæti í landsdómi. Forseti hæstaréttar er alltaf forseti landsdóms.

Alþingi kýs átta menn í landsdóm á fimm ára fresti. Síðast var kosið 2004.

Dómstjórinn í Reykjavík situr einnig í dómnum sem og prófessor í stjórnskipunarrétti við Háskóla Íslands. Þar stendur valið á milli Bjargar Thorarensen og Eiríks Tómassonar. Björg og Markús Sigurbjörnsson geta ekki setið saman í dómnum þar sem þau eru hjón.

**Dómstjórinn í Reykjavík**


Helgi I. Jónsson

**Prófessor í stjórnskipunarrétti við Háskóla Íslands**


Björg Thorarensen

eða


Eiríkur Tómasson

**Alþingi kýs átta menn í landsdóm á fimm ára fresti. Síðast var kosið 2005.**


Brynhildur Flóvenz


Dögg Pálsdóttir


Fannar Jónasson


Hlöðver Kjartansson


Jóna Valgerður Kristjánsdóttir


Linda Rós Michaelsdóttir


Sigrún Magnúsdóttir


Vilhjálmur H. Vilhjálmsson

**Fimm hæstaréttardómarar með lengstan starfsaldur**


Árni Kolbeinsson


Garðar Gíslason


Gunnlaugur Claessen


Ingibjörg Benediktsdóttir


Markús Sigurbjörnsson

# HAUST sprengja!

# 20-80% afsl.

## Á HÁGÆÐA ÚTIVISTARVÖRUM, FATNAÐI OG SKÓM!

STÓR-ÚTSALA!

## AUSTURHRAUNI 3, GARÐABÆ

FLOTTAR JÓLA-GJAFIR!

GERÐU KAUP ÁRSINS!




**Fyrsta flokks vörumerki á ótrúlegu verði!**

Komdu strax og nældu þér í gæðavörur á frábæru verði.
Allt fyrir hreyfingu, útivist og ferðir vetrarins.
Flottar jólagjafir fyrir alla ættingja og vini og góðar skjólflíkur á börn sem fullorðna.

**Opið:**

| | |
|---|---|
| Virka daga | kl. 10-18 |
| Laugardaga | kl. 11-16 |
| Sunnudaga | kl. 12-16 |

A3 OUTLET CENTER

Austurhrauni 3 ▪ Garðabæ ▪ Sími 533 3811

DRESS CODE ICELAND

DYNAMO REYKJAVIK

## Útgjöldin

> Verð á 40W ljósaperu




Heimild: Hagstofa Íslands.

# neytendur

*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** Andrea Hjálmsdóttir, bæjarfulltrúi VG á Akureyri

## *Þarfaþingið róbotryksugan svínvirkar*



„Því er fljótsvarað hvað eru bestu kaupin,“ segir Andrea Hjálmsdóttir, bæjarfulltrúi Vinstri grænna á Akureyri. „Ég fjárfesti í róbotryksugu þegar ég bjó í Vancouver og held að það séu bestu kaupin sem við hjónin höfum gert.“

Andrea segir ryksuguna góðu frá Kanada létta heimilisstörfin mikið fyrir upptekið fólk. „Ryksugan svínvirkar og er þvílíkt þarfaþing á nútímaheimili. Maður setur hana í gang þegar maður fer út á morgnana og hún er búin að ryskuga þegar maður kemur heim,“ lýsir Andrea sem kveður erfiðara hafa reynst að velja verstu kaupin sem hún hafi gert. Sennilega vegna þess hversu meðvitaður neytandi hún sé.

„Ætli að einna verstu kaupin sem við höfum gert sé ekki krakkahús sem við keyptum í Húsasmiðjunni og kom svo í ljós að dætur okkar léku sér ekkert í. Það var lagt rafmagn í kofann og allt var rosa flott en þær hafa aldrei notað hann mikið,“ segir Andrea sem þó segir kofakaupin virðast ætla að enda vel: „Svo getur verið að kofinn sé að breytast í bestu kaupin líka því hann er orðinn hænsnakofi. Þannig að við erum að reyna að gera það besta úr þessari fjárfestingu. Batnandi kofum er best að lifa.“

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### TEIPIÐ MÁ EKKI VANTA

■ *Guðrún Gísladótti leikkona segir Tesalímband ómissandi hjálpargagn.*

„Tesateip heldur saman heimilinu,“ segir Guðrún Gísladóttir leikkona og kveður nær endalaust hvað límband



þetta er gagnlegt. „Þetta er svona striga-, eða taulímband, nokkuð dýrt, en níðsterkt og til allra hluta nytsamlegt,“ segir hún og kveður meðal annars mega nota það til að falda buxur. „Það heldur líka saman Þjóðleikhúsinu, en núna er verið að skera niður Tesateipið þar þannig að við erum voða hrædd um að það hrynji bara í sundur. Það er allra meina bót að eiga þetta í skúffu.“




■ **Drykkjarföng**

## Nýir virknisafar frá Ölgerðinni

Virknisafar heitir ný tegund náttúrulegra safa sem Ölgerðin hefur sett á markað. Þeir eru sagðir innihalda virk náttúruleg efni úr jurtunum Yerba Mate og Ginkgo Biloba. „Þeir bragðast líkt og hefðbundnir ávaxtasafar en virku innihaldsefnin í jurtunum tveimur eru fleiri en áður hefur þekkst í ávaxtasöfum hérlendis. Yerba Mate-safinn slær á hungur milli mála, en Ginkgo Biloba-safinn skerpir einbeitingu og eykur orku,“ segir í tilkynningu Ölgerðarinnar.

Í umfjöllun um Yerba Mate kemur fram að Charles Darwin hafi kallað jurtina „hina fullkomnu örvun, en drykkurinn sé ríkur af trefjum og andoxunarefnum og hentugur milli mála, með morgunmat eða sem miðdegissnarl. Þá er því haldið fram í tilkynningu fyrirtækisins að lækningamáttur Ginkgo Biloba-laufanna sé óumdeilanlegur. „Það er löng hefð fyrir því að nýta þau til heilsubótar en auk andoxunaráhrifa, auka þau blóðflæði, vinna á móti kekkjun í blóði, bæta minni og auka einbeitingu,“ segir þar.

■ **Veitingahús**

## Fá 50.000 króna sekt fyrir brot

Veitingastaðirnir Fiskmarkaðurinn, Potturinn og pannan og Ruby Tuesday hafa verið sektaðir af Neytendastofu um 50.000 krónur hvert fyrir að fara ekki eftir tilmælum um verðmerkingar. Sektirnar eru af því tilefni að staðirnir hafa ekki matseðil með verði við inngöngudyr eins og verðmerkingareglur gera ráð fyrir. Neytendastofa hóf kannanir á slíku í ágúst og fylgdi því eftir fyrr í septembermánuði. Þá var farið á eitt safn og fjórar veitingasölur sem ekki höfðu verðmerkt sem skyldi þegar fyrri könnun var gerð. Hönnunarsafn Íslands hafði farið eftir tilmælum Neytendastofu og sett upp verðskrá yfir aðgangseyri. Verðmerkingar voru einnig komnar í lag hjá kaffiteríunni Gerðarsafni, Súpubarnum í Listasafni Reykjavíkur og Kaffitári í Þjóðminjasafninu.



**POTTURINN OG PANNAN** Einn þeirra staða sem Neytendastofa sektaði.




**FORVERÐMERKTAR KJÖTVÖRUR** Bakkar með grísahnökkum eru forverðmerktir með kílóverði frá framleiðanda. Límmiða með 10 prósenta afslætti er bætt við svo endanlegt verð kemur ekki fram. Slíkt verður óleyfilegt á komandi ári. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Verslanir fái mun meira svigrúm til hækkana á verði

**Verslunum verður óheimilt að taka við forverðmerktum kjötvörum frá framleiðendum á næsta ári. Slíkt hefur í för með sér aukin útgjöld og kostnað hjá smásölum. Mjög líklegt að verð á kjöti hækki í kjölfarið, segir aðjúnkt í markaðsfræði við Háskóla Íslands.**

Forverðmerkingar geta í sumum tilvikum komið sér vel fyrir neytendur. Þær gera það að verkum að framleiðendur hafa ekki möguleika á frekari verðhækkun á viðkomandi vöru.

„Með því að hætta forverðmerkingum er verið að gefa smásölum meira svigrúm til verðhækkana,“ segir Friðrik Eysteinsson, aðjúnkt í markaðsfræði við Háskóla Íslands. Hann segir afar líklegt að verslanir hækki verð eftir að forverðmerkingum verði hætt á næsta ári, bæði vegna aukins svigrúms og einnig þess kostnaðar sem því fylgir að vigta og verðmerkja allar þær vörur sem ekki koma inn í verslanir í stöðluðum pakkningum. Á næsta ári stendur einnig til að koma upp fleiri verðkönnunarskönnum í verslunum Bónuss og því fylgja einnig aukin útgjöld.

„Hér áður fyrr voru kaupmenn hlynntir því að forverðmerkingum væri hætt, vegna þess að þeir vissu að ákveðnir vöruflokkar myndu seljast á hærra verði,“ segir hann.

Framleiðendur veita smásölum afslætti til þess að gera tilboð í verslunum möguleg. Í flestum tilvikum vita birgjar að vörur frá þeim eru að fara á tilboð í verslunum og selja smásölum vörurnar á því á lægra verði. Hagar játuðu nýverið á sig að hafa átt í ólöglegu samráði við kjötframleiðendur og féllust á að greiða 270 milljónir í sekt í kjölfarið. Samráðið fór þannig fram að framleiðendur merktu vörurnar á of háu verði sem Bónus, í eigu Haga, merkti síðan á ákveðnum prósentuafslætti við kassa.

„Framleiðendur gera sér fulla grein fyrir því að varan er að fara á tilboð,“ segir Friðrik. „Þeir veita smásölum aukinn afslátt til þess að þeir geti verið með tilboð í búðum. Þessi tala sem stendur á vörunum, hið svokallaða upphaflega verð, er í raun bara ímynduð tala sem kemur hvergi fram. Það þarf tvo aðila til að láta svona lagað ganga upp.“ sunna@frettabladid.is

AEG FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

FRYSTIKISTUR FRYSTISKÁPAR




KANNAÐU ÚRVALIÐ!

ÞÉR LÍÐUR BETUR MEÐ AEG

KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP!

*Dæmi um AEG frystikistur:*

| Vörunúmer | Rúmmál Nettó | Ummál: Hæð x Dýpt x Breidd | Frystigeta á sólarhring | Orkunotkun m/v 18° á sólarhring | Tegund frystipressu | Körfur | Ljós | *Verð:* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| EL12 | 98 L | 86x55x60 cm | 6,5 kg. | 0,45 kW | Danfoss | 1 | Já | **55.900** |
| EL22 | 205 L | 86x72x73 cm | 15 kg. | 0,71 kW | Danfoss | 1 | Já | **89.900** |
| EL35 | 331 L | 86x105x73 cm | 22 kg. | 0,90 kW | Danfoss | 2 | Já | **99.900** |
| EL45 | 427 L | 86x130x73 cm | 27 kg. | 1,05 kW | Danfoss | 2 | Já | **106.900** |
| EL53 | 504 L | 86x150x73 cm | 36 kg. | 1,30 kW | Danfoss | 3 | Já | **118.900** |
| EL61 | 580 L | 86x170x73 cm | 38 kg. | 1,52 kW | Danfoss | 3 | Já | **135.900** |

ORMSSON UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

ORMSSON LÁGMÚLA 8 SÍMI 530 2800 · ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 · ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333 · ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 · ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 · ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 · ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 · ORMSSON PAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900 · ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160

## Þýskir dagar

30. sept. - 03. okt. á Grand Hótel Reykjavík

AHK Repräsentanz der Deutschen Wirtschaft in Island
þýsk-íslenska viðskiptaráðið

# Frá landinu sem færði okkur afstæðiskenninguna, Boney M og bjór.

Um helgina verða haldnir Þýskir dagar á Grand Hótel í Reykjavík þar sem athygli verður vakin á þýskum vörum, mat og menningu. Af nógu verður að taka enda er Þýskaland eitt mesta útflutningsríki heims, þar er framleitt allt frá saumnálum til rafeindahraðla.

Auk áhugaverðra kynninga á þýskum vörum verður nóg annað um að vera á þýskum dögum.

— **Þýskur matseðill á Brasserie Grand alla dagana, eldaður af þýska meistarakokknum Volker Bassen.**

— **Ókeypis þýskukennsla frá þýskuskor Háskóla Íslands.**

— **Þýskir bílar til sýnis frá Porsche, Audi, VW og Benz.**

— **Sýningar á þýskum kvikmyndum fyrir börn og fullorðna í hliðarsölum.**

— **Þýskur þjóðhátíðarkvöldverður 2. október kl 19.30.**
**Bókanir: veitingar@grand.is**

Nánari dagskrá má sjá á **island.ahk.de** og á **Facebook**.

Burger · Grand Hótel Reykjavík · Audi · Allianz · PFAFF · Goethe-Institut
Mercedes-Benz · Germania · Porsche · AEG · ültje · SONAX · Marc O'Polo
Vinabæjarfélagið Cuxhaven-Hafnarfjörður · Icelandair · Miele · Siemens · Würth · Dr.Hauschka
Rapunzel · Corny · Iceland Express



# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

**3,7%** **ER VERÐBÓLGAN NÚ.** Til samanburðar mældist 4,5 prósenta verðbólga í síðasta mánuði. Á sama tíma í fyrra var hún 10,8 prósent. Verðbólgan hefur ekki verið minni síðan í ágúst árið 2007.



**LANDNEMABYGGÐ** Stjórnvöld í Ísrael hafa áhyggjur af hækkun á fasteignaverði í landinu. Reiknað er með 4,0 prósenta hagvexti í Ísrael á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ísraelar hækka stýrivextina:

## Reyna að kæla hagkerfið

**EFNAHAGSMÁL Ísraelski seðlabankinn ákvað á mánudag að hækka stýrivexti um 25 punkta og verða þeir 2,0 prósent frá mánaðamótum. Þetta er fjórða stýrivaxtahækkun bankans á árinu og búist við að þeir verði um 2,7 við árslok.**

**Ísraelska dagblaðið Ha´aretz hafði eftir fjármálasérfræðingum þar í landi í gær að hagkerfið sé á hraðri siglingu; lágir stýrivextir hafi valdið hækkun á fasteignaverði og uppskerubrestur hækkun á matvöruverði. Verðbólga jókst um 0,5 prósent á milli mánaða í ágúst, sem var yfir spár. Þá er reiknað með 4,0 prósenta hagvexti í Ísrael á árinu.** - jab

# Ríkið verður af milljarðatekjum

**Upptaka skatts á vaxtagreiðslur til erlendra aðila olli því að tíu erlend fyrirtæki lögðu niður starfsemi í fyrra. Tvö fyrirtækjanna greiddu einn milljarð í skatt á síðasta ári. Tæplega 740 manns með rúmar 420 þúsund krónur í mánaðarlaun þarf til að vega upp tapið.**

Um tíu dótturfélög erlendra stórfyrirtækja hættu starfsemi hér síðasta haust eftir að afdráttarskattur á vaxtagreiðslur til erlendra aðila var innleiddur.

Þótt fyrirtækin hafi haft litla eiginlega starfsemi voru þau á meðal hæstu skattgreiðenda landsins á síðasta ári. Tvö þeirra greiddu samtals um einn milljarð króna í skatta. Það jafngildir tekjuskatti 738 einstaklinga með 423 þúsund krónur í laun á mánuði, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

„Fyrirtækin hættu starfsemi gagngert vegna afdráttarskattsins,“ segir Andri Gunnarsson, lögmaður hjá Nordik Legal, sem vann að því að vinda ofan af starfsemi fyrirtækjanna. Hann bendir á að þau hafi kosið að hafa rekstur hér vegna lágs tekjuskattshlutfalls. Öðru máli gegni um afdráttarskattinn, sem tíðkast ekki á Norðurlöndunum og hefur að mestu verið lagður af innan Evrópusambandsins.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn leggur til í nýlegri skýrslu sinni að skatturinn verði lagður af eða umfangsmiklar breytingar gerðar á honum. Þá leggja bæði Viðskiptaráð og Samtök atvinnulífsins til að hann verði felldur niður.

Íslensk fyrirtæki sem gefa út skuldabréf í löndum sem hafa gert tvísköttunarsamning við Ísland geta sótt um undanþágu frá skattlagningunni.

Landsvirkjun gaf á dögunum út skuldabréf upp á 150 milljónir dala, jafnvirði ellefu milljarða króna. Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, segir skattinn íþyngja fyrirtækinu þótt ekki sé ljóst hvort skatturinn hafi önnur áhrif á lántökuna. Viðræður standi yfir á milli fjármálaráðuneytis og Landvirkjunar, sem þarf að gera grein fyrir því hvort kaupandi skuldabréfanna sé í landi sem hafi gert tvísköttunarsamning við Ísland. Reynist svo vera eru líkur á að fyrirtækið fái undanþáguna.

„Við erum að finna lausn á þessu eða að finna aðra leið svo andi laganna gagnvart Landsvirkjun, komist til skila,“ segir Hörður.

jonab@frettabladid.is



**HÖRÐUR ARNARSON** Forstjóri Landsvirkjunar segir upptöku afdráttarskatts á vaxtagreiðslur þyngja róður fyrirtækisins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Hver er þessi afdráttarskattur?

Upphaflegt markmið laga um afdráttarskatt var að ná til þeirra sem færðu hagnað úr landi og komu sér undan skattgreiðslum með flutningi á arði til skattaparadísa.

Íslensk fyrirtæki eiga viðskipti við 192 lönd. Stjórnvöld hafa gert tvísköttunarsamning við 36 lönd, þar af þarf ekki að greiða afdráttarskatt í 21 landi. Í hinum tilvikunum þarf að greiða allt upp undir fimmtán prósenta skatt á vaxtagreiðslur. Fái útgefendur skuldabréfa ekki undanþágu eru ákvæði í lánasamningum sem kveða á um hærra vaxtaálag.

IBM | COMES TO YOU 2010

Ráðstefna Nýherja og IBM | Hótel Örk 7. október 2010



**Helstu sérfræðingar IBM á Norðurlöndum leiða þig inn í framtíðina**

Allt um IBM System x, IBM System Storage, IBM Tivoli og IBM Power Systems.

- **Svend E. Kundby-Nielsen**
  *STG Director IBM Nordic, – Smarter Systems for a Smarter Planet*
- **Michael Ö. Larsen**
  *IBM – POWER7 New Announcements 2010*
- **Ulrik Rosendahl**
  *Tivoli Identity & Access Manager*
- **Helgi Magnússon**
  *Nýherji – System x álagsmælingar með Windows Perfmon*

19 erindi frá 10 sérfræðingum IBM, CCP, Arrow ECS, NetApp og Nýherja.

Á ráðstefnunni verður hulunni svipt af tímamótalausn á sviði diskalausna frá IBM.

**Ómissandi fyrir þá sem starfa við rekstur upplýsingatæknikerfa.**

Dagskrá og skráning á **www.nyherji.is**

ENNEMM / SÍA / NM43778

IBM Premier Business Partner

NÝHERJI

Nýherji hf. Borgartún 37 Sími 569 7700 www.nyherji.is BETRI LAUSNIR

# Viltu stofna fyrirtæki?

**Hnitmiðað námskeið um félagaform, skattlagningu fyrirtækja, frádráttarbæran rekstrarkostnað, útgáfu reikninga, ábyrgð stjórnenda fyrirtækja, fjármál o.fl.**

**Námskeiðið skiptist í þrjá hluta og verður kennt þriðjudagana 5., 12. og 19. okt. 2010 kl. 16-19 á Amokka, Hlíðasmára 3, Kópavogi (Air Atlanta húsið).**

**Sjá námskeiðslýsingu og önnur námskeið á www.lexista.is**

**Fyrirlesari: Anna Linda Bjarnadóttir, héraðsdómslögmaður, LL.M**



**Nánari upplýsingar og skráning í síma 552-6090, 894-6090 eða á lexista@lexista.is**

**VR og fleiri félög styrkja félagsmenn sína til þátttöku á námskeiðinu um 50%.**

**Lexista**

Lexista ehf.
Lögmannsstofa
Holtasmára 1, 6. hæð
201 Kópavogur

Skattaráðgjöf
Stofnun fyrirtækja
Almenn lögfræðiþjónusta
Bókhald og ársreikningar

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Markviss leit að konum sem búa við ofbeldi.

## Að leita, finna og styðja svo

Ekki eru nema fáeinir áratugir síðan konur sem bjuggu við ofbeldi, andlegt, líkamlegt eða kynferðislegt, áttu í fá eða engin hús að venda. Þær báru þjáningu sína í hljóði eða áttu í besta falli systur, móður eða vinkonu sem þær gátu trúað fyrir aðstæðum sínum.

Með stofnun Kvennaathvarfsins fyrir tæpum 30 árum og síðar Stígamóta varð bylting í þjónustu við konur sem beittar höfðu verið ofbeldi, og karla raunar líka því Stígamót sinna einnig þjónustu við karlmenn sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi.

Engu að síður er ljóst að langt er í land til að ná því markmiði að útrýma ofbeldi karla gegn konum í nánum samböndum en með það markmið samþykkti þáverandi ríkisstjórn aðgerðaáætlun árið 2006.

SKOÐUN

Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is



Liður í aðgerðaáætluninni er úttekt á stöðunni og voru á dögunum kynntir tveir hlutar hennar; rannsókn á viðbrögðum heilbrigðisþjónustunnar við konum sem þangað leita og hafa verið beittar ofbeldi af maka eða fyrrverandi maka og rannsókn á starfi félagasamtaka sem aðstoða konur sem beittar hafa verið ofbeldi.

Í rannsókn á heilbrigðiskerfinu kemur fram að víðast hvar er hvorki skimað fyrir ofbeldi í nánum samböndum né er til áætlun um hvernig bregðast skuli við ef starfsfólk heilbrigðiskerfisins verður þess áskynja að skjólstæðingar búa við slíkt ofbeldi. Þannig er það í raun að mestu undir hverjum og einum heilbrigðisstarfsmanni komið hvort því er yfir höfuð gefinn gaumur hvort konur sem til heilbrigðisþjónustunnar leita kunni að búa við ofbeldi af hálfu maka og einnig hvernig brugðist er við ef í ljós kemur að það er raunin.

Fram kemur að starfsfólk í heilbrigðisþjónustunni finnst það hafa ónóga þekkingu á málaflokknum og sérstaka athygli vekur að það segist feimið eða skorta öryggi til að spyrja konur að því hvort þær hafi orðið fyrir ofbeldi af hálfu maka. Flestir gera sér þó grein fyrir að þar er við eigin vanda að etja fremur en að það óttist í raun að konur bregðist illa við þessum spurningum.

Fram kemur að hægt getur gengið að fá konur til að tjá sig um heimilisofbeldi við heilbrigðisstarfsfólk þar sem þó er beitt markvissum spurningum um það, eða skimun.

Aflið á Akureyri eru samtök sem styðja við konur sem hafa orðið fyrir ofbeldi. Hjá þeim kemur fram að eftir að farið var að spyrja konur í mæðraskoðun á Akureyri markvisst um ofbeldi, auk þess sem almenn árvekni bæði í heilsugæslu og meðal almennings gagnvart þessu ofbeldi jókst, þá hefur konum sem leita til Aflsins snarfjölgað.

Þessi reynsla sýnir með óyggjandi hætti hversu miklu máli skiptir að leita markvisst að ofbeldi í nánum samböndum. Með því móti mætti fjölga þeim konum sem leita sér aðstoðar til að komast út úr þessum aðstæðum og þannig draga úr ofbeldinu.

Ofbeldi í nánum samböndum er samfélagsmeinsemd. Það þarf átak og hugrekki til að brjóta upp slíkar aðstæður. Það er því til mikils að vinna að finna þær konur sem fyrir ofbeldinu verða og fjölga þeim sem leita sér styrks til að losna úr viðjunum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

GEÐVERND

**Fyrirlestur**

**William R. Beardslee**, geðlæknir og prófessor við Harvard Medical School, verður gestur Geðverndarfélags Íslands á morgun, **föstudaginn 1. október** og mun flytja fyrirlestur á **Grand Hóteli kl. 12.**

Fyrirlesturinn ber heitið **„IOM Report on Preventing Mental, Emotional and Biobehavioral Disorders Among Young People: Implications for Policy and Practice“.**

Fyrirlesturinn er öllum opinn.

**Geðverndarfélags Íslands**

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Við hæfi

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra hefur úrskurðað sjálfa sig vanhæfa til að taka afstöðu sem umhverfisráðherra til aðalskipulags Ölfuss vegna Bitruvirkjunar. Skýringin er sú að hún hafði lýst andstöðu við virkjunina þegar hún var borgarfulltrúi í Reykjavík á sínum tíma. Fordæmi eru fyrir þessu, til dæmis vék Siv Friðleifsdóttir úr umhverfisráðuneytinu við meðferð mála vegna Þjórsárvera og Norðlingaölduveitu á sínum tíma. Ástæðan var hin sama og Svandís gefur nú; fyrri yfirlýsingar um afstöðu til málsins.



### Milli flokka

Þegar Siv sté til hliðar var flokksbróðir hennar úr Framsóknarflokknum, Jón Kristjánsson, settur í hennar stað. Það vekur hins vegar athygli að nú flyst ekki bara skipulag Ölfuss og spurningar um Bitruvirkjun heldur allur málaflokkurinn umhverfis- og skipulagsmál milli stjórnarflokkanna, frá ráðherra Vinstri grænna og yfir til Samfylkingarráðherrans, Guðbjarts Hannessonar, heilbrigðis-, trygginga- og félagsmálaráðherra. Hann er settur til þess að fjalla um málið í stað Svandísar en ekki eitthvert flokkssystkina hennar úr VG.



### Lengi tekur Guðbjartur við

Tvennt vekur athygli við þetta. Eitt er að ráðherrar Samfylkingarinnar eru mun virkjanasinnaðri en ráðherrar VG. Væntanlega telja áhugamenn um Bitruvirkjun líkurnar á því að skipulagið verði staðfest hafa aukist við þessa breytingu. Voru kannski allir fimm ráðherrar VG búnir að gera sig vanhæfa í málinu með fyrri yfirlýsingum? En það er líka athyglisvert að þetta verkefni sé sett á skrifborð Guðbjarts Hannessonar af öllum þeim ráðherrum sem í boði voru. Hefur hann ekki yfirdrifið nóg að gera, maðurinn? Stýrir nú þegar tveimur stærstu ráðuneytum landsins og ráðstafar annarri hverri krónu úr ríkissjóði.

peturg@frettabladis.is

## HALLDÓR




# Málefnaleg afstaða

Landsdómur



Sigríður Ingibjörg Ingadóttir

þingkona Samfylkingarinnar

Þingmönnum er iðulega legið á hálsi fyrir að greiða atkvæði eftir flokkslínum fremur en eigin sannfæringu. Þegar það svo gerist að flokkslínur eru ekki til staðar, en hver og einn gerir upp hug sinn á eigin forsendum, kveður við nýjan tón. Einstaklingsbundnar ákvarðanir verða að flokkslínum og fordæmdar. Í atkvæðagreiðslu um ákærur á hendur fyrrverandi ráðherrum kusu Sjálfstæðismenn allir sem einn. Af hverju? Mér segir svo hugur að fjölmargir kjósendur Sjálfstæðiflokksins vilji kalla saman landsdóm, þá skoðun hef ég í það minnsta heyrt frá venjulegum sjálfstæðismönnum síðustu dagana. Í þingflokki þeirra réði hins vegar flokkslínan.

Þegar þingmenn fara ekki eftir flokkslínum í atkvæðagreiðslu gerast óvæntir hlutir, sér í lagi þegar mjótt er á munum. Ég mótaði mína afstöðu á grundvelli niðurstaðna skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, vinnu þingmannanefndarinnar, fræðigreinum og samræðum við fjölmarga einstaklinga sem þekkja vel til, m.a. lögfræðinga. Ég samþykkti ákærur á þrjá ráðherra, en hafði mikilar efasemdir um fyrrverandi utanríkisráðherra. Ekki af því að hún bæri ekki mikla pólitíska ábyrgð á störfum ríkisstjórnarinnar sem formaður annars stjórnarflokksins, heldur vegna skipanar stjórnarráðsins í afmörkuð ráðuneyti. Ákæruvald Alþingis er bundið við lög um ráðherraábyrgð. Ráðherraábyrgð er bundin við embættisverk ráðherra og tekur til lagalegrar ábyrgðar þegar pólitískri ábyrgð sleppir. Efnahagsmál, ríkisfjármál og málefni fjármálamarkaðar heyra ekki undir utanríkisráðherra. Þetta er auðvitað umdeilanleg afstaða, en hún er byggð á málefnalegum forsendum.

Ég vek athygli á því að þeir sjálfstæðismenn sem hafa gagnrýnt mig eftir atkvæðagreiðsluna eru sammála þessu mati mínu. Þeirra gagnrýni getur því vart talist málefnaleg hvað þetta varðar.

Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar var ekki í samræmi við mína afstöðu, enda taldi ég rétt að ákæra þrjá ráðherra. Meirihluti Alþingis var sammála mér um tvo ráðherra af fjórum. Þessari niðurstöðu verð ég að una eins og aðrir þingmenn.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Samræða um nýja stjórnarskrá

Í DAG
Þorvaldur Gylfason
prófessor



Haustið 1946 birti tímaritið Helgafell tvær ritgerðir um stjórnarskrármál, aðra eftir Ólaf Jóhannesson, síðar forsætisráðherra, og hina eftir Gylfa Þ. Gíslason, síðar menntamálaráðherra. Þeir voru þá báðir um þrítugt. Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands var þá aðeins tveggja ára, en ástand þjóðlífsins var lævi blandið að loknu stríði og vakti vangaveltur um stjórnskipun landsins. Gefum Ólafi og Gylfa orðið.

**Mörg ríki í ríkinu**

Ólafur: „Ég tel, að breytingar á stjórnarskránni eigi fyrst og fremst að miða að því að tryggja raunverulegt lýðræði í landinu og fyrirbyggja hvers konar ofbeldi einstaklinga og félagsheilda.... vald stjórnmálaflokkanna og ýmissa hagsmunasamtaka er orðið meira en góðu hófi gegnir. Í rauninni er þar orðið um að ræða mörg ríki í ríkinu, og þau svo voldug, að þau beygja ríkisvaldið og knésetja þjóðarheildina.“

Gylfi: „Ríkisstjórnin er ... alltof háð stjórnmálaflokkunum, þar eð þeir eða einhverjir þeirra beinlínis tilnefna hana. ... stuðningsmenn telja sig oft eiga hönk upp í bakið á þeim, sem þeir hafa lyft í valdastólinn, og erfitt getur reynzt að halda því sæti án ýmiss konar umbunar. ... Hin nánu tengsl framkvæmdarvaldsins við stjórnmálaflokka valda því, að menn eru oft og einatt fremur valdir til trúnaðarstarfa eftir stjórnmálaskoðun og fylgispekt við valdhafa en hæfileikum og dugnaði. ... Það, að vera í stjórnmálum á öndverðum meiði við valdahafa, hefur jafnvel virzt svo vís trafali á vegi til trúnaðarstarfa, að ungir menn hafa oft talið það nálgast skerðingu á skoðanafrelsi sínu.“

**Vald forseta**

Ólafur: „Ég er þeirrar skoðunar, að auka beri vald forseta frá því, sem nú er, og gera þurfi nokkru gleggri grein á milli hinna einstöku þátta ríkisvaldsins. ... Í stjórnarskrána ætti því að setja sérstök og skýlaus ákvæði um, að forseti skuli tilnefna ráðherra án atbeina þingsins, þegar það hefur gefizt upp við stjórnarmyndun. ... Jafnframt stjórnarskrárbreytingunni þyrfti að fækka þingmönnum, t.d. niður í 40. Sú aðferð, sem höfð hefur verið við svo að segja allar stjórnarskrárbreytingar, sem hér hafa verið gerðar, að fjölga þingmönnum, er ófær og hlýtur að enda í öngþveiti, ef henni verður haldið áfram. ... Þá þarf að setja í framtíðarstjórnarskrá landsins ýtarlegri ákvæði um eignarrétt ... og lögvernd hans, þannig að einstakir menn auðgist ekki óhæfilega fyrir beinar aðgerðir hins opinbera.“

Gylfi: „Þingmönnum ætti að fækka verulega, hafa þá t.d. 33. ... Til þess að festa ríkisstjórnina í sessi og gera hana óháða stjórnmálaflokkunum verður að gera löggjafar- og framkvæmdarvaldið mun óháðara hvort öðru en nú er. ... Forseti á að taka vald sitt beint frá þjóðinni og vera hinn æðsti handhafi framkvæmdarvaldsins. Hann ætti að staðfesta lög og geta synjað um staðfestingu, þar til þjóðaratkvæði hefur gengið um frumvarpið, og hann ætti að hafa heimild til þess að rjúfa þingið og fyrirskipa kosningar. Ennfremur ætti hann að tilnefna ráðherra, og ættu þeir ekki að mega vera alþingismenn. ... Kostir þessarar tilhögunar eru fyrst og fremst þeir, að ... meiri líkur eru til þess, að farið sé heiðarlega með framkvæmdarvaldið og því ekki misbeitt í þágu einstaklinga, héraða, flokka eða annarra samtaka og til starfa í þágu ríkisins veljist hæfir menn, þar eð stjórnin er engum háð öðrum en forseta. Yfirleitt ætti að mega búast við því, að draga mundi úr hinum alltof miklu áhrifum stjórnmálanna í þjóðlífinu og ýmsu því, sem óheilbrigt hefur mátt telja í opinberu lífi þjóðarinnar.“

> Ólafur: „Þess vegna megum við ekki setja neitt oftraust á nýja stjórnarskrá. Það er þjóðin, sem við verðum að treysta. Hana þarf ef til vill einnig eitthvað að bæta.“

**Alþingi, stjórnarskráin og þjóðin**

Ólafur: „Alþingi ... er sú stofnun þjóðarinnar, sem mestrar virðingar á að njóta. Eigi það ekki að glata þessari virðingu, þarf að gera á skipun þess vissar breytingar. Eigi það í framtíðinni að verða fulltrúasamkunda þjóðarinnar og landsins í heild, en ekki einstakra klíkna eða hagsmunahópa, þarf að breyta kjördæmaskipaninni.“

Gylfi: „... hverjar sem þær breytingar verða, er afráðið verður að gera á stjórnkerfinu, er jafnhliða og jafnvel fyrst og fremst nauðsynlegt, að um verði að ræða róttæka hugarfarsbreytingu hjá þjóðinni, stjórnmálamönnum hennar og embættismönnum. ... Vér Íslendingar skipum oss alltof fast í flokka, vér erum óvægnir í deilum, oss skortir hlutlægni í hugsun og dómum og er miklum mun of gjarnt að líta á menn fremur en málefni.“

Ólafur: „Þess vegna megum við ekki setja neitt oftraust á nýja stjórnarskrá. Það er þjóðin, sem við verðum að treysta. Hana þarf ef til vill einnig eitthvað að bæta.“

AF NETINU

## Steingrímur til óþurftar

Þingmennirnir leggjast lágt með því að stefna stjórnmálaandstæðingi fyrir refsidóm. Það er rétt, sem Geir sagði á Stöð 2, að Steingrímur J. Sigfússon, formaður vinstri-grænna, stendur að baki þessum ofsóknum. Hann er mesti óþurftarmaður íslenskra stjórnmála um þessar mundir.

Steingrímur J. stóð að því með Árna Þór Sigurðssyni, formanni vinstri-grænna í utanríkismálanefnd alþingis, að senda ESB-aðildarumsókn Íslands til Brussel.

Steingrímur J. stóð að því með Svavari Gestssyni að semja um Icesave á hinn versta hátt fyrir þjóðina.

Steingrímur J. stóð að því með Indriða H. Þorlákssyni að breyta skattkerfinu til verri vegar og grafa undan sparnaði og atvinnustarfsemi.

Steingrímur J. stóð að því með Atla Gíslasyni að breyta pólitískum andstæðingi í sakamann.

bjorn.is

**Björn Bjarnason**

## Geir er einn fyrir alla

Sök Geirs er meiri en sök Ingibjargar Sólrúnar, Árna og Björgvins. Þau voru bara venjulegir ráðherrar, en hann var forsætis. Hann er „einn fyrir alla“, sjálfur hrunstjórinn. Að vísu eru Davíð og Halldór Ásgrímsson sekari. En sök þeirra var fyrnd samkvæmt lögum um Landsdóm. Þeir verða teknir í bakaríið á öðrum vettvangi. Geir svaf óneitanlega á vaktinni í hruninu. Svaf ekki bara í hruninu, heldur í heilt ár fyrir hrun.

jonas.is

**Jónas Kristjánsson**



# Hvernig verður kosið til stjórnlagaþings?

Stjórnlagaþing

Þorkell Helgason
stærðfræðingur og ráðgjafi í kosningamálum



Stjórnlagaþing verður haldið síðla komandi vetrar. Því er ætlað að gera tillögur um endurbætur á stjórnarskránni og verða viss lokahnykkur á því uppgjörs- og umbótaferli sem hefur verið í gangi eftir hrunið. Stjórnlagaþingið verður að vísu aðeins ráðgefandi, Alþingi mun hafa lokaorðið. En þingið getur samt ráðið úrslitum ef þar verður vel unnið og breið samstaða næst. Framboð og kosning til þessa þings er því mikilvægur áfangi á lýðræðisferli okkar.

Kosning til stjórnlagaþingsins, sem fer fram 27. nóvember nk., verður með allt öðrum hætti en tíðkast hefur í almennum kosningum hérlendis. Kosnir verða 25 þingfulltrúar en til að jafna kynjahlutföll kunna allt að sex fulltrúar að bætast við. Þeir sem bjóða sig fram raðast ekki á lista og eru engum skuldbundnir nema eigin samvisku. Landið verður eitt kjördæmi. Vægi atkvæða verður því óháð búsetu. Talningin fer fram miðlægt á vegum landskjörstjórnar og úrslit verða birt fyrir landið í heild, ekki eftir kjördæmum.

Kjósendur hafa mikið svigrúm til að ráðstafa atkvæði sínu. Þeir merkja ekki aðeins við einn frambjóðanda með krossi eins og vaninn hefur verið heldur velja þeir eins marga og hugur þeirra býður, allt að 25. Ekki nóg með það heldur skulu kjósendur raða þeim sem þeir vilja að sitji þingið í forgangsröð. Kjósandinn velur fyrst þann frambjóðanda sem hann leggur mest kapp á að nái kjöri, en að honum frágengnum þann frambjóðanda sem hann vill að þá taki við keflinu og nýti atkvæði sitt o.s.frv.

Með því fyrirkomulagi sem felst í sjálfri talningaraðferðinni er til hins ítrasta leitast við að lesa í vilja kjósenda þannig að atkvæði sem flestra hafi áhrif á lokavalið. Kjósendur þurfa ekki að velja nema einn frambjóðanda en hvetja verður alla til að raða sem flestum í forgangsröð og nýta þannig atkvæði sitt til fulls. Með því er ekki verið að þynna atkvæðið út eða drepa því á dreif. Þvert á móti. Það rýrir aldrei stuðning kjósandans við þá sem á undan eru komnir í forgangsröð hans að bæta fleirum við. Það skaðar t.d. ekki þann sem valinn hefur verið sem 1. val ef bætt er við öðrum að 2. vali. Þetta er mikilvægur eiginleiki aðferðarinnar, e.t.v. sá mikilvægasti.

Lesa má meira um aðferðafræðina á vefsíðunni: http://www.landskjor.is/stjornlagathing/adferdafraedi-vid-kosningu-til-stjornlagathings/.

Kjósendur fá víðtækt vald í til að velja sér verðuga fulltrúa á stjórnlagaþingið með því fyrirkomulagi sem verður við kosninguna. Kjósendur eiga að nýta þetta vald sitt og hafa þannig áhrif á gerð nýrrar stjórnarskrár.






# Eitt skref áfram, annað aftur á bak

Stjórnsýsla

Ari Trausti Guðmundsson
náttúruvísindamaður og rithöfundur



Margan hefur undrað flókið skipulag íslenska ríkisins í ekki stærra þjóðfélagi en hér er. Þetta birtist til dæmis í fjölda ráðuneyta, sem flest eru þó óþarflega mannfá miðað við verkefni samfélagsins, og eins í ákaflega mörgum stofnunum (að skólum og heilbriðisstofnunum frátöldum). Vissulega er þessi staða ekki með öllu óeðlileg vegna þess að auðveldast var að bæta við sjálfstæðri stofnun eftir því sem þjóðfélagið varð flóknara að gerð og lagakröfur jukust. Fjöldi einmenningsstofnana vekur furðu og enn er verið að bæta þeim við. Fjöldinn allur af stofnunum starfar með innan við 10 starfsmenn. En eins og í flestum greinum er rétt að endurskipuleggja starfsemina með nokkru millibili. Löngu er kominn tími til þess. Um þessar mundir er unnið að tímabærri endurskipulagningu ráðuneyta hvað sem ágöllum á framkvæmdinni líður. Á undanförnum árum hefur líka verið unnið að sameiningu ríkisstofnana, flutningi og endurskipulagningu, eflaust með eitthvað misjöfnum árangri en þó til bóta, oftar en ekki, sbr. sameiningu Veðurstofunnar og Vatnamælinga. Umhverfismál er sá málaflokkur sem stækkar einna hraðast, hér sem annars staðar. Skýringanna er auðvitað að leita í auknu álagi á umhverfi mannsins og nauðsyn þess að stýra virkni okkar með margfalt meiri sjálfbærni í huga en þekkst hefur frá upphafi iðnbyltingarinnar. Sérfræðingar jafnt sem leikmenn horfa núna til þess að stofnanir eins og Skógrækt ríkisins, Landgræðsla ríkisins og t.d. ríkisstyrktu landshlutaverkefnin í skógrækt verði sameinuð í eina stofnun, Landauðlindastofnun. Þar er hægt að reka öflugar rannsóknir og ráðgjöf innan eins fræðasviðs og stýra aðgerðum með sterku framkvæmdasviði; allt undir stjórn Umhverfisráðuneytisins. Þess konar Landauðlindastofnun gæti líka tekið yfir hluta af starfsemi Náttúrufræðistofnunar, annað á heima í Háskóla Íslands. Með samvinnu Landauðlindastofnunar við m.a. Íslenskar orkurannsóknir og Orkustofnun væri haldið þétt utan um auðlindir uppi á landi. Hafrannsóknastofnun, í samvinnu við aðrar rannsóknastofnanir, og þá komin undir Umhverfisráðuneytið, sæi áfram um auðlindir í hafi. Mörgum finnst að nútíma náttúruvernd hafi farið heldur halloka á undanförnum árum. Full ástæða er til að endurskoða allt skipulag náttúruverndar, friðana og samþættingar á vernd og nýtingu með það fyrir augum að stofnanabinda slíkt með skilvirkari hætti en nú er; eins þótt breytt Umhverfisstofnun hafi um sumt verið drjúgt skref fram á við.

> Fjöldi einmenningsstofnana vekur furðu og enn er verið að bæta þeim við. Fjöldinn allur af stofnunum starfar með innan við tíu starfsmenn.

En skrefum fram á við fylgja oft skref aftur á bak. Vandséð er að skref sem nú verða tekin í átt að bættri stjórnarskrá séu nógu vel ígrunduð. Þegar þetta er skrifað hafa litlar opinberar umræður farið fram um ráðgefandi stjórnlagaþingið sem þó er ákveðið rétt handan við hornið, eftir allt of langt hik. Hvað þá um sjálfar stjórnarskrárbreytingarnar. Ég get ekki séð að umræðuskorturinn og afar stuttur frestur til framboðs geti orðið ávísun á vandaða vinnu þingsins sem á m.a. að endurspegla vilja þjóðarinnar og vinna úr (fyrirsjáanlega almennum) ábendingum 1.000 manna þjóðfundar. Rúmlega mánaðarlöng „kosningabrátta", jafnvel með dapurlegu prófkjörsyfirbragði, eftir að framboð eru ákveðin, hæfir ekki verkefninu. Það hefði átt að skipuleggja miklu betur mótaðri farveg fyrir kynningar frambjóðenda en þær sem eiga að felast í einhverju efni sem kann að koma frá uppteknu ráðuneyti dómsmála. Alvarlegast er þó að í stað átta mánaða setu þingsins á það að ljúka vinnu á tveimur mánuðum (!). Hafi styttingin komið til vegna sparnaðar, þá er hún byggð á misskilningi. Það gleymist að mitt í milljarðasúpu týndra peninga, uppgjöf enn hærri skulda og gríðarlegri peningasöfnun fjármálastofnana um þessar mundir, er réttlætismál að almenningur fái sæmilegt ráðrúm til að setja allri heildinni nýjar nútímareglur siðaðs samfélags. Eins þó að það kosti 800 milljónir króna í stað 300 milljóna. Líklega bendir áhugaleysið sem endurspeglast í fjölmiðlum til þess að fyrirhuguð vinnubrögð við að setja landinu ný grunnlög virka eins og ódýrt snuð upp í okkur flest.

# Atvinnustefna og nýsköpun

Atvinnustefna

Örn D. Jónsson
prófessor við HÍ

Rögnvaldur J. Sæmundsson
dósent við HR





Á síðustu tíu árum hefur umfang álbræðslu hérlendis aukist úr 250 þús. tonnum í 800 þús. tonn. Á teikniborðinu eru áform um að auka það í rúmlega 1.800 þús. tonn. Ef af verður hefur atvinnustefna á Íslandi verið ákveðin til a.m.k. næstu tíu ára. Þá yrði Ísland eitt skuldsettasta þjóðríki heims um fyrirsjáanlega framtíð, útflutningur einhæfari með tilheyrandi hagsveiflum og þjóðin háð undanþágum á losunarkvóta gróðurhúsaloftegunda í stað þess að geta státað af afgerandi forskoti í sjálfbærni á heimsvísu.

Þessi grein er önnur grein okkar af þremur um tengsl atvinnustefnu og nýsköpunar á Íslandi. Fyrsta greinin fjallaði um sjávarútveg, þessi fjallar um orkuframleiðslu og stjóriðju og síðasta greinin um tækifæri til nýsköpun við núverandi aðstæður. Markmið okkar er að benda á þá þversögn sem felst í áherslum á aukna auðlindanýtingu meðan tækifæri til alþjóðlegrar nýsköpunar blasa við.

Árið 2008 var útflutningur áls verðmætari í krónum talið en útflutningur sjávarfangs. Sú staðreynd markar á vissan hátt tímamót í ljósi þeirra markmiða sem sett voru upp úr miðri síðustu öld þegar ákvörðun var tekin um að hagnýta vatnsorku í miklum mæli; draga úr einhæfni útlutnings; efla iðnað með því að vinna úr álinu hérlendis og færa atvinnulíf í átt til þess sem þekktist í nágrannalöndunum og verða iðnríki. Frekari uppbygging stóriðju gengur þvert á þessi markmið. Hún bindur meginhluta þeirrar orku sem telst hagkvæmt að nýta, ef tekið er mið af núverandi tækniþekkingu, við eina atvinnugrein. Verktakastarfsemi og þjónustuverkefni henni tengd, s.s. umboðssala á byggingarefni og verkfærum, verður þungamiðja atvinnuþróunar hérlendis. Verst er þó að þessi uppbygging dregur úr möguleikum til nýsköpunar sem eru nærtækir hér og nú, en þau ruðningsáhrif er erfitt að mæla í tölum.

### Álverið í Straumsvík var framfaraskref á sínum tíma …

Smíði Búrfellsvirkjunar og álversins í Straumsvík var ótvírætt framfaraskref á sínum tíma, jók á tækniþekkingu og verkfærni landsmanna og dró tímabundið úr atvinnuleysi sem hafði myndast þegar síldarstofninn hrundi. Fiskur hafði verið um og yfir 90% af útflutningsverðmætum þjóðarinnar en með tilkomu áls og síðar járnblendis varð hlutur fisksins í kringum 80%.

Væntingar um uppbyggingu iðnaðar og nýsköpun í tengslum við tilkomu stóriðjunnar hafa ekki ræst. Þrátt fyrir að álbræðsla sé leið til að breyta hráefni í markaðsvöru með fjölþætta notkun og að álverið í Straumsvík framleiði vörur með marga mismunandi eiginleika þá hafa afurðir álveranna ekki nýst af neinu ráði til iðnaðar hérlendis. Auk þess hefur atvinnustarfsemi tengd rekstri álveranna verið hverfandi og þá í flestum tilfellum aðeins með óbeinum hætti.

Núverandi uppbygging áliðnaðar á Íslandi kemur til ekki síst vegna aukins áhuga álfyrirtækja á nýtingu endurnýjanlegrar orku og því svigrúmi sem Íslendingar hafa til losunar á gróðurhúsalofttegundum. Ísland hefur nokkra sérstöðu meðal annarra þjóða þegar kemur að orkuframleiðslu. Nánast öll orka sem framleidd er hérlendis er endurnýjanleg. Til samanburðar má benda á að sambærileg tala fyrir Bandaríkin er 7% og 17% fyrir Evrópusambandið. Hins vegar losa álver talsvert af gróðurhúsalofttegundum og ef miðað er við losun gróðurhúsalofttegunda þá stefnum við hraðbyri í hóp mestu umhverfissóða heims og fari fram sem horfir þá verður þjóðin ósigrandi á því sviði. Framleiðslan er vistvæn en notkunin mengandi.

### … en núverandi áform um stóriðju færa okkur nokkur skref til baka

Atvinnustefna sem byggir á orkuframleiðslu til stóriðju er illskiljanleg. Varla er það aukin fjölbreytni atvinnulífsins né jafnvægi í byggð landsins sem er þar að baki. Ef áformin ganga eftir mun álbræðslan taka við af sjávarútvegi sem sveifluvaldur í íslensku efnahagslífi. Flest álverin verða staðsett á suðvesturhorni landsins þar sem yfir 80% þjóðarinnar býr. Hagkvæmni orkuframleiðslunnar er vafasöm. Fjölgun starfa er léttvæg bæði vegna þess að störfin eru fá eftir að rekstur hefst og þeir sem vinna við framkvæmdir eru að uppistöðu til illa launaðir farandverkamenn. Í dag eru störf í álverum minna en 1% af störfum á vinnumarkaði.

Upphaflegur ásetningur stjórnvalda hefur í fyllsta máta snúist upp í andstæðu sína. Stóriðjan eykur á einhæfni atvinnulífsins og vöruútflutnings, skapar fáum atvinnu, veikir enn stöðu byggðar utan suðvesturhornsins og breytir Íslendingum í stórtækustu unhverfissóða heims, reyndar í boði heimsbyggðarinnar sem góðfúslega veita sitt leyfi. Spurningin verður því á áleitnari; til hvers? Sérstaklega þegar haft er í huga að möguleikarnir til að vaxa inn í framtíðina á gifturíkan hátt eru í senn nærtækir og auðsæir. Um þá verður nánar fjallað í næstu grein.

Prófaðu gott nýtt brauð!

# Nýtt heilsubrauð úr íslensku byggi frá Þorvaldseyri

ÍSLENSKT já takk!

Smakkaðu nýtt íslenskt heilsubrauð frá Myllunni. Nýtt Eyrarbrauð er bakað úr byggi frá Þorvaldseyri. Fáðu þér hollustu og kraft beint úr íslenskri náttúru. Fæst í helstu verslunum.




Prófaðu gott nýtt brauð!

ÞORVALDSEYRI KORNRÆKT FRÁ 1960

Nýtt Eyrarbrauð er bakað úr byggi frá fjölskyldunni á Þorvaldseyri



MYLLAN ALLTAF NÝ BAKAÐ

Skoðaðu myllan.is

# Rök í skötulíki

Samgöngumál



G. Pétur Matthíasson
upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar

Nú styttist í að nýr vegur um Lyngdalsheiði verði tekinn í notkun, íbúum og landsmönnum öllum til hagsbóta. Vegurinn leysir af hólmi hættulegan veg sem er að mestu malarvegur og þar að auki ófær mestan hluta vetrar. Af þessu tilefni sér Tryggvi Felixson ástæðu til að rita grein hér í Fréttablaðið þann 24. september og fer því miður ekki allskostar rétt með.

Tryggvi talar um að vegalagningin brjóti í bága við almenn og viðurkennd náttúruverndarviðmið. Ég veit ekki hvað það þýðir en tel mig vita að Tryggvi taki svona til orða til þess að þurfa ekki að segja að öll skilyrði náttúrverndar eru uppfyllt. Vegagerðin vann mat á umhverfisáhrifum og leitaði umsagnar svo sem vera ber hjá Umhverfisstofnun, Fornleifavernd ríkisins, Bláskógabyggð, Ferðamálaráði, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Landgræðslunni og Þingvallanefnd. Veglagningin var heimiluð af Skipulagsstofnun og umhverfisráðherra að uppfylltum skilyrðum um að fylgst yrði með mengun af völdum, einsog það heitir, „loftaðborins köfnunarefnis“ og hefur það verið gert. Litið var til viðmiðana sem fram koma í lögum og reglum, verndaráætlunum, skipulagsáætlunum og í alþjóðlegum sáttmálum og fallist var á að vegurinn væri í samræmi við þessi viðmið.

Rétt er að árétta að vegurinn liggur ekki innan Þingvallaþjóðgarðs og ekki á skráðu svæði heimsminjaskrár UNESCO. Breyting verður vissulega á ásýnd lands en eingöngu á afmörkuðum svæðum og hefur Vegagerðin kappkostað að velja veglínu þannig að verndun jarðmyndana sé tryggð og samspil haldi sér. Samkvæmt rennslislíkani eru megin straumar vatns norðar en vegstæði Lyngdalsheiðarvegar auk þess sem engin áform eru uppi um vatnstöku á Þingvallasvæðinu.

Umferð mun aukast með nýjum vegi en það hefði einnig gerst þótt haldið yrði áfram að keyra Gjábakkaveginn og ljóst að umferð eykst sökum þess að Þingvellir eru komnir á heimsminjaskrá S.þ. Varðandi mengun vegna umferðar er líklegt að hún minnki sökum þess að hraði á nýja veginum verður jafnari og þar sem halli er lítill miðað við Gjábakkaveginn verður mengun minni en ella af völdum útblásturs.

Umferð um þjóðgarðinn er stýrt með því að hámarkshraði er 50 km og lega vegarins ýtir undir rólegan akstur, það mun ekki breytast. Þingvallanefnd er svo í lófa lagið að banna umferð flutningabíla um þjóðgarðinn reynist það nauðsynlegt til verndar náttúrunni.

Mikilvægast er þó að umferðaröryggi eykst verulega auk aukinnar greiðfærni sem er hvorttveggja keppikefli í allri vegagerð á Íslandi sem annarsstaðar. Það er rangt að mögulegt hafi verið að bæta Gjábakkaveginn enda liggur hann mun hærra í landi um hæðóttara land. Það hefði heldur ekki orðið til þess að minnka umferðina. Nýi vegurinn er því byggður með langtímahagsmuni íbúa, vegfarenda, landsmanna og náttúrunnar í huga.




# Ísland og þúsaldarmarkmiðin

Þróunaraðstoð



Stefán Jón Hafstein
umdæmisstjóri Þróunarsamvinnustofnunar í Malaví

Eitt sinn töluðu menn um stjarnfræðilegar upphæðir í efnahagsmálum. Nú eru stjarnfræðingar farnir að tala um efnahagslegar tölur til að lýsa alheiminum. Vitna þá í hrunkostnað og margvíslegan stríðsrekstur. Stríðið í Írak búið að kosta þrjú þúsund milljarða dollara, og bankakreppan á Wall Street skammt undan, fyrir utan hruntölur víðar að. Afganistan ótalið. Öll þessi núll og aukastafir rugla jafnvel þá í ríminu sem glíma við sólkerfi og vetrarbrautir. Í þessu sambandi er ein tala mjög lítil: 20 milljarðar dollara. Hún er talan sem segir hve mikið vantar upp á að ríku löndin standi við loforð sín um þróunaraðstoð í ár. Lág tala á mælikvarða mannlegra mistaka, en myndi muna mikið um hana hjá fátæka fólkinu. Ekki síst hjá þeim litla milljarði manna sem lifir af 170 krónum á dag.

### Markmiðin forgangsraða

Nú hafa leiðtogar heimsins enn fundað um svonefnd þúsaldarmarkmið, sem eru skilgreining á þeim markmiðum sem menn setja sér að ná fyrir fátæku löndin árið 2015. Fimm ár til stefnu og þótt margt hafi áunnist er enn þá svo langt í land að fimm ár duga engan veginn. Aldamótin síðustu voru notuð til að spýta í lófana í þróunarmálum, skilgreina forgangsröðina betur og setja háleit markmið sem átti að ná á stuttum tíma. Kosturinn við þessi markmið er sá að þau snúast um hluti sem auðvelt er að ná samstöðu um: Hjálpa þeim sem búa við mesta örbirgð, koma í veg fyrir að konur farist úr barnsnauð, stemma stigu við hættulegum sjúkdómum, tryggja öllum börnum grunnskólagöngu og koma í veg fyrir hungur. Ókosturinn við þau er hins vegar sá að séu þau ekki löguð að aðstæðum hverju sinni passa þau hvergi.

### Ísland og þúsaldarmarkmiðin

Ef íslensk þróunaraðstoð í Malaví er skoðuð þá fylgir hún grunnhugsun þúsaldarmarkmiðanna. Eitt þeirra er að útvega hreint vatn og hreinlætisaðstöðu. Í ár lýkur verkefni sem gengur einmitt út á að koma upp nokkur hundruð vatnsbólum í þorpum þar sem engin voru fyrir; 20 þúsund heimili munu njóta. Í þessum mánuði verður tekin í notkun ný fæðingardeild í litlu þorpssjúkrahúsi sem Íslendingar hafa byggt upp. Konur sem áður fæddu á bastmottum í leirkofum úti í þorpunum fá nú aðgang að góðri fæðingardeild og sængurkvennaþjónustu. Spítalinn er líka með litla skurðstofu sem var opnuð fyrir tveimur árum, þar er hægt að gera keisaraskurði í neyðartilvikum, í stað þess að bíða sjúkrabíls og aka 50 km leið. Í afskekkri sveit eru verkamenn að hefja smíði á fæðingargangi við litla heilsugæslustöð sem þjónar 15.000 manns. Marga mánuði á ári eru allir vegir ófærir meðan regntíminn stendur og útilokað að koma konu í barnsnauð til aðstoðar með sjúkrabíl. Hver kona á að meðaltali sex börn svo ljóst má vera að í þessari sveit er rík þörf fyrir þjónustu af þessu tagi. Þessir hlutir stuðla að því að Malaví mun geta sýnt fram á lækkaða dánartíðni mæðra og ungbarna árið 2015. Ekki má gleyma að í héraðinu hafa Íslendingar byggt eða endurgert 23 grunnskóla. Þar vinnum við líka samkvæmt þúsaldarmarkmiðunum og vantar enn mikið upp á, í þessu 800 þúsund manna héraði eru 300.000 börn á grunnskólaaldri og meira en helmingur hefur ekki skólastofu til að sitja í, heldur fer kennsla fram undir tré. Ólæsi er mikið í þessu héraði, meira en helmingur kvenna ólæs. Íslendingar styrkja 90 leshringi fyrir fullorðinnafræðslu.

> Nú eru stjarnfræðingar farnir að tala um efnahagslegar tölur til að lýsa alheiminum.

### Horft að neðan

Meðan hinir háu herrar og frúr ræddu stöðu mála á þingi Sameinuðu þjóðanna gekk lífið sinn vanagang við Malavívatn. Sjúkrabílarnir sem Íslendingar gáfu voru stöðugt á ferðinni. Vonast er til að gólfdúkurinn á nýju fæðingardeildina komist á alveg næstu daga og þá verður nýjum fæðingarbekkjum rúllað inn. Við fengum fregnir af því að verktakinn væri kominn á vettvang til að grafa fyrir viðbyggingu í heilsugæslustöðinni í sveitinni afskekktu, nú hefst kapphlaup við tímann því rigningarnar byrja í desember. Við sendum smotterí af byggingarefni sem vantaði til þorpsbúa úti á mörkinni, þeir ákváðu að byggja sjálfir skólastofur en fengu aðstoð frá okkur með steypu og járn. Upphæðin er svo lág að hún mælist ekki á hinum stóra kvarða þúsaldarmarkmiðanna. Samt eru þessar skólastofur hluti af þeim. Það er ágætt að vita til þess að þessar áþreifanlegu og raunverulegu lífskjarabætur muni á endanum rata inn í skýrslur og verða hluti af aukastöfum og prósentum sem verða ræddar af kappi í þingsölum um víða veröld.

# Berlín

Utanríkismál



Einar Benediktsson
fyrrverandi sendiherra

Að Berlín væri gjöreyðilögð í stríðinu var okkur ungmennum þeirra ára harla lítið undrunarefni. Í þessu síðasta vígi Hitlers voru ótrúlega illvígir bardagar fanatískra þýskra hersveita við rússneska herinn og eftir stóðu rústir einar. Berlín sýndist manni af fréttamyndum ekki annað en steinhrúga. Um tuttugu árum síðar gafst höfundi þessara lína tækifæri að heimsækja borgina, þá hersetna af sigurvegurunum en múrinn skildi að Vestur og Austur Berlín. Farið var í gegnum hinn fræga Check Point Charlie inn í þýska Alþýðulýðveldið. Í endurreisninni var um að ræða tvær borgir, að vísu aðskildar en þó samvaxnar og hvor mjög svo með sínum brag, önnur spennandi, hin grá og leiðinleg; vesturhlutinn var birtingarmynd allsnægta fyrir hina fangelsuðu austurbúa. Ekki var útlit fyrir annað en að hin tilkomulitla Bonn yrði höfuðborg Vestur Þýskalands um ókomin ár En 1989 féll Berlínarmúrinn, Þýskaland sameinast 3. október 1990 og með Berlín að höfuðborg þá hina sömu og fyrrum varð til sem stórborg á keisaratímanum.

Berlín varð að rísa að nýju og gefur það borginni sérstakan sess meðal stórborga eins og París, London og Washington. Um 80 % miðborgarinnar var eyðimörk eftir stríðið og einu mesta byggingarátaki sögunnar er það að þakka að þarna er núna nær 4 milljóna manna glæsileg nýtískuborg. Og höfuðborg Þýskalands, stærsta aðildarríkis Evrópusambandsins, sómir sér vel á vatnaskilum sinnar erfiðu fortíðar og bjartrar framtíðar nýrrar Evrópu. Brandenborgarhliðið sem áður var á mörkum Austur og Vestur Berlínar er táknrænt nýtt hlið við að þungamiðja Evrópusambandsins hefur færst til austurs. En það verður heldur ekki hlaupið frá fortíðinni. Átakanlegt geypistórt minnismerki er um milljónir gyðinga sem myrtir voru af mönnum Hitlers. Sýnishorn er af múrnum og Checkpoint Charlie. Því geyma Þjóðverjar þessa fortíð og sinna nýju hlutverki. Þeirra er stærsta hagkerfi Evrópusambandsins sem hefur notið hins frjálsa innri markaðs um vöxt og viðgang undanfarna áratugi.

Ein afleiðing söguþróunarinnar þegar Þýskaland sameinast og höfuðborgin flyst til Berlínar, var að samvinna Norðurlandanna tók á sig nýja og glæsilega mynd. Tekið var höndum saman um að byggja þar sameigninlega sendiráðsskrifstofur landanna fimm. Hvergi er sendiráð Íslands betur sett en í því samfélagi. Höfundur átti þess kost fyrir skemmstu að heimsækja þarna hinn margreynda sendiherra Gunnar Snorra Gunnarsson, fyrrum ráðuneytisstjóra, og starfslið hans. Ánægjulegt var að geta kynnst því að í þessu sameiginlega sendiráðasvæði hefur á röskum áratug áunnist sterk staða í Þýskalandi hvort sem er í stjórnmálatengslum, viðskiptum eða menningarlegri útbreiðslu. Og starf sendiráðsins í Berlín er sömuleiðis rækt eftir föngum í Póllandi, Króatíu, Serbíu og Montenegró. Sé litið til austurs er Berlín ákjósanlegur staður.

AF NETINU

### Skipulagt skemmdarverk



Íslendingar urðu í gær vitni að stórslysi Samfylkingarinnar í beinni útsendingu frá Alþingi. Fjórir þingmenn flokksins ætluðu að veiða Sjálfstæðisflokkinn í gildru með því að beita atkvæðum sínum taktískt til að tryggja saksókn gegn Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, fyrir Landsdómi. Allir vissu, að slík niðurstaða myndi leiða til þess, að þingmenn Sjálfstæðisflokksins myndu í kjölfarið annað hvort ganga út úr Alþingishúsinu eða lýsa frati á atkvæðagreiðsluna með því að sitja hjá í atkvæðagreiðslu um hina þrjá ráðherrana úr ríkisstjórn Geirs. Slík afstaða hefði leitt til saksóknar gegn öllum ráðherrunum og afhjúpað sjálfstæðismenn á Alþingi, sem óprúttna flokksgæslumenn.

Sjálfstæðismenn höfðu hins vegar krók á móti bragði. Þeir tóku ekki þátt í sandkassaleik Samfylkingarþingmannanna en stóðu þess í stað fast við yfirlýsta sannfæringu sína um, að ekki væri rétt að leiða neinn ráðherra úr ríkisstjórn Geirs H. Haarde fyrir Landsdóm. Eftir sitja fjórir þingmenn Samfylkingarinnar með sárt ennið. Flétta þeirra gekk ekki upp og þjóðin hefur á þeim ímugust.

Sjálfsagi sjálfstæðismanna í gær var virðingarverður. Hann var ennfremur jafn útsmoginn og hann er sjaldséður. Voru það e.t.v. Skúli Helgason, Helgi Hjörvar, Ólína Þorvarðardóttir og Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, sem féllu í gildru sjálfstæðismanna? Skelfingarsvipurinn á Ólínu í Kastljósinu í gærkvöldi bar vitni um, að hún gerði sér grein fyrir því, að hún, ásamt félögum sínum þremur, hafði misreiknað sig hrapallega. Engu líkara var, en Ólína hefði séð draug.

http://www.pressan.is/pressupennar/OlafurArnarson

**Ólafur Arnarson**

REPUBLIC OF **Fritz Hansen**





**AFMÆLISVIKA #4 30. SEPT.-02. OKT.**

# Afmælis gjafverð

Afmælisveislunni með tilheyrandi tilboðum lýkur á laugardag

**epal**

35 ÁRA 1975 2010

Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is





# Með húsvernd upp úr lægð

**Húsvernd**

**Nikulás Úlfar Másson**
forstöðumaður Húsafriðunarnefndar



Menningararfur þjóðarinnar getur haft miklu hlutverki að gegna í áætlunum um enduruppbyggingu samfélagsins. Minjavarsla í víðum skilningi snýst ekki aðeins um fortíðina heldur getur átt stóran hlut í endurreisn samfélagsins til framtíðar. Auðvelt er að sýna fram á að fjárfesting í menningararfinum er umhverfisvæn, sjálfbær og mælanlega árangursrík lausn á niðursveiflu. Endurbætur á eldri byggingum skapa hlutfallslega fleiri störf en nýbyggingar, sé miðað við kostnað, auk þess sem sögulegar byggingar liggja hjörtum íbúa nær en nýbyggingar og gefa góða staðarímynd. Fólki líður vel í sögulegu umhverfi.

Því hefur verið haldið fram að efnahagslegar lægðir séu góðar fyrir húsvernd, því þá minnki fjárráð til nýbygginga og meiri áhersla sé lögð á viðhald og endurbætur á þeim húsakosti sem fyrir er í landinu. Sé tekið mið af fjölda umsókna í Húsafriðunarsjóð og fyrirspurna til skrifstofu Húsafriðunarnefndar má leiða líkur að því að í þessu felist sannleikskorn. Þeim sem ekki er tamt að setja húsvernd á oddinn og sáu eldri húsum allt til foráttu í undangengnu góðæri sökum þess að þau stæðu í vegi fyrir „eðlilegri þróun og nýbyggingum", sjá nú tækifæri í eldri byggð og snúa sér í auknum mæli að viðhaldi og endurbótum á henni. Um mikilvægi þess að viðhalda og varðveita til næstu kynslóða þeim hluta byggingararfsins, sem talinn er hafa varðveislugildi, er óþarfi að fjölyrða hér. Þetta er öllum ljóst, en hins vegar eru margir tilbúnir að slaka á kröfum um varðveislu þegar staðið er frammi fyrir möguleikanum á skjótfengnum gróða. Þannig hefur ótöldum listaverkum á sviði byggingarlistar sem og óbætanlegum þjóðminjum verið breytt eða þau hafa beinlínis horfið af sjónarsviðinu undanfarin ár en við það hefur umhverfi okkar, sérstaklega í þéttbýli, hlotið skaða af.

> Endurbætur á eldri byggingum skapa hlutfallslega fleiri störf en nýbyggingar, sé miðað við kostnað.

Skipta má örvandi áhrifum menningararfsins á efnahagsbata í niðursveiflu, í þrjú meginatriði:

Í fyrsta lagi er um efnahagslegan ávinning að ræða. Framkvæmdir við endurnotkun, endurbætur og varðveislu byggingararfsins eru hlutfallslega mannfrekari en nýframkvæmdir og stuðla því að meiri atvinnu allt í kringum landið en efniskostnaður er aftur á móti mun minni. Reynslan sýnir að opinberir styrkir og afslættir af opinberum gjöldum vegna slíkra framkvæmda laða fram margfaldað framlag frá einkaaðilum. Fjárfesting í menningararfi hefur bein áhrif á vöxt menningartengdrar ferðaþjónustu sem leiðir til efnahagslegra hagsbóta þegar horft er til framtíðar.

Í öðru lagi er um að ræða umhverfislegan ávinning. Hefðbundin byggingarefni eru í öllum aðalatriðum vistvæn. Viðhald eldri húsakosts stuðlar ekki einungis að varðveislu þeirrar orku og byggingarefna sem nýtt voru við bygginguna hússins, heldur minnkar það þörfina á óvistvænni förgun og framleiðslu nýrra efna.

Í þriðja lagi kemur til félagslegur og menningarlegur ávinningur. Skilningur og umhyggja fyrir menningararfi þjóðarinnar eykst stöðugt, jafnvel í efnahagslegum óstöðugleika. Fólki er annt um sína arfleifð. Sagan og menningararfurinn eru samofin hugmyndum okkar og tilfinningum fyrir umhverfinu, bæði nærumhverfi og landsins alls. Sameiginlegur menningararfur skipar stóran sess í samheldni samfélaga og er því mikilvægur áhrifavaldur á lífsgæði.

Nýlegt úrræði að fella niður virðisaukaskatt af viðhaldi fasteigna ásamt skattaívilnunum er mikilvægt skref í þessu samhengi en jafnframt er kallað eftir því að sjóðir sem veita styrki til endurbóta á eldri byggingum verði efldir. Menningararfurinn er árangursríkt verkfæri til örvunar efnahagslegrar endurreisnar og atvinnusköpunar.

# Af geðveiki og vangefni

**Geðveiki**

**Sigursteinn Másson**
formaður Geðhjálpar



Þú ert þroskaheftur segir ung vinkona mín stundum þegar hún gagnrýnir sjónarmið mín og er endurgoldið með vandlætingarsvip. Unglingar hafa undanfarin ár sagt um eitthvað sem er rosalega flott, töff og skemmtilegt að það sé geðveikt. Jafnvel er sagt að einhver sé geðveikur í merkingunni að viðkomandi sé frábær. Nú ber hátt umræðan um virkjanamál og stóriðju undir þeim formerkjum að virkjana- og stóriðjusinnar séu geðveikir, klikkaðir og jafnvel vangefnir. Hið merkilega er að umræðunni stýra ekki unglingar með takmarkaðan orðaforða og endalausa þörf fyrir magnþrungnari lýsingarorð heldur fullorðnir og vel menntaðir karlmenn.

Höfum eitt á hreinu. Umhverfismál og náttúruverndarmál eru án nokkurs vafa allra stærstu hagsmunamál mannkyns og fyrir þeim verður að berjast á mörgum vígstöðvum til að koma í veg fyrir áframhaldandi helför. Það þýðir að við verðum að finna nýja mælikvarða á lífsgæði í stað hagvaxtar og neysluhyggju. Innan 40 ára telja færustu vísindamenn heims að tilvistargrunni 800 milljóna manna hafi verið kippt undan þeim ef ekki tekst að sporna við loftslagsbreytingum af mannavöldum. Ísland hefur bæði sögulegt tækifæri og skyldur til að móta nýja stefnu sem verði til fyrirmyndar. Við megum ekki láta þá sem eru skilningslausir á kall tímans ráða förinni áfram.

Þetta er geðheilbrigðismál. Það leikur lítill vafi á því að auknar geðraskanir á Vesturlöndum tengjast tilvistarkreppu og innantómri neysluhyggju. Geðsjúkdómum hefur verið lýst sem plágu 21. aldarinnar en því er hægt að snúa við með lífsstílsbreytingum og með því að líf fólks öðlist nýtt inntak og merkingu. Í umræðum um þessi mál er engin ástæða til að nota orð eins og geðveiki og vangefni um þá sem enn hafa ekki áttað sig á nauðsyn róttækra breytinga. Ég er með geðsjúkdóm og því hef ég stundum verið geðveikur. Gerir það mig að virkjana- og stóriðjusinna? Auðvitað ekki. Sennilega hef ég aldrei verið jafn viðkvæmur fyrir meðferð okkar á náttúrunni en einmitt þegar ég hef verið veikur. Þessi orðnotkun er því móðgun við mig og fjölmarga aðra. Það að vera veruleikafirrtur og með ranghugmyndir þarf í sjálfu sér ekkert að hafa með geðveiki, hvað þá vangefni, að gera. Græðgi og skammsýni geta tengst siðleysi en hún er ólæknandi. Mergurinn málsins er sá að hér er á ferðinni allt of stórt og mikilvægt mál til að það fari að stranda á óvarlegri orðnotkun þeirra sem helst hafa sig í frammi. Ábyrgð þeirra er því mikil.

> Ég er með geðsjúkdóm og því hef ég stundum verið geðveikur. Gerir það mig að virkjana- og stóriðjusinna?

FRÉTTABLAÐIÐ

**HVAÐ TEFUR ÁLVERIÐ Í HELGUVÍK?**
ÍTARLEG FRÉTTASKÝRING UM STÖÐU MÁLA.

**UNDRABARN Á ALÞINGI**
VÍÐIR SMÁRI PETERSEN ER AFREKSMAÐUR Á ÝMSUM SVIÐUM.

**GOÐSÖGN Í BANKASTRÆTI**
FJÁRSJÓÐSFÍNERÍ Í EINNI ELSTU SNYRTIVÖRUVERSLUN LANDSINS.

**HVAR ER HÆGT AÐ FÁ GÓÐAN MORGUNMAT Í MIÐBÆNUM?**
KÍKT INN Á ÞRJÁ VEITINGASTAÐI SEM BJÓÐA UPP Á VEL ÚTILÁTINN BRUNCH.



Ekki missa af Fréttablaðinu á morgun.

Allt sem þú þarft...




# Veistu muninn á venjulegri líkamsrækt og jóga?

**Heilsa**

**Hrefna Guðmundsdóttir**
jógakennari



Fjölmargt er í boði fyrir þá sem vilja stunda reglulega þjálfun og það getur oft verið erfitt að velja á milli margra góðra kosta. Flest okkar höfum við prófað ýmislegt og valið svo það sem hentar okkur best. Stundum finnum við eitthvað sem við höldum okkur við í lengri tíma og stundum viljum við skipta eða bæta við okkur og prófa eitthvað nýtt. Það er auðvitað mismunandi hvaða hreyfing okkur finnst skemmtileg og eins er mismunandi hvað hentar okkur á hverjum tíma. Stundum viljum við fjör og hraða hreyfingu og stundum viljum við rólegri æfingar samhliða því að auka styrk og liðleika og í leiðinni losa okkur við streitu. Við þurfum flest á því að halda að læra betur að njóta augnabliksins, gefa okkur tíma til að vera á stað og stund og draga þannig úr álagi og streitu.

Helsti munur á jóga og annarri líkamsrækt er áherslan á rétta öndun í jóga og þeirri tímalengd sem hverri jógastöðu er haldið. Það að gefa okkur tíma til þess að halda stöðu í meira en 5 sekúndur gefur okkur betra færi á að einbeita okkur að því sem við erum að gera og ná þannig miklu betri árangri. Arnold Schwarzenegger sagði einhvern tímann að hann fengi miklu meira út úr 15 mínútna æfingum með fullri einbeitingu heldur en að æfa í klukkutíma þar sem hann væri að hugsa um eitthvað annað. Jóga leggur áherslu á það að vera í núinu og taka eftir þeim æfingum sem við erum að gera og hvaða áhrif þær hafa á líkamann. Sú þjálfun gefur okkur líka betri einbeitingu í hinu daglega lífi og hjálpar okkur þannig til að ná betri árangri í öllu því sem við tökum okkur fyrir hendur.

Í jóga er lögð rík áhersla á að hlusta vel á hvernig okkur líður og gera aldrei meira heldur en líkami okkar leyfir. Ef við finnum fyrir eymslum eða öðrum óþægindum þá er mikilvægt að taka eftir því að gera minna. Þeir sem stunda jóga finna fyrir ótrúlegri breytingu á skömmum tíma á liðleika, auknum styrk og mun betri meðvitund um eigin líðan. Þær djúpu teygjur sem gerðar eru í jóga auka blóðflæði um líkamann, gera hann sveigjanlegri og lengja og styrkja vöðvana sem gefur okkur fallegt og tignarlegt vaxtarlag. Betri líkamsstaða hefur gríðarlega mikil áhrif á líðan okkar og sjálfstraust. Með bættri líkamsstöðu fáum við aukið sjálfstraust og við lærum að horfa jákvæð fram á veginn.

> Betri líkamsstaða hefur gríðarlega mikil áhrif á líðan okkar og sjálfstraust.

Í jóga lærum við að tileinka okkur dýpri öndun og náum þar af leiðandi meiri orku úr hverjum andardrætti. Með meiri orku náum við að áorka meiru auk þess að njóta lífsins betur. Djúp og regluleg öndun hjálpar okkur líka til að ná auknu innra jafnvægi og slaka betur á. Hin daglega streita nær síður tökum á okkur og við lærum að nýta okkur öndun og slökun til að losa okkur út úr vítahring streitunnar.

Jóga er heildræn þjálfun sem allir geta stundað algjörlega óháð líkamsástandi. Með mismunandi útfærslum á jógaæfingum getur hver og einn æft sig í takt við núverandi líðan og ástand og náð þannig að byggja sig upp bæði andlega og líkamlega.



EINHVERFA
Í NÝJU LJÓSI
Allur ágóði af sölu Sólksinsdrengsins
mun renna til Gullna Hattsins,
góðgerðarsamtaka Kate Winslet,
til frekari stuðnings við einhverfa.
www.goldenhatfoundation.org
SÓLSKINS
DRENGURINN
Heimildamynd eftir Friðrik Þór Friðriksson
www.solskinsdrengurinn.is
KOMIN Á DVD
Hin magnaða heimildamynd
Sólskinsdrengurinn
Er nú komin út á DVD
Einstök mynd sem lætur engan ósnortinn
Tryggið ykkur eintak í næstu verslun
actavis
ICELANDIC
Film Centre
sena

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**JAMES DEAN** (1931- 1955) lést á þessum degi

*„Láttu þig dreyma eins og þú munir lifa að eilífu. Lifðu eins og þú munir deyja í dag.“*

## Afmælisveisla Búrsins

Í tilefni af tveggja ára afmæli efnir Búrið til veislu, þar sem fagurskreyttar kökur og ísköld mjólk verður á boðstólum.

Búrið, sælkerabúð sem selur allt frá ostum og ólífum til smuráleggs, heldur upp á tveggja ára starfsafmæli sitt. Búrið, sem er í Nóatúni 17, býður af þessu tilefni til afmælisveislu næstkomandi laugardag, þar sem viðskiptavinum og öðrum velunnurum Búrsins verður boðið í kökuboð. Áslaug Snorradóttir sér um veitingarnar, en á boðstólum verða gómsætar kökur og íslensk mjólk, allt í bleiku og bláu eins og ekta tveggja ára afmæli sæmir. Á afmælisdaginn verður opið í Búrinu frá 12 til 18 að venju og eru allir velkomnir til veislunnar.

- jbá



Búrið býður upp á ýmsar sælkeravörur, allt frá ostum til áleggs.

**ÞETTA GERÐIST: 30 SEPTEMBER 1966**

## *Lýðveldið Botsvana verður til*

Á þessum degi árið 1966 var lýðveldið Botsvana stofnað en landið var áður hluti breska verndarsvæðisins Bechuanalands.

Botsvana er landlukt ríki í suðurhluta Afríku með landamæri að Suður-Afríku í suðri, Sambíu í norðri, Namibíu í vestri og Simbabve í norðaustri. Kalaharíeyðimörkin nær yfir um sjötíu prósent landsvæðisins. Höfuðborg Botsvana heitir Gaboróne.

Efnahagur Botsvana byggir að mestu á nautgriparækt og námagreftri en í landinu eru auðugar demantanámur.

Upphaflega var ætlun Breta að landið færi undir Ródesíu, sem í dag eru Simbabve og Sambía, eða Suður-Afríku en vegna mikillar andstöðu Tsvana var hætt við það og landið var því áfram undir breskri stjórn þar til það öðlaðist sjálfstæði.



## Merkisatburðir

**1611** Gústaf 2. Adolf verður konungur Svíþjóðar.

**1936** Á Suðvesturlandi verður mikið tjón vegna sjávarflóða.

**1941** Lokið við höggmyndirnar af fjórum forsetum Bandaríkjanna í Rushmore-fjalli.

**1983** Fyrstu frjálsu kosningarnar haldnar í Argentínu eftir sjö ára herforingjastjórn.

**1985** Eduard Shevardnadze, utanríkisráðherra Sovétríkjanna, kemur í opinbera heimsókn til Íslands.

**2006** Síðasta skipið afgreitt úr Daníelsslipp í Reykjavíkurhöfn.

**2008** Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu vinnur það írska 3-0 á Laugardalsvelli og kemst þar með í úrslitakeppni EM 2009, fyrst íslenskra A-landsliða í knattspyrnu.

**ALÞJÓÐADAGUR ÞÝÐENDA:** MÁLÞING Í ÞJÓÐMINJASAFNINU

# Hafa mikil áhrif á íslenskuna

Alþjóðadagur þýðenda er í dag en hann hefur verið haldinn síðan 1953. „Dagurinn er kenndur við heilagan Híerónýmus, sem var frumkvöðull í Biblíuþýðingum og þýddi Biblíuna úr hebresku yfir á latínu. Sú þýðing var kölluð Vulgata, og var notuð í hátt í þúsund ár og fyrsta bókin sem Gutenberg prentaði,“ segir Rúnar Helgi Vignisson, formaður Bandalags þýðenda og túlka.

„Við stofnuðum Bandalag þýðenda og túlka á þessum degi, 30. september 2004 þannig að það er sex ára í dag. Nú er meiningin að reyna svolítið að vekja athygli á þessum degi líkt og vakin er athygli á öðrum alþjóðlegum dögum af þessu tagi, eins og til dæmis degi tungumála. Við stefnum að því í framtíðinni að halda upp á þennan dag á einhvern hátt og í þetta skiptið gerum við það með því að halda svolítið málþing um sjónvarps- og kvikmyndaþýðingar og heiðra tvo frumkvöðla úr þeim geira. Ætlunin er svo að halda þessu áfram og taka fyrir einhvern geira þýðinga á hverju ári. Aðeins að vekja athygli á þýðingum, hinum ýmsu þýðingum því það eru margs konar þýðingar sem eru stundaðar. Almenningur tekur kannski mest eftir bókmenntaþýðingum og sjónvarpstextunum en það er fólk úti um allt samfélag sem er að þýða þó að það kalli sig ekki endilega alltaf þýðendur. Það var til dæmis bara innanhússfólk í tölvufyrirtækjum sem þýddi mikið af tölvuumhverfinu sem við notum nú til dags og fann frábærar þýðingarlausnir. Þannig er þetta í mörgum geirum,“ segir Rúnar Helgi.

Málþingið í Þjóðminjasafninu verður haldið á milli klukkan 15 og 17 í dag. „Okkur þykir alltaf við hæfi að vera þar því að orðin þjóð og þýða eru náskyld og að þýða þýðir í rauninni að gera þjóðinni skiljanlegt, færa ur einum menningarheimi yfir í annan og þýðendur hafa haft gríðarleg áhrif á íslenska tungu.“

emilia@frettabladid.is



**RÚNAR HELGI** Formaður Bandalags þýðenda og túlka. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



†

*Ástkær móðir okkar,*

**Hulda Snorradóttir**

frá Dagverðartungu,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð 27. september. Útförin verður auglýst síðar.

**Gylfi Pálsson**
**Ragna Pálsdóttir**
**Gísli A. Pálsson**
**Snjólaug Pálsdóttir**
**Snorri Þ. Pálsson**



†

*Okkar ástkæri eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Jens Sævar Guðbergsson,**

Garðbraut 83, Garði,

verður jarðsunginn frá Útskálakirkju föstudaginn 1. október klukkan 14.00. Einnig verður sent út frá athöfninni í sal Gerðaskóla, Miðgarði. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna reikn: 301-26-545 kt: 630591-1129.

**Ólöf Hallsdóttir**
**Sveinn Magni Jensson**
**Dagmar María Hrólfsdóttir**
**Jens Óli Jensson**
**Harpa Mjöll Magnúsdóttir**
**Sveinborg Petrína Jensdóttir**
**Ólafur Ómarsson**
**Særún Thelma Jensdóttir**
**Bjarni Páll Tryggvason**
**Hallur Þór Jensson**
**Sævar Gunnóli Sveinsson**
**Agnes Gunnþóra Sveinsdóttir**
**Elvar Unndór Sveinsson**
**Júlía Mjöll Jensdóttir**
**Ísak Helgi Jensson**
**Ólöf Sólveig Ólafsdóttir**
**Bergrún Dögg Bjarnadóttir**
**Sæþór Elí Bjarnason**
**Svandís Huld Bjarnadóttir**
**Brynhildur Þöll Bjarnadóttir**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, dóttir, tengdadóttir, systir, mágkona og amma,*

**Agnes Ármannsdóttir,**

Guðnýjarbraut 15, Innri-Njarðvík,

sem lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, laugardaginn 25. september, verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju, föstudaginn 1. október kl. 11.00.

**Helgi G. Steinarsson**
**Helga Auðunsdóttir**
**Hafþór Hilmarsson**
**Anita Auðunsdóttir**
**Kristján Á. Baldursson**
**Sigurbjörg Auðunsdóttir**
**Ævar Sveinn Sveinson**
**Sigurbjörg Stefánsdóttir**
**Bára Helgadóttir**
**Jóhanna Helgadóttir**
**Linda Helgadóttir**
**og barnabörn.**



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, pabba, tengdapabba, afa og langafa,*

**Odds Benediktssonar,**

Lambhaga 12, Álftanesi.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki líknardeildar Landspítalans sem annaðist hann af alúð sem okkur gleymist aldrei.

**Hólmfríður R. Árnadóttir**
**Kolbrún Þóra Oddsdóttir**
**Guðmundur Jónsson**
**Hákon Már Oddsson**
**Árni Geir Pálsson**
**Soffía Waag Árnadóttir**
**Kári Pálsson**
**Guðrún María Ólafsdóttir**
**Guðrún Oddsdóttir**
**Árni Maríasson**
**Katrín Oddsdóttir**
**Kristín Eysteinsdóttir**
**afabörn og langafabarn.**



**Stígvél** sem ná yfir hnén sjást í æ ríkari mæli bæði í verslunum hér heima og úti í hinum stóra tískuheimi. Jennifer Lopez er ein þeirra sem virðist sérstaklega hrifin af þessari tísku og klæðist iðulega stuttum pilsum eða kjólum við.














Margrét Grétarsdóttir lét breyta gömlum kjól í anda Viktoríutímabilsins.

# Alls enginn harmleikur



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ég keypti gamlan kjól í Rauða kross-búð og fékk Anna Design til að breyta honum samkvæmt Viktoríustíl,“ útskýrir Margrét Grétarsdóttir, söngkona, en kjólinn mun hún nota í kvöldverðarsýningunni Gríman fellur, í Veisluturninum annað kvöld.

„Efni úr slóðanum sem ég gifti mig með var nýtt til að bæta við kjólinn að aftan og sauma á hann púffermar. Liturinn passar mér alveg en ég elska grænt og gyllt. Ég virðist sækja í þessa liti, kannski til að halda mér á jörðinni,“ segir Margrét hlæjandi og vísar til þess að grænn litur er sagður hafa róandi áhrif.

Við kjólinn mun Margrét bera tilkomumikla hárkollu og grímu sem hún keypti í Feneyjum þegar hún var þar við nám. „Gríman er líka gyllt og græn. Ég verð einnig með men sem ég keypti á antíkmarkaði í Búlgaríu, líka gyllt og grænt. Þetta eru allt hlutir úr ýmsum áttum og frá ýmsum tímum, en smellpassa saman.“

Kvöldverðarsýningin Gríman fellur verður frumsýnd annað kvöld en þar koma fram ýmsar persónur úr þekktum óperum. Margrét mun meðal annars leika Júlíu, en ekki á þann hátt sem allir þekkja. „Nei, þetta verður alls enginn harmleikur.“

*heida@frettabladid.is*




# ;TÍSKA



**Dragtarjakki** með góðu sniði er með skynsamlegri fatakaupum hverrar konu enda hægt að nota hann til að poppa upp hversdagslegustu boli og blússur. Svartir jakkar lengja.

# *Kvenleikinn inn*



**Tískuvikan í London hefur í gegnum tíðina verið vettvangur tískuhönnuða sem sérhæfa sig í að vera hipp og kúl. Þetta virðist eitthvað hafa breyst því í ár var kvenleg tíska og klæðileg áberandi, meira að segja hjá hönnuðum sem áður sérhæfðu sig í örstuttum pilsum sem barnungar horrenglur klæddust á tískupöllunum. Í ár voru fyrirsæturnar mun fjölbreyttari og sýndu kvenleg og fallega sniðin föt sem líklega munu seljast vel í búðum.**





MYNDIR: NORDICPHOTOS/GETTY

Falleg og kvenleg snið voru áberandi hjá Erdem.

Svona sér Christopher Kane tískuna næsta vor og sumar fyrir sér.

Hönnuðir virtust taka meira tillit til þarfir kvenna en oft áður.

Hér má sjá sýnishorn af vor- og sumarlínu Giles fyrir 2011.

# Kynning




**SHARE KRINGLUNNI**
Peysa (soyaconcept)
Litir svart /grátt
St. S –XXL
Verð 7.490
Klútur – verð 6.490



**SHARE KRINGLUNNI**
Esprit prjónakjóll
Litir svart/grátt
St. S – XXL
Verð
14.990



**BELLADONNA SKEIFUNNI**
Grár peysukjóll
St.42-56
Litir grár
Verð 8.680



**BELLADONNA SKEIFUNNI**
Munstraðar leggings
St.44-56
Litir grár/svartur
Verð 8.680



**SHARE KRINGLUNNI**
Esprit gallaleggings
Litir svart /grátt
St. 34-44
Verð 7.990



**SHARE KRINGLUNNI**
Soya
prjónaleggings
Litir svart/grátt
St. S – XL
Verð 3.990



**TÖSKU OG HANSKABÚÐIN SKÓLAVÖÐUSTÍG**
Glæsileg
leðurtaska frá
Adax.

## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR
Bergþór Bjarnason skrifar frá París



# Samtímasaga tískunnar í níutíu ár

Franska tískutímaritið Vogue fagnar níutíu ára afmæli sínu með útkomu sex hundruð síðna blaðs sem meðal annars fylgir fjöldi stórra mynda sem hægt er að ramma inn. Af sama tilefni var á síðasta ári haldin sýning á Champs-Elysée-breiðgötunni þar sem sýndar voru eftirprentanir af nærri 90 ára forsíðusögu tímaritsins, einu ári fyrir afmælið sem verður að teljast sérkennilegt.



Þessi biblía frönsku tískunnar hefur að sjálfsögðu tekið miklum breytingum á þessum tíma. Strax frá upphafi árið 1920 voru forsíður Vogue vitnisburður um samtímann þar sem þær voru í anda þess helsta sem einkenndi samtímalist á þessum tíma allt fram að seinni heimstyrjöldinni. Oft voru þetta teikningar listamanna eins og Pierre Roy, Georges Lepage eða Edouardo Benito. Eftir stríð eru það ljósmyndararnir sem taka við og listinn er langur, allt frá Doisneau til Mondino, Mario Testino, David Bailey og svo mætti áfram telja. Bailey átti meira en hundrað forsíðumyndir hjá Vogue en það er franska leikkonan Catherine Deneuve sem hefur oftast prýtt forsíður blaðsins, hvorki meira né minna en fjörutíu sinnum. Á eftir fylgja svo Brigitte Bardot, Sophia Loren, Marilyn Monroe og Grace Kelly.

Á sjötta og sjöunda áratugnum breytist blaðið í takt við tímann og það umbrotaskeið sem gekk yfir og myndirnar um leið. Smám saman sést meira hold og naktar fyrirsætur skjóta upp kollinum.

Árið 1969 er það Guy Bourdin sem tekur frægar myndir af Françoise Sagan fyrir desemberblaðið en þessi efnisþáttur verður svo fastur liður og ekki ómerkilegri gestir en Hitchcock, Salvador Dali, Roman Polanski, Marlène Dietrich og jafnvel Nelson Mandela og Dailai Lama fylgja í kjölfarið. Þessi eintök Vogue eru að sjálfsögðu fyrir löngu ófáanleg og seljast dýru verði á netinu, ekki síst jólablaðið 1992 með Dalai Lama.

Á árunum fyrir og eftir 2000 var Tom Ford vinsæll hjá Gucci og svo seinna hjá Yves Saint Laurent en þá komst hið svokallaða porno-chic í tísku bæði í auglýsingum og myndatökum og því miður verður að segjast eins og er að afmælisritið er töluvert undir þessum áhrifum og reyndar ótrúlegt að varla er nokkuð að finna í afmælisútgáfunni sem er eldra en frá sjöunda áratug síðustu aldar þó tímaritið fagni 90 árum. Reyndar, þegar betur er að gáð, er nærri helmingur þessara sex hundruð blaðsíðna auglýsingar, sem reyndar einkennir flest tískurit í dag. Á sama tíma er listin nánast horfin af síðum blaðsins.

*bergb75@free.fr*

# Rómantík og fágun

**Dolce & Gabbana frumsýndu fágaða brúðarkjólalínu sína fyrir vorið 2011.**

Nýjasta lína tískutvíeykisins Dolce & Gabbana var frumsýnd um síðustu helgi og gat þar að líta brúðarkjólalínu fyrir vorið 2011. Línan, sem var nánast öll í hvítu, var fáguð, en þrátt fyrir að vera í lit skírlífisins voru kjólarnir kynþokkafullir og langt frá því að vera sakleysislegir. Línan samanstóð af bæði síðum og stuttum blúndukjólum, hiálínssloppum og nærbuxum auk prjónaðra bómullarkjóla sveipuðum fínlegum ljóma. Tvíeykið lagði mikið upp úr því að kjólarnir nytu sín til fullnustu og því var lítið um glingur eða glys í þessari vorlínu Dolce & Gabbana. Línan var rómantísk og látlaus og voru fyrirsæturnar lítið skreyttar, með hárið greitt aftur í kæruleysislegum stíl og náttúruleg fegurð þeirra skein í gegnum lítinn farða. *- jba*



Kjólarnir voru bæði stuttir og síðir.



Fyrirbærið ofurfyrirsæta kom fyrst upp á níunda áratugnum, en orðið merkir konulíkama með X-lögun og ótrúlega hæfileika til að fara í alls konar gervi.

**Heimild: Tíska aldanna**


# Haustgleði!

## 20% afsláttur
af öllum vörum
aðeins í dag!

Opið til kl 21:00

Frábært úrval af glæsilegri haustvöru í stærðum 36-52

hjá Hrafnhildi

Sími 581 2141 • www.hjahrafnhildi.is









Miðnætursprengja!
Opið til miðnættis

20% afsláttur
af öllum vörum aðeins í dag!
Stærðir 34-48

TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777



Kleópatra, drottning Egyptalands, lagði tískuheimi fyrri alda línurnar með þykkum, svörtum línum umhverfis augun, en konur Egyptalands voru einnig þekktar fyrir að lýsa hár sitt með henna-jurtalitum.


YOGASTÖÐIN HEILSUBÓT
„Yoga fyrir alla"©



Yoga • prana yoga
Grunnnámskeið 2.-3. október
Morgun-, hádegis-, síðdegis- og kvöldtímar
Síðumúli 15
yogastodinheilsubot.is
sími: 5885711/6918565



Veldu gæði og gott verð - Haustið er komið!




Útsölustaðir: Apótekin, Fjarðarkaup,





FLOTT Í SUMAR...
Áratuga reynsla og rannsóknir sýna að Slendertone virkar
Nýtt og enn öflugra
System +
fyrir dömu og herra
kr. 34.995,-
NÝTT
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið
www.hreysti.is



ÚTSALA
síðustu dagar.
VATTKÁPUR ÚLPUR DÚNÚLPUR
20 - 70% afsl. og margt fleira.
Opið
mán - fös 10-18,
laugardaga 10-16
Topp HÚSIÐ
Mörkinni 6 - Sími 588 5518



Herra inniskór og sandallar úr leðri, mjúkir og þægilegir.

Teg: 67604-80
Stærðir: 41 - 47
litur: brúnt
Verð: 11.885.-



Teg: 68564/319
Stærðir: 41 - 46
Litir: svart/orange
Verð: 7.550.-.



Misty skór
Laugavegi 178
Vertu vinur
Sími 551 2070.
Opið mán.-fös. 10-18.
Laug. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is




Börnunum hennar Dóru líður vel úti í hvaða veðri sem er þegar þau eru komin með húfurnar góðu. MYND/ ÚR EINKASAFNI

# Húfur eiga að vera fyrir eyrum en ekki augum

**Barnahúfurnar hennar Halldóru Bjarkar Norðdahl hafa slegið í gegn hjá mörgum foreldrum þar sem dagmamman veit hvað skiptir máli þegur kemur að hönnun húfu sem nota á í alls konar veðrum.**

Dagmamman Halldóra Björk Norðdahl á Ísafirði rekur netverslunina dorukot.is þar sem hún selur meðal annars barnahúfur sem hún hannar og saumar sjálf.

„Mig vantaði jólagjafir fyrir daggæslubörnin mín fyrir síðustu jól og datt í hug að búa til húfur því mér fannst þau öll vera með ómögulegar húfur. Ég vildi hafa húfurnar vatnsheldar því við erum úti í rigningu og slabbi og guð má vita hverju og þau eru ekki alltaf upprétt þessi kríli. Svo fór fólk sem hafði séð mig með börnin úti í bæ að biðja mig um að gera svona húfur fyrir sig og það var orðið svo mikið um það að ég hugsaði með mér að það væri allt í lagi að hafa það sem aukabúgrein að sauma eina til tvær á dag. En fljótlega var þetta komið upp í 50 til 60 húfur á viku," segir Dóra og hlær.



Dóra vakti athygli margra þegar hún fór út með börnin, öll með nýju húfurnar, eftir jólin í fyrra.

Húfurnar hennar Dóru eru úr pollaefni og léttflísi. „Ég pældi þetta alveg út, skoðaði allar húfur sem ég komst í og vó og mat hvað væri gott og hvað slæmt og hannaði út frá því. Þær urðu að vera hlýjar og loka vel fyrir eyrun, það er svo mikið af húfum sem eru meira fyrir augunum en eyrunum. Ég vil að börnin sjái í kringum sig og missi ekki af öllu sem er að gerast. Þess vegna er ég með stroff í kringum andlitið en þær verða náttúrulega að anda líka þannig að þær eru opnar að neðan. Það er því hægt að setja pollaefnið utan yfir kragana á meðan flísið er innan undir og nær vel yfir bringuna til að halda hita á lungnasvæðinu. Ég var ekkert að spá í útlitið. Mér var alveg sama hvernig þetta leit út, bara að þetta væri þægilegt og gott og til friðs. Það er fyrst núna sem ég er farin að pæla í litunum og svona."

Dóra segir að fljótlega hafi fólk verið farið að biðja um vettlinga í stíl. Ég var lengi að prófa mig áfram og það endaði með því að ég gerði bara vettlingahlífar því að litlu börnin ráða ekki við lúffur eða neitt þess háttar, prjónavettlingar eru saumalausir og henta best. Svo fóru að koma alls konar hugmyndir í gegnum Fésbókina og spurt hvort ég gæti ekki gert smekki og þetta og hitt og þá fór vörunum að fjölga. Nýjasta varan er pollasokkar fyrir litlu krílin sem eru enn þá skríðandi en þá eru þau bara í þeim utan yfir ullarsokkunum."

Allar vörurnar er hægt að kaupa á netinu og eru þær sendar frítt hvert á land sem er. Barnavörurnar eru líka nýkomnar í sölu í versluninni Fífu. *emilia@frettabladid.is*


Stelpur Konur
Staðurinn - Ræktin
STOTT PILATES
EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

STOTT PILATES
Innritun í síma 581 3730
Ný námskeið hefjast 11. október

Frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal

STOTT PILATES er krefjandi æfingakerfi og frábær leið til að:
- Móta líkamann, bæta líkamsvitund og líkamsstöðu.
- Lengja vöðva og styrkja sérstaklega djúpvöðva maga og baks.
- Losa spennu, auka liðleika og bæta jafnvægi milli vöðvahópa.
- Losa um bakverki og hjálpa til við samhæfingu svo fátt eitt sé nefnt.

Kennt er 2x í viku í 6 vikur. Kennari: Agnes Amalía Kristjónsdóttir.

Mánudaga og miðvikudaga • kl 10:30, Þriðjudaga og fimmtudaga • kl 16:30

Byrjenda- og framhaldsnámskeið. Verð kr. 19.900.
Æfingakerfi byggt á pilatesæfingum Joseph Pilates.

Barnagæsla - Leikland JSB

Velkomin í okkar hóp!

DANSRÆKT JSB leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732
jsb@jsb.is • www.jsb.is


Pierre Cardin hélt upp á sextíu ára afmæli sitt með því að sýna hönnun sína á tískupöllum í París í gærkvöldi, sýningin er sú fyrsta í París í áratugi.



vogue.com

# BUXUR

**SÉRBLAÐ** • FIMMTUDAGUR 30. SEPTEMBER

KYNNING



# Áhersla á buxur í stað kjóla á þessu hausti

**Buxur verða áberandi í tísku vetrarins ef marka má línurnar sem verslunin Zara leggur. Þar er Elín Guðjónsdóttir vörustjóri og hún veit allt um úrvalið.**

„Það hentar vel að taka buxurnar fram núna þegar lofthitinn fer lækkandi enda er aðaláherslan á buxur í vetur,“ segir Elín Guðjónsdóttir, vörustjóri Zöru á Íslandi, og telur dömutískuna dálítið vera að færast frá kjólum yfir á buxurnar. „Við erum með mikið úrval af alls konar sniðum,“ byrjar hún þegar hún er beðin að lýsa helstu nýjungum í dömudeildinni. „Gallabuxurnar eru alveg frá því að vera háar í mittið og til skinny sem sitja neðarlega og eru þröngar niður úr. „Vinsældir þrengstu buxnanna eru þó aðeins að dala og meiri vídd að koma inn,“ segir hún og lýsir sniðinu nánar. „Það er mikið um buxur sem eru svolítið víðar yfir lærin, þrengjast aðeins niður með kálfunum og stoppa á ökklanum. Margar þeirra eru með belti. Það er það heitasta í dag.“

Þetta haustið virðist sem gallabuxurnar falli aðeins í skuggann fyrir öðrum buxnagerðum í Zöru enda segir Elín hönnuðina þar vera óhrædda að breyta til. „Þeir eru líka með ný snið á dragtarbuxunum, víkka þær að ofan en láta þær þrengjast aðeins niður,“ segir hún. En hvaða litir eru helst í gangi? „Það eru jarðarlitir; brúnir, hermannagrænir og út í navy-blátt.

Joggingbuxur eru líka til í úrvali í Zöru og einnig þar er boðið upp á nýja tísku í bland við þessa klassíku. „Joggingbuxurnar eru líkar leggings, þrengri en þessar hefðbundnu og efnið er líka með öðruvísi áferð en áður. Þær eru ekki bara einlitar, heldur líka með yrjum.“



**„Gallabuxurnar falla aðeins í skuggann af öðrum buxnagerðum,“ segir Elín Guðjónsdóttir, vörustjóri Zöru á Íslandi.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ótal gerðir buxna í fjölbreyttum sniðum eru fáanlegar í Zöru enda segir Elín sendingarnar berast tvisvar í viku frá Spáni og að alltaf komi eitthvað nýtt upp úr kössunum.



Strákabuxur
Verð: **4.595.-**
Stærðir: 2-3, 3-4, 4-5, 5-6, 7-8, 9-10, 11-12, 13-14
Litir: Dökkblár, svartur og brúnn
(fóðraðar að innan með bómullarefni)

ZARA



Fínni Chino buxur
Verð: **8.995.-**
Stærðir: xs, s, m, L, Xl
Litir: Svartur, dökkgrár, steingrár og dökkblár
(einnig fást blazer jakkar í stíl)

ZARA



Stelpubuxur
Verð: **2.995.-**
Stærðir: 2-3, 3-4, 4-5, 5-6, 7-8, 9-10, 11-12, 13-14
Litir: Dökkblár, fjólublár, brúnn, bleikur og grár
(einnig fást joggingpeysur í stíl)

ZARA



Chino buxur
Verð: **7.995.-**
Særðir: xs, s, m, L, XL
Litir: 4 brúnir litir, dökkblár og hermannagrænar

ZARA

# Henta íslenskum aðstæðum

„Við höfum alltaf verið með barnaföt, bæði á stráka og stelpur, allt frá ungbarnastærðum upp í 14 ára,“ segir Elín Guðjónsdóttir vörustjóri Zöru og sýnir úrval af barnabuxum með mikið notagildi. Ætla mætti að þær hefðu verið hannaðar sérstaklega fyrir Íslendinga því sumar þeirra eru fóðraðar með flísefni eða bómull. „Já, þær eru hlýjar og góðar í skólann og henta vel íslenskum aðstæðum,“ tekur Elín undir.

Joggingbuxur og jogginggallar sem alltaf falla í kramið hjá krökkum eru líka í Zöru. En hvaða litir skyldu vera vinsælastir hjá þeim?

„Hjá strákunum virðist mottóið vera: „því dekkri því betri“ en stelpurnar fíla fjölbreyttari liti. „Þar eru bláar gallabuxur vinsælastar í bland við aðra liti, til dæmis svartan, bleikan, brúnan og gráan.“



**Hjá strákunum virðist mottóið vera því dekkri því betri en stelpurnar fíla fjölbreyttari liti.**

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | **Umsjónarmaður auglýsinga:** Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is s. 512 5439



Guðlaug Elísa Einarsdóttir og Tinna Rún Kristófersdóttir í nýjustu tísku í versluninni Sautján í Kringlunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Rokkaða army-tísku ber hæst

**Rokkuð kventíska, army-fatnaður, gallaleggings og -buxur verða allsráðandi í haust og vetur að sögn Guðlaugar Elísu Einarsdóttur, verslunarstjóra Sautján í Kringlunni.**

„Flottar, klofsíðar kvenbuxur og army-buxur eru að koma sterkar inn, svona eins og army-klæðnaður, sem er almennt að ryðja sér til rúms í veröldinni," segir Guðlaug Elísa Einarsdóttir, verslunarstjóri hjá Sautján í Kringlunni, innt út í hvað beri hæst í kventískunni um þessar mundir og þá sérstaklega í buxum.

Kventískuna í haust og vetur segir hún svolítið rokkaða, army-klæðnaðurinn sé í takt við það. „Í verslunum Sautján kemur slíkur fatnaður frá tveimur vörumerkjum, annars vegar danska merkinu Punk Real og hins vegar Moss, íslenskri línu sem við stelpurnar í Sautján stöndum á bak við."

Þá segir Guðlaug orðið tímabært að taka fram flottar gallaleggings og -buxur. „Við erum með gallabuxur frá tveimur vönduðum merkjum, ítalska vörumerkinu Miss Sixty og Diesel. Miss Sixty-gallabuxurnar eru alsettar rennilásum, vösum og stötsum og eru satt best að segja svolítið skemmtilega rokkaðar. Frá Diesel koma svo töff gallaleggins, sem eru milliháar í mittið, með mikilli teygju og eru alveg þröngar niður og fást í nokkrum litum, ljós- og dökkbláu og svörtu með glansáferð."

Við gallaleggings frá Diesel segir Guðlaug svo tilvalið að klæðast flottum, rokkuðum bol, þykkri peysu og army-jakka eða -kápu utan yfir. Töff toppur, leðurjakki og skór með filterhælum henti hins vegar við gallabuxur frá Miss Sixty, en vel fari á því að klæðast army-jökkum eða þröngum blaser-jökkum með karlasniði, þykkum peysum og treflum eða prjónahringjum við army-buxurnar.

Þá getur Guðlaug þess að einn helsti kosturinn við umrædda kventísku sé að hún henti öllum aldurshópum. „Hér er ekkert verið að flokka konur eftir aldri, fötin eru hreinlega hönnuð með það fyrir augum að klæða sem flestar konur. Og það er skemmtilegt að segja frá því að íslenskar konur á öllum aldri virðast hafa áttað sig á því, þar sem þær hafa verið mjög óhræddar við að prófa fötin í verslunum okkar við Laugaveg, í Kringlunni og Smáralind."

## Handprentaðir bolir og fylgihlutir

Sautján hóf fyrir skemmstu sölu á fatnaði og fylgihlutum frá sænska fyrirtækinu 5 Preview sem nýtur mikilla vinsælda á Norðurlöndunum.

„Fyrirtækið sérhæfir sig í handprentuðum tískufatnaði og fylgihlutum og hefur undanfarið átt í nánu samstarfi við tískufyrirtækið Weekday en þessi fatnaður er fáanlegur á Norðurlöndunum, meðal annars í okkar verslunum," segir Guðlaug Elísa Einarsdóttir, verslunarstjóri hjá Sautján í Kringlunni, og getur þess að handprentaðir bolir frá 5 Preview séu eftirsóttir hérlendis. „Printin á bolunum eru mörg með vísan í helstu tískurisana svo sem Chanel, Chloe og Yves Saint Laurent," segir hún og bætir við að með haustinu séu fleiri vörur væntanlegar frá 5 preview, svo sem fylgihlutir og „tank tops".




**Guðlaug segir vörur frá 5 Preview njóta mikilla vinsælda á Norðurlöndunum. Nú séu þær loks fáanlegar á Íslandi, í verslunum Sautján.**



**Moss**
Verð: **9.990.-**
Stærðir: xs-XL
Litir: Svartur og army grænn

galleri sautján



**Diesel** Livy-biker coated
Verð: **15.990.-**
Litir: Svartur, grár og blár
Stærðir: 24-32

galleri sautján



**Diesel** Pastes trousers
Verð: **12.990.-**
Stærðir: 24-32
Litir: Svartur og army grænn

galleri sautján



**Diesel** Nevy 8k5
Verð: **16.990.-**
Litur: Grár
Stærðir: 25-32

galleri sautján



Dömu gallabuxur
Verð: **7.490 kr.**

next



Dömu gallabuxur
Verð: **7.490 kr.**

next



Herra gallabuxur
Verð: **9.790 kr.**

next



Herra gallabuxur
Verð: **10.490 kr.**

next



**„Númer eitt, tvö og þrjú er að finna snið sem hentar vexti hvers og eins," segir Hafdís.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Snið fara heldur víkkandi

**Gallabuxur, létt efni og harem-buxur er það sem er mest áberandi í Next þegar buxnatíska haustsins er skoðuð. Þar er Hafdís Runólfsdóttir öllum hnútum kunnug.**

„Gallabuxur eru alltaf vinsælar, bæði hjá dömum og herrum," segir Hafdís, verslunarstjóri í Next. „Eins eru harem-buxur vinsælar í dömudeild. Þær eru úr þunnu, léttu bómullarefni, dálítið víðar yfir mjaðmir og þrengjast aðeins niður. Við eigum þær bæði síðar og svo styttri sem fara vel með stígvélum. Síða týpan er til í mynstruðu og svörtu og sú styttri í mosagrænu, hvítu, bláu og svörtu." Við erum líka með úrval af fínni buxum. Yfirleitt eru þær örlítið víðar, einstaka með fellingum undir strenginn en flestar eru með bootcut-sniði með aðeins vídd yfir legginn. Oft er hægt að fá dragtarjakka við."

Hafdís upplýsir að verðið á dömugallabuxum í Next sé frá 6.000 upp í 10.000 þúsund. Hún nefnir nokkrar týpur og lýsir mismun þeirra. „Bootcut eru langvinsælastar og henta flestum konum. Þær eru þröngar yfir lærin en víkka frá hnjám. Það er snið sem grennir lærin og lengir fótleggina. Skinnybuxurnar eru líka vinsælar. Þær eru alveg þröngar niður og yngri konurnar aðhyllast þær en við hvetjum allar til að prófa. Slim fit eru þröngar með frekar beinu sniði og slim flare eru alveg þröngar en víkka talsvert frá hnjám. Síðan eru það boyfriend sem eru dálítið víðar og sitja á mjöðmunum."

„Í herradeildinni eru svokallaðar cargo-buxur úr bómull vinsælar, þær eru sportlegar, léttar og þægilegar og fínni buxur seljast líka alltaf vel, bæði stakar og sem hluti af jakkafötum," tekur Hafdís fram. „Gallabuxurnar eru þó alltaf á toppnum og verðið er frá 6.000 upp í 12.000 krónur. Margir kaupa tvennar í einu því þær eru svo ódýrar." segir hún og lýsir týpunum. „Boot fit eru vinsælustu gallabuxurnar í herradeildinni, aðeins útvíðar og henta flestum karlmönnum. Önnur vinsæl týpa er straight leg. Þær sitja frekar neðarlega en eru með beinar skálmar og koma sterkar inn fyrir veturinn. Low rise loose eru frekar lágar en víðar og loose fit mjög svipaðar. Báðar henta vel karlmönnum með mikil læri, enda taka íþróttamenn þær gjarnan. Slimmer leg boot eru þröngar niður að hné og víkka aðeins yfir fótlegginn og slim fit sitja neðarlega og eru þröngar niður. Þær höfða enn mjög til ungu strákanna."

Hafdís segir litina í mörgum bláum tónum en dekkri buxurnar falla betur í kramið eins og er. „Númer eitt, tvö og þrjú er að finna snið sem hentar vexti hvers og eins," segir hún. „Því er um að gera að prófa mismunandi týpur og njóta ráðlegginga starfsfólksins."

# Fyrir alla fjölskylduna



**Í Next í Kringlunni. Allar vörur þar eru með 25 prósenta afslætti í dag, fimmtudag.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Next er verslun fyrir alla fjölskylduna. Í dömu-, herra- og barnadeild má finna fjölbreytt úrval af vörum, allt frá sokkum og nærfötum upp í yfirhafnir og fylgihluti. Barnadeildin er ein sú stærsta á landinu og þar er gott úrval af vönduðum fatnaði á góðu verði. Starfsfólk verslunarinnar leggur sig fram við að veita góða þjónustu og aðstoða viðskiptavininn við að finna fatnað og snið sem henta hverjum og einum. Það er gott að gefa sér góðan tíma til þess að máta fatnað og vera opinn fyrir nýjungum og prófa ný snið. Útkoman kemur oft skemmtilega á óvart. Einnig er hægt að máta vörurnar betur heima því skilafrestur á vörum er fjórtán dagar og hægt er að fá vörur endurgreiddar innan sjö daga gegn framvísun kassakvittunar. Á Facebook-síðu Next eru oft ýmis tilboð í gangi og kynningar á nýjum vörum svo að það er um að gera að vera vinur Next á Facebook og fylgjast með því sem er í gangi. Í dag (fimmtudag) er opið til miðnættis í Kringlunni og eru allar vörur í Next með 25 prósenta afslætti til miðnættis.

# Alveg einstök þjónusta

**Knattspyrnukonan Sara Björk Gunnarsdóttir og fegurðardrottningin Ingunn Sigurpálsdóttir hafa hingað til verið lítið gefnar fyrir gallabuxur, en skiptu hins vegar báðar um skoðun eftir heimsókn í Levi´s verslunina í Smáralind á dögunum.**



Ingunn og Sara áttu vart orð til að lýsa ánægju sinni með þá þjónustu sem boðið er upp á í verslunum Levi´s. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Ég hef bara átt erfitt með að finna á mig flottar buxur sem eru jafnframt þægilegar og þess vegna hef ég bara haldið mig frekar við leggings,“ segir Sara Björk Gunnarsdóttir, landsliðskona í knattspyrnu, sem hefur fram að þessu gefið gallabuxum lítinn gaum. Hún viðurkennir hins vegar að heimsókn í Levi´s búðina í Smáralind á dögunum hafi fengið hana ofan þeirri skoðun, þar sem starfsfólkið hjálpaði henni að finna hentugar gallabuxur í nýrri línu frá Levi´s sem kallast Curve ID.

„Þau gáfu sér virkilega góðan tíma til að mæla mig hátt og lágt og fundu út að vel athuguðu máli að svokallaðar Bold Curve buxur henta mér langbest. Ég get ekki annað en verið sammála þar sem þetta eru buxur sem bæði klæða mig vel og eru þægilegar að auki, eru alls ekki þröngar þótt þær virðist það kannski heldur gefa vel eftir.“

Með í för var Ingunn Sigurpálsdóttir, háskólanemi og fegurðardrottning, sem hefur svipaða sögu að segja. „Ég hef verið lítil gallabuxnamanneskja í gegnum tíðina þar sem ég hef hreinlega átt í basli með að finna á mig flottar og góðar buxur. Þannig að þessi þjónusta sem boðið er upp á í búðinni, að mæla mann hátt og lágt, kom mér þægilega á óvart og þetta er greinilega fólk sem kann til verka því ég fór út með svokallaðar Slight Curve gallabuxur sem smellpössuðu.“

Stöllurnar segjast fagna þjónustu af þessari tagi og ætla í framtíðinni að fylgjast betur með því sem er á boðstólum í verslunum Levi´s. „Ég hef hingað til ekki talið mig eiga sérstakt erindi í Levi´s búðirnar en hef svo sannarlega skipt um skoðun eftir þessa reynslu,“ segir Sara hæstánægð. Ingunn samsinnir því og segist fagna því að íslensk verslun skuli bjóða konum upp á jafn vandaða þjónustu.



# Hannað með konur í huga



Vel er tekið á móti viðskiptavinum í verslunum Levi´s í Smáralind, Kringlunni og Glerártorgi á Akureyri. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Þarna er verið að koma til móts við þarfir kvenna, í stað þess að konur lúti kröfum tískunnar,“ segir Lilja Kolbrún Bjarnadóttir, eigandi Levi´s á Íslandi, um nýja línu af gallabuxum á konur, Levi´s Curve ID, sem Levi´s verlslanirnar hafa tekið í sölu.

Levi´s Curve ID buxurnar eru hannaðar með ólíka líkamslögun kvenna í huga, en Levi´s setti línuna á markað eftir að hafa gert þrívíddar rannsókn á vaxtarlagi 60.000 kvenna um heim allan. „Þrátt fyrir fjölbreytta líkamslögun var gróflega hægt að setja konurnar sem tóku þátt í þrjá flokka út frá vaxtarlagi. Í þessari rannsókn kom einnig í ljós að stór hluti kvenna á í erfiðleikum með að finna gallabuxur sem bæði passa og eru þægilegar. Til bregðast við niðurstöðunum setti Levi´s á markað Curve ID línuna sem samstendur af þrenns konar sniðum, slight curve, demi curve og bold curve.

Lilja tekur fram að hvert snið skiptist í undirflokka. „Svo sem aðþröngar eða beinar buxur. Allir starfsmenn Levi´s hafa fengið þjálfun frá höfuðstöðvunum í Evrópu til að finna það snið sem hentar hverjum og einum. Viðskiptavinum er boðið upp á mælingu þar sem fundið er út hvaða snið passar.“

Þótt skammt sé síðan sala hófst á línunni hér segist Lilja skynja mikinn áhuga. „Það er í takt við það sem er að gerast úti þar sem mikil aukning hefur orðið í sölu á kvenbuxum frá Levi´s á heimsvísu síðan línan kom á markað.“

Hún bætir við að hægt sé skrá sig á póstlista hjá Levi´s en í byrjun október verða dregnir út 10 einstaklingar sem geti valið sér fríar Curve ID buxur að eigin vali. „Einn fær að auki 70.000 króna úttekt í verslunum Levi´s,“ bætir hún við.



# Fjölbreytt snið og litir

**Verslunin Orginal í Smáralind er með breitt úrval af herra- og dömubuxum fyrir veturinn, gallabuxur í öllum litum, leggings, kakíbuxur, fínni gerðir og fleira til.**

Að sögn Unnar Erlendsdóttur, verslunarstjóra Orginal, er mikið lagt upp úr því að starfsfólk verslunarinnar Orginal geti aðstoðað viðskiptavini við valið, fundið hentugt snið og geti lesið í hvernig smekk viðkomandi hefur.

„Við erum með allar mögulegar gerðir af buxum fyrir dömur og herra. Gallabuxurnar okkar njóta stöðugra vinsælda sem og til dæmis kakíbuxur, hermannabuxur, hefðbundnar leggings og gallabuxnaleggings og svo buxur fyrir sérstök fínni tilefni," segir Unnur.

Herra-gallabuxur í vetur eru að sögn Unnar margar hverjar með beinu sniði eða niðurþröngu en þau tvö snið hafa notið mikilla vinsælda undanfarið. „Gallabuxnatískan er að vísu mjög fjölbreytt og margt í gangi þar. Dekkri buxurnar, bláar, svartar og gráar eru alltaf vinsælar enda hægt að nota þær við mismunandi tilefni og svo eru margir sem vilja hafa þær eitthvað smá rifnar eða þvegnar sem hentar þá betur hversdags. Svokallað búddasnið, sem er með síðu klofi og þrengjast að neðan, á svo sérstaklega upp á pallborðið hjá yngri strákunum og við eigum þær buxur í öllum litum."

Aðra buxnategund frá Minimum nefnir Unnur einnig en þær þykja sérstaklega þægilegar, eru þröngar og fást í svörtu og gráu.



„Við erum með allar mögulegar gerðir af buxum fyrir dömur og herra. Gallabuxurnar okkar njóta stöðugra vinsælda," segir Unnur Erlendsdóttir, verslunarstjóri hjá Orginal í Smáralind. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Unnur segir að gallabuxur séu að koma sterkar inn í vetur í kventískunni eftir að leggings hafi tröllriðið markaðinum undanfarin ár. „Kvenleg gallabuxnasnið virðast vera að koma sterk inn í vetur og sömuleiðis er hermannatískan að verða vinsæl á ný með buxum sem eru háar og þröngar upp í mittið, aðeins víðar í klofinu og þröngar niður. Leggings eru þó að sjálfsögðu áfram til staðar og eru til í miklu úrvali hjá okkur. Orginal er ein



Orginal selur nokkur af vinsælustu buxnamerkjum Danmerkur.

## Tískustraumar í vetur

Tískan í gallabuxum í vetur er afar fjölbreytt og gallabuxur eru til í miklu úrvali hjá Orginal fyrir bæði kynin. Kvensniðin eru sem fyrr segir kvenleg og eiga að draga það besta fram hjá konum.

„Yngra fólk er oftar en ekki til í að prófa eitthvað nýtt og taka þá buxur með meiri smáatriðum, snjáðar og rifnar og þetta alveg niðurþrönga snið er sömuleiðis að höfða mikið til yngra fólksins. Við erum með hágæða dönsk merki og þessar buxur sem við bjóðum upp á eru til dæmis þær vinsælustu í Danmörku," segir Unnur Erlendsdóttir í Orginal.

Merkin sem seld eru hjá Orginal eru Minimum, DND, Suit og Psycho Cowboy og Frank Q. Buxurnar eru einnig allar mjög þægilegar en viðskiptavinir leggja flestir mikið upp úr því að gott sé að vera í buxunum að sögn Unnar.



**Kaky** buxur
Fást einnig í gráu og svörtu
Verð **14.990**



**ORGINAL**



**DND**
Fást í nokkrum litum
Verð **17.990**

**ORGINAL**

**Suit**
Fást einnig í ljósari bláum og gráum lit.
Verð **14.990**



**ORGINAL**



**Suit**
Fást einnig í dökkbláum og gráum lit.
Verð **14.990**

**ORGINAL**



„Get fundið buxur við allra hæfi,“ segir Auður Elín Sigurðardóttir, starfsmaður í Blend í Smáralind. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Leggjum áherslu á gæði og snið við allra hæfi

**Blend verslanirnar eru á fyrstu hæð Smáralindar og þriðju hæð Kringlunnar, við hlið Kringlubíós, en þar fæst úrval gallabuxna.**

„Blend verslanirnar eru án efa með eitt besta gallabuxnaúrval á markaðinum í dag,“ segir Auður Elín Sigurðardóttir, starfsmaður í Blend í Smáralind, en Blend býður upp á sjö grunnsnið fyrir herra og fimm grunnsnið fyrir dömur.

Gallabuxnasniðin fást í fjölmörgum útfærslum í mismunandi þvottum sem bera ensku óveðursnöfnin Tornado, Storm, Thunder, Twister, Rock, Blast og Thyphoon fyrir herrana og Sky, Sun, Solar, Nova og Mercury fyrir stelpurnar. Gallabuxur eru mest seldu vörur verslunarinnar en ásamt þeim er á boðstólum mikið úrval af hversdags- og sparifatnaði við öll tækifæri.

„Gallabuxur eru okkar sérgrein og ég fullyrði að ég get fundið buxur við allra hæfi,“ segir Auður. „Við eigum allar stærðir í flestum sniðum og í fjórum lengdum. Við erum með þröngar, víðar, lágar og háar, mikið og lítið þvegnar, rifnar og snjáðar buxur. Dökkir þvottar halda sér alltaf nokkuð í tísku en þó er eitthvað um ljósa þvotta og rifið. Gallaskyrtur eru einnig að koma mikið inn núna ásamt gallajökkum í biker- og blazer-sniðum.“

Blend leggur mikla áherslu á gæði í gallaefnum og eru Blend-buxurnar framleiddar í verksmiðjum með háa gæðastaðla. Gott verð hefur einnig ávallt verið eitt af aðalsmerkjum Blend.

„Við bjóðum mjög flottar gallabuxur til að mynda frá 6.990 krónum, flestar okkar gallabuxur liggja þó á bilinu 9.000 til 11.000 krónur,“ segir Auður. „Við erum að sjálfsögðu einnig með alls konar öðruvísi buxur og bjóðum upp á fleiri vörumerki í Blend eins og Psycho Cowboy sem eru meira „street“ snið og svo meira herralegar buxur frá Frank Q sem er nýtt merki í versluninni.“




## Í öruggum höndum

Starfsfólk Blend er mjög vel upplýst um gallabuxurnar sem verslunin býður upp á.

Allir starfsmenn eru sendir á gallabuxnanámskeið þar sem farið er yfir öll atriði hvað varðar gallabuxur, svo sem sniðin, undirsniðin, gallabuxnaþvottana, hvernig buxur henta hverjum og einum og meðferðina á gallbuxum svo eitthvað sé nefnt. „Til að mynda á ekki að þvo gallabuxur með öðrum þvotti, snúa út röngunni svo að liturinn haldist sem best í þeim og ekki setja þær í þurrkarann,“ segir Auður hjá Blend.

„Þetta gerum við svo að starfsfólk okkar sé vel upplýst um vöruna sem það er að selja og sé öruggt með sig þegar viðskiptavinurinn gengur inn í búðina. Við höfum fundið það í gegnum árin að við eigum orðið mjög stóran viðskiptavinahóp sem kemur til okkar aftur og aftur vegna þess að fólk er ánægt með vöruna, veit að við erum með góðan verðflokk og það fær góða þjónustu. Viðskiptavinum Blend fjölgar því stöðugt.“














BLEND®
Kringlunni og Smáralind



Þórunn Hulda Vigfúsdóttir er verslunarstjóri í 3 Smárum í Smáralind, þar sem ný sending af fallegum fatnaði kemur í hverri viku og allar konur finna föt við hæfi á verði sem gleður pyngjuna líka. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Kvenleg gallabuxnafegurð fyrir allan aldur og í úrvali

**Töfraheimur gallabuxna finnst í 3 Smárum í Smáralind, þar sem alltaf bætast við nýjar gersemar, litadýrð og flottheit.**

„Við hjá 3 Smárum leggjum mikið upp úr því að bjóða alltaf eitthvað nýtt og ferskt, enda fáum við sendingar í hverri viku. Við heyrum því oft í okkar föstu viðskiptavinum að það sé svo gaman að koma til okkar því það sé eins og að koma í nýja búð í hvert skipti,“ segir Þórunn Hulda Vigfúsdóttir, verslunar- og innkaupastjóri 3 Smára í Smáralind.

„Nú eru gallabuxur allsráðandi, en þær eru mitt á milli þess að vera leggings og buxur. Mikið er um alls kyns smáatriði í buxunum og það sem mér finnst koma sterkt inn í haust eru biker-gallabuxur. Einnig eru til hjá okkur biker-leggings frá Carolina, sem er nýtt merki sem slegið hefur í gegn hjá okkur, og mikið er um Snake frá Carolina, sem er gott dæmi um að tískan gengur í hringi,“ segir Þórunn Hulda þar sem hún tekur fram svokallaðar harem-buxur.

„Harem-buxur eru víðar upp með smá síðu klofi og þröngar niður. Þótt sniðið sé óvenjulegt mátast þær ótrúlega vel og eru vinsælar eftir því. Við höfum einnig einblínt á að bjóða gallabuxur fyrir allan aldur því gallabuxur með lágum buxnastreng henta alls ekki öllum. Því erum við með háar gallabuxur í úrvali sem einnig eru afar kvenlegar og klæðilegar,“ segir Þórunn Hulda og bætir við að bláar og gráar gallabuxur komi nú hvað sterkast inn.

„Gallabuxurnar eru á góðu verði og margar sem freistast til að kaupa tvennar buxur í einu eftir að hafa prófað þessar nýjungar í gallabuxnatískunni, en gallabuxur 3 Smára eru á verðbilinu 4.990 til 9.900 krónur,“ segir Þórunn Hulda sem hvetur allar konur sem vilja vera flottar til fara til að fylgjast vel með komandi sendingum í 3 Smára því enn er von á æðislegum fatnaði í verslunina.

# Klæðilega Carolina





„Carolina er nýtt tískumerki hannað sérstaklega með íslenskar konur í huga,“ segir Þórunn Hulda Vigfúsdóttir um nýjasta stolt verslunarinnar 3 Smára.

„Hugmyndin kviknaði fyrr á þessu ári þegar við fundum hvergi í búðum það sem við leituðum að. Okkur fannst sárvanta klæðnað á borð við þann sem Carolina stendur fyrir, en hann er í senn fallegur og klæðilegur og fyrir allar konur,“ segir Þórunn Hulda sem í haust tefldi fram fyrstu flíkum Carolinu; leggings og kjólum úr þægilegum, vönduðum efnum og frábærum sniðum.

„Viðtökurnar hafa verið frábærar og Carolina slegið í gegn. Við lögðum strax áherslu á að sniðin yrðu klæðileg á alla vegu. Þannig eru leggings-buxur Carolinu mjög háar upp og síðar, en það er eitthvað sem íslenskar konur fíla upp til hópa. Einnig hönnuðum við sérstök millipils sem eru tær snilld og má nota á allar leggings og boli sem hugsast getur,“ segir Þórunn Hulda, himinlifandi með freistandi fatnaði Carolinu.

Í tilefni eins árs afmælis 3 Smára í október koma inn enn fleiri flíkur frá Carolinu og verður alltaf meira og meira, að sögn Þórunnar Huldu.

„Okkar viðskiptahópur spannar frá unglingsstúlkum upp í ömmur. Því leggjum við áherslu á að þjóna öllum týpum af öllum kynslóðum, enda orðspor 3 Smára að þar finni allar konur eitthvað við sitt hæfi. Fatnað Carolinu má auðveldlega dressa upp og niður, því bæði er hægt að vera fínn í Carolinu-kjól en einnig nota hann hversdags við gallabuxur. Við erum því alsæl með útkomuna og að hafa mætt kröfum íslenskra kvenna með fatnaði sem hvergi fannst í búðum.“



# Victoria heillaði Frakka

**Hin nýgifta Victoria krónprinsessa Svíþjóðar og eiginmaður hennar, Daniel Westling, eða Prins Daniel eins og hann er nefndur nú, hafa dvalið í Frakklandi síðustu daga í opinberri heimsókn.**

Tískuheimurinn tók andköf þegar tvær af helstu tískufyrirmyndum Evrópu, Victoria krónprinsessa Svíþjóðar og Carla Bruni-Sarkozy, forsætisráðherrafrú Frakka, hittust í Frakklandi á dögunum og evrópskir tískuvefmiðlar gerðu meðal annars kannanir meðal lesenda sinna hvor þeirra væri betur klædd. Sumir nefndu að Victoria og Carla hefðu skipt um hlutverk þar sem Victoria skartaði „Cörlulegum“ kjólum, í klassískum sniðum og litum og Carla hefði farið í fataskápinn hennar Victoria og fengið þar drottningarlega dragt að láni.

Kunnugir vita þó að ekki er hægt að saka Victoriu um að stela stíl Cörlu Bruni en Victoria hefur þróað með sér mjög persónulegan og fágaðan stíl undanfarin ár.

*juliam@frettabladid.is*



Victoria hefur tónað niður litaspjaldið síðustu árin en var þó í gullfallegum ferskjulitum jakka við eitt tilefnið í heimsókninni.



Carla Bruni-Sarkozy og Victoria prinsessa fyrir framan Elysee forsetahöllina í fyrradag. Kjóll Victoriu þótti minna á kjóla sem Bruni hefur klæðast við opinber tilefni. Buxnadragt Cörlu vakti þó ekki síður athygli.

Klæðaburður Victoriu er oft í anda Jackie O heitinnar eins og þessi gráhvíta kápa sýnir. Hún mætti í kóngabláum kjól ásamt eiginmanninum Daniel til veislu á þriðja degi.

NORDICPHOTOS/AFP

# Hátísku rokkglamúr

**Vorlína Roberto Cavalli fyrir árið 2011 ber með sér rokk- og hippasnið og er kögur afar áberandi.**

Roberto Cavalli hélt upp á 40 ára hönnunarafmæli sitt á mánudaginn síðastliðinn í Mílanó með pompi og prakt. Cavalli sýndi á sér nýja hlið að þessu sinni og fór lengra með hippa- og rokk ímyndina en hann hefur áður gert.

Fyrirsæturnar, sem sýndu vorlínuna 2011, skörtuðu veglegum armböndum úr silfri eða leðri, handtöskum úr snákaskinni með áföstum skeljum og hornum, dökkri augnmálningu og síðum lokkum. Nær allar flíkurnar voru með kögri, en Cavalli hélt þó uppteknum hætti og var dýraprent áberandi að venju. Þá fékk bert hold fyrirsætanna að njóta sín vel með flegnum hálsmálum, berum bökum og magabolum. Til móts við fáklæddan efri part komu síðar buxur og síðir kjólar og skapaði Cavalli þar með fágaðar andstæður hátísku rokkglamúrs.

*- jba*



Cavalli hélt uppteknum hætti með áberandi dýramynstrum og prenti.

Talið er að hanakamburinn sem á ensku kallast mohawk eða mohican komi frá Norður-Ameríku. Á enskri tungu er hann kenndur við Móhíkana-indjána (e. Mohawk) sem kann þó að vera vafasamt því vitað er að hanakambur var í tísku hjá Wyadot-indjánunum mun fyrr.



www.visindavefur.is


LANGUR LAUGARDAGUR



**Kjólar**
**Áður ~~16.990~~**
**NÚ 12.990**
Stærðir 38-48

**Skokkar**
**Áður ~~14.990~~**
**NÚ 11.990**
Litir: svart og grátt
Stærðir s/m, l/xl

**20% afsláttur**
**af öðrum vörum**
**Gildir fimmtud-laugard**

FLASH
**Laugaveg 54,**
**sími: 552 5201**

SHARE™
Kringlunni • 553 4100



**Esprit úlpa**
st.36-44
litir grár
verð **30.990**



**Esprit úlpa**
st.36-44
litir svart og grár
verð **22.990**



**Esprit úlpa**
st.36-44
litir svart og sandlitur
verð **33.990**



**Síð úlpa**
st.36-44
litir svartur
verð **24.990**



*Kær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðbjörg Sigurðardóttir,**
Njálsgötu 4a,

er látin. Jarðarförin fór fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Hjartans þakkir til Móður Theresu systra, velferðarsviðs borgarinnar og allra sem sinntu henni af alúð og umhyggju.

**Margrét Sigurðardóttir**
**Elísabet Sigurðardóttir** **Eyþór Guðlaugsson**
**Íris Eggertsdóttir** **Jón Páll Eyjólfsson**
**Hildur Rúnarsdóttir** **Torfi Þór Torfason**
**Sigurður Eyþórsson** **María H. Stefánsdóttir**
**Telma Guðbjörg Eyþórsdóttir**
**Guðlaugur Andri Eyþórsson**
**Embla Sól Pálsdóttir**
**Sóley Úa Pálsdóttir**
**Ilmur Jara Torfadóttir**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Kristinn Kristmundsson frá Kaldbak,**
fyrrverandi skólameistari Menntaskólans að Laugarvatni,
Safamýri 73, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Skálholtsdómkirkju laugardaginn 2. október kl. 14.00. Jarðsett verður á Laugarvatni. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Styrktarsjóð Kristins og Rannveigar í vörslu Menntaskólans að Laugarvatni. Markmið sjóðsins er að styrkja efnilega nemendur Menntaskólans að Laugarvatni til frekara náms. Reikningsnr. 0130-05-578537, kt. 630807-1070.

**Rannveig Pálsdóttir**
**Ari Páll Kristinsson** **Sigrún Þorgeirsdóttir**
**Kristrún Kristinsdóttir**
**Sigurður Kristinsson** **Guðfinna Hallgrímsdóttir**
**Jónína Guðrún Kristinsdóttir** **Jóhann Friðrik Valdimarsson**
**og barnabörn**



*Ástkær sonur minn, bróðir okkar, mágur og frændi,*

**Sölvi Heiðar Matthíasson**
Melasíðu 6i, Akureyri

varð bráðkvaddur á heimili sínu föstudaginn 17. september. Útförin fer fram frá Hvítasunnukirkjunni á Akureyri föstudaginn 1. október kl. 13.30.

**Anna María Þórhallsdóttir**
**Ásta Ottesen** **Páll H. Jónsson**
**Gunnlaug Ottesen** **Friðrik Diego**
**Þórhallur Ottesen** **Margrét Jóhannsdóttir**
**Kristín Ottesen** **Sigmundur Ásgeirsson**
**Vilhelm Ottesen**
**og frændsystkini.**



*Elskuleg móðir okkar,*

**Adelheid Ingibergsson (Heidi),**
Njarðarvöllum 4, Njarðvík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 26. september. Útförin fer fram frá Ríkissal Votta Jehóva, Hraunbæ 113, laugardaginn 2. október kl. 14.00. Fyrir hönd aðstandenda,

**Marín Svavarsdóttir**
**Hafdís Andersen**
**Reinhard Svavarsson**
**Sóley Berthel**



**SÖFNUN** Hátíðin er haldin til að safna fyrir nýju íslensku orgeli í kirkjuna.

# Hátíð í Guðríðarkirkju

Menningarhátíð, svokölluð Gorgelhátíð verður haldin í Guðríðarkirkju í Grafarholti dagana 3. til 10 október, til að safna fyrir nýju orgeli í kirkjuna.

Hátíðin hefst með tónlistarveislu í kirkjunni á sunnudag, auk þess sem leikkonan Þórunn Erna Clausen flytur einleikinn Ferðasaga Guðríðar klukkan 20.

Ótroðnar slóðir verða farnar í söfnuninni, þar sem kaupa má gamlar orgelpípur og veita frjáls framlög til styrktar. **- jbá**

# Í minningu Vilhjálms

Söngvarinn Friðrik Ómar stóð fyrir tónleikum í minningu Vilhjálms Vilhjálmssonar í Salnum í Kópavogi í lok mars 2008. Nú tveimur árum síðar hefur verið ákveðið að flytja sömu dagskrá í nýju og glæsilegu menningarhúsi Akureyringa, Hofi, um næstu helgu.

Valinkunnir listamenn flytja vinsæl lög eftir Vilhjálm á tónleikunum. Uppselt er á tvenna tónleika á laugardag, og hefur því verið ákveðið að halda þá þriðju á sunnudag klukkan 17. **- jbá**

# Hollt í Flensborgarskóla

Flensborgarskóli verður fyrsti framhaldsskóli landsins til að innleiða hugmyndafræðina heilsueflandi framhaldsskóli. Það er gert í nánu samstarfi við Lýðheilsustöð. Í kjölfarið fylgir 21 framhaldsskóli sem nú eru að hefja sitt undirbúningsár.

„Það var ákveðið að byrja á einum skóla og athuga hvernig gengi og þegar hugmyndinni var hent í loftið vorum við þau fyrstu sem gripum hana," segir Magnús Þorkelsson aðstoðarskólastjóri, spurður hvers vegna Flensborg sé svona framarlega í heilsueflingunni. „Við erum náttúrulega með flottan skóla og fullt af íþróttafólki og þóttum upplögð í verkefnið."

Magnús segir rannsóknir hafa sýnt að heilsuefling auki vellíðan og árangur allra í skólasamfélaginu, bæði nemenda og kennara. Fyrsta árið verði áherslan lögð á hollt mataræði og af því tilefni hafi matseðill mötuneytisins verið endurskoðaður en einnig séu Flensborgarar hvattir til að borða hollt utan skólans.



**AÐSTOÐARSKÓLASTJÓRINN** Við erum náttúrulega með flottan skóla og fullt af íþróttafólki og þóttum upplögð í verkefnið," segir Magnús Þorkelsson. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Heilsueflingunni verður formlega ýtt úr vör í Flensborg á föstudaginn 1. október með hátíðlegri dagskrá. Forseti Íslands og ráðherrar mennta- og heilbrigðismála eru meðal þeirra sem ávarpa viðstadda, ásamt forseta bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og forstjóra Lýðheilsustöðvar. Síðan leggja nemendur og starfsfólk skólans af stað í göngu og marsera um bæinn með ráðherra í broddi fylkingar. Skrúðgöngunni lýkur á Víðistaðatúni þar sem ýmsar keppnir fara fram og gleðin verður við völd. **- gun**

# Samkeppni um framhlið JL húss

Hildigunnur Birgisdóttir og Kolbeinn Hugi Höskuldsson urðu hlutskörpust í samkeppni um framhlið JL hússins við Hringbraut 121. Til samkeppninnar efndi húsfélagið í framhaldi af endurbótum á framhlið hússins. Þrír listamenn voru valdir í lokaða samkeppni en síðastliðinn föstudag voru úrslitin kynnt.

Markmiðið samkeppninnar var að auðga umhverfið og gera um leið vesturbæinn og borgina skemmtilegri ásýndar. Stefnt er að því að verkið verði sett upp á næstu vikum. Líftími verksins miðast við endingu málningarinnar eða um 7-10 ár en að þeim tíma loknum verður blásið til nýrrar hugmyndasamkeppni.

Húsfélag JL-hússins var styrkt af Reykjavíkurborg og ReykjavíkurAkademíunni til verkefnisins. Í dómnefnd sátu Hugleikur Dagsson fyrir hönd borgarinnar, Ingólfur Arnarson myndlistamaður, tilnefndur af SÍM, og Gunnar Bogi Borgarsson arkitekt tilnefndur af húsfélaginu. Nánari upplýsingar um samkeppnina er að finna á vef Myndlistaskólans í Reykjavík, www.myndlistaskolinn.is. **- rat**



**HLUTSKÖRPUST** Kolbeinn Hugi Höskuldsson og Hildigunnur Birgisdóttir við tillögu sína að framhlið JL hússins. MYND/ÚR EINKASAFNI



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Brynhildur Eydal,**
Hjúkrunarheimilinu Seljahlíð, Reykjavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Seljahlíð mánudaginn 27. september. Jarðsungið verður frá Fossvogskapellu þriðjudaginn 5. október kl. 15.00.

**Anna Inger Eydal** **Jóhannes Magnússon**
**Guðfinna Inga Eydal**
**Matthías Eydal** **Bergþóra Vilhjálmsdóttir**
**Margrét Hlíf Eydal** **Friðrik Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Ásgeir Jónsson,**
fyrrverandi skókaupmaður,
Garðatorgi 17, Garðabæ,

lést miðvikudaginn 29. september. Útförin verður auglýst síðar.

**Guðríður Jónsdóttir**
**Erling Ásgeirsson** **Erla Þorláksdóttir**
**Anna Ásgeirsdóttir**
**Ingibjörg E. Ásgeirsdóttir** **Hallgrímur Jónasson**
**Ásgeir Ásgeirsson** **Unnur Steinsson**
**afabörn og langafabörn.**



*Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ragnhildur Geirsdóttir,**

lést sunnudaginn 26. september sl. á Dvalarheimili aldraðra, Borgarnesi. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 6. október nk. kl. 15.00.

**Ástríður Pálsdóttir** **Páll Hersteinsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þorleifur Þorsteinsson,**
Álfhólsvegi 84, Kópavogi,

lést á Landspítala í Fossvogi 28. september síðastliðinn. Útförin fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 8. október kl 15.00.

**Ragnheiður Jónasdóttir**
**Ólöf B. Þorleifsdóttir**
**Brynjar S. Þorleifsson**
**Vilhjálmur Þorleifsson**
**Eva H. Þorleifsdóttir** **Guðmundur B. Kjartansson**
**Leifur H. Þorleifsson** **Hlíf B. Óskarsdóttir**
**Gróa K. Þorleifsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# ENGIFERDRYKKUR
## Sollu Eiríks



**ENGIFERVATN**
5 sm engiferrót, afhýdd og skorin í bita.
Sett í pott með 1 ltr. af vatni og soðið í 15 mín,
slökkt undir og látið standa í aðrar 15 mín.
Þessi drykkur er góður bæði heitur og kaldur.

**ENGIFERVATN MEÐ EPLABRAGÐI**
5 cm engiferrót, afhýdd og skorin í bita
sett í pott með 1 ltr. af eplasafa.
Soðið við vægan hita í 30 mín. Látið kólna niður.
Hægt að drekka epla-engifervatnið heitt eða kalt !






6000 TANNKREMSTÚPUR Í BOÐI Á ÞESSU VERÐI

459 KR. 90ml

20% MEIRA MAGN

398 KR. 30m

SENSODYNE TANNÞRÁÐUR

FYRIR GÓÐA TANNHEILSU



498 KR. kg

NÝ SENDING AF FERSKRI ENGIFERRÓT




698 KR. 425ml

SOLLU LÍFRÆNT AGAVE SÝRÓP 425ml




359 KR. 1 kg

SOLLU LÍFRÆNT SPELTHVEITI FÍNT OG GRÓFT 1 KG




698 KR. 2 kg

OTA HAFRAMJÖL 2 KG




1749 KR. kg

ÍSLANDSNAUT FERSKT UNGNAUTASNITSEL
**30% afsláttur** MERKT VERÐ 2498 KR.KG.




1749 KR. kg

ÍSLANDSNAUT FERSKT UNGNAUTAGÚLLAS
**30% afsláttur** MERKT VERÐ 2498 KR.KG.



798 KR. 700g

BÓNUS SÚKKULAÐIKAKA MEÐ KREMI OG SULTU 700g (3ja hæða)



TAKMARKAÐ MAGN

198 KR.kg

269 KR. kg

K.S FROSIN LAMBALIFUR

K.S FROSIN LAMBAHJÖRTU




198 KR. 770g

MYLLU HEIMILISBRAUÐ 770g



798 KR.kg

KS HÁLFUR LAMBASKROKKUR FROSINN *SLÁTRUN 2010*



798 KR.kg

FROSINN LAMBABÓGUR




1298 KR.kg

FERSKT LAMBALÆRI

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** vísupartur, **6.** einnig, **8.** kæla, **9.** endir, **11.** fyrir hönd, **12.** móhraukur, **14.** tipl, **16.** samtök, **17.** útsæði, **18.** titill, **20.** persónufornafn, **21.** horfðu.

**LÓÐRÉTT**
**1.** líkami, **3.** golf áhald, **4.** tré, **5.** skip, **7.** raupari, **10.** belja, **13.** tilvist, **15.** laut, **16.** máttur, **19.** innan.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** stef, **6.** og, **8.** ísa, **9.** lok, **11.** pr, **12.** drýli, **14.** trítl, **16.** aa, **17.** fræ, **18.** frú, **20.** ég, **21.** litu.
**LÓÐRÉTT: 1.** hold, **3.** tí, **4.** espitré, **5.** far, **7.** gortari, **10.** kýr, **13.** líf, **15.** lægð, **16.** afl, **19.** út.











# Dugleg-fasismi 2

**BAKÞANKAR**
**Charlotte Böving**

Fyrir nokkru skrifaði ég pistil um „dugleg-fasisma“, sem er útbreiddur hér á landi. Um það hvernig við ölum börnin okkar upp við það frá unga aldri að vera dugleg. Sem í sjálfu sér væri kannski ekki alslæmt, ef við notuðum orðið duglegur bara þegar eitthvað væri raunverulega þess virði að hrósa fyrir. Í stað þess að nota það um allt: Mikið ertu duglegur að labba, duglegur á koppnum, dugleg að taka til, róla, leika, hátta, sofa, syngja, dansa, vera stilltur, hlusta, kúka… Listinn er endalaus.



**HVERS** vegna segjum við þetta? Við erum að hrósa, já, en bak við hrósið er falin valdbeiting (þess vegna orðið dugleg-fasismi). Þetta gengur út á að fá barnið til þess að borða meira, leika sér sjálft, vera stillt, pissa í kopp o.s.frv. En stýringin er orðin ósjálfráð, við spáum ekki í það hvað við notum orðið stöðugt. Og auk þess sem það stýrir barninu í átt að ákveðinni, æskilegri hegðun, þá verður það að vera duglegur svo stór þáttur í sjálfsmynd barnsins að það getur staðið í vegi þess, þegar það er orðið fullorðið og langar stundum bara að vera, en ekki gera.

**HEIMA** hjá mér urðu allir skyndilega svo meðvitaðir um dugleg-fasismann að enginn þorði lengur að nota orðið. Í staðinn sögðum við: „Það er svo dásamlegt að leika sér“, „mikið er gaman hjá þér að læra heima“, „er maturinn góður, viltu meira?“, „hvað það er gott hjá þér að kúka í koppinn“ o.s.frv. Alls konar nýjar útgáfur, til þess að forðast að nota sögnina að vera duglegur. Og ef einhver missti orðið út úr sér, varð sá hinn sami strax niðurlútur og leit skömmustulega á mig, eins og til þess að segja: „Fyrirgefðu, ég veit að ég sagði bannorðið.“

**NÚ** var ég allt í einu orðin dugleg-fasistinn með öfugum formerkjum.

**PERSÓNULEGA** þykir mér kostur að við séum meðvituð um það hvaða orð við notum. Orð hafa áhrif á okkur. En að útrýma tilteknu orði úr orðaforða fjölskyldunnar er ekki mögulegt. Í gærmorgun kom önnur af litlu tvíburunum mínum til mín þar sem ég sat á klósettinu (hjá tveggja ára börnum er ekkert til sem heitir lokaðar dyr eða friðhelgi). Hún horfði á mig með yndislega blíðu barnsaugunum og sagði full hróss og viðurkenningar: „Mamma, þú ert svo dugleg að kúka og pissa!“ Ég held ekki að hún hafi verið að reyna að stjórna hegðun minni. Ég held að henni hafi einfaldlega fundist þetta vera eitthvað til þess að hrósa mömmu fyrir.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



# GJÖFIN ÞÍN ER Í HAGKAUP!




Ef þú kaupir tvo hluti frá Clinique eða fleiri í Hagkaup dagana 30. september -6. október, þá er þetta gjöfin til þín.*

**Gjöfin þín að verðmæti 16.000 kr. inniheldur:**

- Take The Day Off augnfarðahreinsir 50 ml
- 7 Day Scrub Cream Rinse-Off kornakrem 30 ml
- DDML gula kremið15 ml
- Youth Surge Night Age Decelerating næturkrem 15 ml
- Lash Power Mascara 2,5 ml
- Vitamin C Lip Smoothie Antioxidant Lip Colour
- Deep Comfort Hand and Cuticle Cream 30 ml
- Clinique hárbursti

*Meðan birgðir endast.

CLINIQUE
GÓÐ GJÖF

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# menning
menning@frettabladid.is

**FRAMLENGT Í NÝLISTASAFNINU** Nýlistasafnið hefur ákveðið að framlengja sýningu á verki Libiu Castro og Ólafs Ólafssonar, „Lobbyists“, til 9. október. Í verkinu draga listamennirnir upp mynd af þrýstihópum eða lobbíistum við störf í Brussel og Strassborg þar sem þeir vaka yfir og reyna að hafa áhrif á ákvarðanatöku Evrópusambandsins

## Safnafræði í Ritinu




Nýútkomið hefti Ritsins er helgað safnafræðum. Þetta fyrsta tölublað ársins hefur að geyma greinar eftir sjö höfunda sem nálgast söfn frá ólíkum sjónarhornum. Höfundar efnis eru þau Ástráður Eysteinsson bókmenntafræðingur, Valdimar Tr. Hafstein þjóðfræðingur, Loftur Atli Eiríksson menningarfræðingur, Tinna Grétarsdóttir mannfræðingur, Katla Kjartansdóttir þjóðfræðingur og Alma Dís Kristinsdóttir menntunarfræðingur.

Hannes Lárusson, myndlistarmaður, er svo með myndaþátt sem hann nefnir „Doodling“ og leggur þar út af kroti í skjóli hrunsins. Ritstjórar heftisins eru þau Helga Lára Þorsteinsdóttir, safnafræðingur, og Sigurjón Baldur Hafsteinsson, lektor í safnafræði við Háskóla Íslands.


## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

22.09.10 - 28.09.10




1 Arsenikturninn - kilja
Anne B. Ragde




2 Ranghugmyndin um guð
Richard Dawkins




3 Barnið í ferðatöskunni - kilja
Lene Kaaberbol/Agnete Frills




4 Kvöldverðurinn - kilja
Herman Koch




5 Borða, biðja, elska - kilja
Elizabeth Gilbert




6 Blóðnætur - kilja
Åsa Larsson




7 Vitavörðurinn - kilja
Camilla Läckberg



8 Þríforkurinn - kilja
Fred Vargas




9 Eyjafjallajökull
Ari Trausti og Ragnar Th.




10 Svona á að... Derek
Fagerstrom/Lauren Smith

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872


# Býr til myndrænar óperur

**Myndlistarkonan Hrafnhildur Arnardóttir sýnir verk sín á Liverpool-tvíæringnum, einni stærstu myndlistarhátíð Vestur-Evrópu. Undanfarið hefur hún unnið mikið með hár og eld, sem eru ráðandi í innsetningu hennar í Bítlaborginni.**



**KRAFTUR** Hrafnhildur hrífst af kraftinum í iðrum jarðar og nýtur þess að vinna á gráa svæðinu milli listgreinanna. Hér er hún við uppsetningu eins verka sinna á Liverpool-tvíæringnum. FRÉTTABLAÐIÐ/KJARTAN

„Ég hafði heyrt mjög mikið um þessa virtu hátíð og var því mjög ánægð þegar mér var boðið að vera með. Ég setti til að mynda upp einkasýningu í London á síðasta ári og þar á bæ þótti fólki mikið til þess koma að ég tæki þátt í Liverpool-tvíæringnum,“ segir Hrafnhildur Arnardóttir myndlistarkona, sem einnig gengur undir nafninu Shoplifter, en þessa dagana sýnir hún verk sín á einni stærstu nútímalistahátíð í Vestur-Evrópu.

Innsetning Hrafnhildar er til húsa í Novas-center menningarsetrinu, en þar sýna listamenn frá löndum á borð við Palestínu og Litháen verk sín, auk þess sem öll Norðurlöndin eiga sína fulltrúa á hátíðinni í svokölluðum Norðurlandaskála. List Hrafnhildar verður til sýnis fram í desember og á þeim tíma munu fjöldamargir listunnendur leggja leið sína í húsið, enda hátíðin afar vinsæl víða um heim.

> Ég reyni eftir fremsta megni að búa til hádramatísk verk sem má í raun líkja við óperur.

Hrafnhildur lauk námi frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands og flutti árið eftir til New York, þar sem hún stundaði mastersnám í myndlist og hefur alið manninn síðan. „Ég er mjög lánsöm því þar er ég með vinnustofu og hef getað sinnt listinni og sýnt mjög mikið. Bæði hef ég verið með einkasýningar víða um heim og einnig tekið þátt í samstarfsverkefnum og fleiru, svo það er alltaf nóg að gera. Svo vann ég líka hárskúlptúr sem Björk Guðmundsdóttir var með á umslagi plötu sinnar Medúlla, sem var mjög skemmtilegt,“ segir Hrafnhildur.

Eiginmaður Hrafnhildar er pólskur og eiga þau tvö börn. „Við förum til Íslands og Póllands á sumrin og þetta er mikið ævintýri.“

Að undanförnu hefur Hrafnhildur unnið mikið með eld og hár, sem eru ráðandi í innsetningu hennar á tvíæringnum. „Ég reyni eftir fremsta megni að búa til hádramatísk verk sem má í raun líkja við óperur,“ segir listakonan. „Það er erfitt að líkja eftir eldi, en ég nýti ljósmyndir af glóð og eldi sem ég tók í Póllandi og prenta svo á gagnsæjan pappír og klippi til að ná þessum krafti úr iðrum jarðar sem ég hrífst mikið af,“ segir Hrafnhildur, en hún kannar einnig list- og myndræna möguleika hárs í verkum sínum og notar til þess bæði mannshár og gervihár. „Ég nýt þess að vinna á gráu svæði og fara yfir mörk listgreinanna,“ segir Hrafnhildur.

kjartan@frettabladid.is

# Brotakennd sýning ungra listamanna

Myndlist: ★★

**Níu, samsýning níu listamanna í Gerðarsafni**

Gerðarsafn

**Sýningarstjóri:** Birta Guðjónsdóttir

Listamennirnir níu sem nú sýna í Gerðarsafni eiga það sameiginlegt að hafa útskrifast úr listnámi á síðustu árum, hér á landi og erlendis. Nokkur þeirra eru með MFA-gráðu eða eru í slíku námi. Algengur námsferill myndlistarmanna í dag er listnámsbraut í menntaskóla, síðan þriggja ára nám við Listaháskólann og loks tveggja ára MFA-nám erlendis, það er misjafnt hvert fólk fer þá helst. Listnám er síðan að því leyti frábrugðið öðru háskólanámi að sían er mjög þröng, aðeins brot af þeim sem sækja um kemst að í náminu.

Þessir listamenn sem hér sýna, Berglind Jóna Hlynsdóttir, Bjarki Bragason, Etienne de France, Gunndís Ýr Finnbogadóttir, Helga Björg Gylfadóttir, Logi Bjarnason, Páll Haukur Björnsson, Steinunn Gunnlaugsdóttir og Styrmir Guðmundsson, eiga það sameiginlegt að hafa verið í listnámi eða við upphaf ferils síns á miklum umbrotatímum í samfélaginu, þau hafa fylgst á virkan hátt með því hugmyndafræðilega hruni sem átti sér stað og er enn í gangi dag hvern. Verk þeirra fjalla svo til öll um samfélag í krísu.

Efnistökin endurspegla fjölbreytileika samtímalistarinnar en fjölbreytnin er ekki til þess að styrkja sýninguna í heild. Það er synd, því framtakið er flott og listamennirnir hver um sig hafa mikið fram að færa. Þau eru hins vegar hugsanlega of ólík, og sum kannski of stutt komin á ferlinum, til þess að ná að skapa sýningu sem fangar áhorfandann, hvort sem það væri hugmyndalega, sjónrænt eða tilfinningalega. Verkin vinna illa saman og ná ekki að miðla hugmyndum þeirra, þær koma betur fram í vel unninni sýningarskrá. Eitthvað virkar ekki, kannski er það uppröðun verka í salina, eða samsetningin á listamönnum sem vinna í of ólík efni, þau eru kannski ekki að sýna sín sterkustu verk, eða dýnamíkin komst ekki í gang. Að minnsta kosti er erfitt að ná sambandi við sýninguna og heildin skilur minna eftir sig en hvert einstakt listaverk. Verkin eru líka




**NÍU ER SAMSÝNING NÍU LISTAMANNA Í GERÐARSAFNI.**

nokkuð tvískipt, þar sem annars vegar ríkir hugmyndafræði sem minnir á uppruna hugmyndalistar í list Joseph Kosuth og ljær sýningunni blæ liðins tíma en hins vegar list sem sækir meira til expressionisma og hrárra efnisaðferða sem virkja skynjun áhorfandans.

Að öðrum ólöstuðum stendur verk Helgu Bjargar Gylfadóttur upp úr á sýningunni, það er grípandi og virkjar rýmið á óvæntan hátt, skapar mynd, segir sögu og í því má einnig finna kjarna sýningarinnar, hlutskipti íslensku þjóðarinnar sem velkist um í björgunarbát á opnu hafi.

Niðurstaða: Einstök listaverk eru áhugaverð, framtakið er lofsvert en niðurstaðan er brotakennd heild sem erfitt er að ná sambandi við.


CINTAMANI
CENTER
LAUGAVEGI 11
ÚTSALA 20-40%
Jónína 30%
Verð áður 19.990
Verð nú 13.993
Björg 3. laga skel 30%
Verð áður 39.990
Verð nú 27.993
Agnes Primaloft vesti 40%
Verð áður 18.990
Verð nú 11.394
Bella barnahúfur 40%
Verð áður 2.490
Verð nú 1.494
Gunnar ullarnæföt 20%
Verð áður 11.990
Verð nú 9.592
GARMIN
DAKINE
PACIFIC OUTDOOR
SCARPA
JETBOIL
SMITH
Teva
Black Diamond
LAUGAVEGI 11 | SÍMI: 517 8088
WWW.CINTAMANI.IS

keðja

Alþjóðleg sviðslistahátíð í Reykjavík 8 – 10.október

Sviðslistaveisla í boði Íslenska dansflokksins, Leikfélags Reykjavíkur, Listaháskóla Íslands, Reykjavík dance festival og Sjálfstæðu leikhúsanna

Fjöldi viðburða, sýninga og fyrirlestra
www.kedja.id.is

Meðal sýninga eru:

Transaquania – Into Thin Air



Sagan af kynjaverum Bláa lónsins heldur áfram.

Föstudagur 8. október kl 19.30
á Stóra sviði Borgarleikhússins
*Sýnd áfram í október og nóvember*

Miðasala í síma 568 8000
og á www.borgarleikhus.is




Humanimal

Kraftmikil, fyndin og falleg verðlaunasýning

Föstudagur 8. október kl 21.45
á Stóra sviði Borgarleikhússins

*Aðeins þessi eina sýning - sýnd á ensku*
Miðasala í síma 568 8000
og á www.borgarleikhus.is

Teach us to outgrow our madness



Sýning um öfgakennd samskipti kvenna úr smiðju Ernu Ómarsdóttir

Sunnudagur 10. október kl 15 og 18 í Norðurpólnum Selfgörðum 3
*Aðeins þessar tvær sýningar*

Miðasala við innganginn.



Meðal fyrirlestra eru:
Hver er framtíð sviðslista?

Ögrandi fyrirlestur Dr. Dragan Klaic, eins þekktasta leikhúsfræðimanns Evrópu

Föstudagur 8.október kl 12.00
í Tjarnarbíói
„Samtal við Dragan er eins og rússíbanaferð út í óvissuna: allt er undir og engu er hlíft. ...Skarpur, analýtískur, fróður og hugmyndaríkur. ...Það er ekki hægt að missa af fyrirlestri hjá Dragan.“
-Hjálmar H. Ragnarsson, tónskáld og rektor Listaháskóla Íslands

Gættu að dansinum



Hinn þekkti dansstjórnandi John Asford spyr íslenska listamenn á Keðju „spjörunum úr“

Sunnudagur 10. október kl 13.30 í Tjarnarbíói

*Allir fyrirlestrar á Keðju Reykjavik eru ókeypis og opnir almenningi*

Education and Culture DG
norden
Nordic Culture Fund
Reykjavíkurborg
Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Utanríkisráðuneytið



**HLJÓÐ OG MYND** Sex verk eftir fimm tónskáld verða flutt af Skmendanikku í kvöld

# Sjónrænir tónleikar Skmendanikku

Tónlistarhópurinn Skmendanikka sérhæfir sig í að flytja verk fyrir sértilbúin og heimagerð hljóðfæri. Í kvöld heldur hópurinn tónleika á tónlistarhátíðinni Sláturtíð. „Verkin eru öll ný og verða frumflutt í kvöld. Þau eru öll samnin fyrir ný hljóðfæri og verða flutt af fjölhæfum hljóðfæraleikurum sem eiga það sameiginlegt að hafa lært á fleiri en eitt hljóðfæri,“ segir Áki Ásgeirsson tónskáld og forsvarsmaður samtakanna S.L.Á.T.U.R., Samtaka listrænt ágengra tónsmiða umhverfis Reykjavík. Áki segir tónleikana örugglega verða upplifun fyrir bæði eyru og augu, enda hljóðfærin myndræn og nótnaskriftinni varpað á veggi.

S.L.Á.T.U.R. hefur haldið úti vinnustofu hljóðfæragerðar og hafa upp úr þeirri nýsmíð meðal annars komið hljóðfærin Halldórófónninn og Airwaves-rörið enda hefur hópurinn „djúpan skilning á því að til þess að búa til nýja menningu þarf ný verkfæri,“ eins og segir í tilkynningu.

Hópinn skipa þeir Frank Aarnink, slagverksleikari, Sturlaugur Björnsson, fyrrum hornleikari og bruggmeistari, og Snorri Heimisson, fagottleikari og stjórnandi Lúðrasveitar verkalýðsins. Verkin eru Halanali eftir Guðmund Stein Gunnarsson, ónefnt eftir Inga Garðar Erlendsson, Flipp B og Find the B-flat eftir Jesper Pedersen, T-1 eftir Pál Ivan Pálsson og Duel eftir Þorkel Atlason.

Tónleikarnir hefjast klukkan níu í Útgerðinni í Grandagarði. **- sbt**

# Verk um sekt og sakleysi

**SEPTEMBER, örverk um sekt og sakleysi, verður sýnt í beinni útsendingu á www.herbergi408.is kl.12.30 í dag frá Útgerð Hugmyndahúss háskólanna við Grandagarð.**

**Verkið er níunda örverkið af tólf sem Áhugaleikhús atvinnumanna býður áhorfendum upp á endurgjaldslaust. Í þetta sinn veltir leikhúsið fyrir sér sekt og sakleysi þjóðarinnar, hlutverki dæmenda og réttlæti dóma. Áhorfendur geta mætt í Útgerðina eða fylgst með við tölvuna.**

**Leikstjóri er Steinunn Knútsdóttir en leikendur eru Aðalbjörg Árnadóttir, Árni Pétur Guðjónsson, Halldóra Malín Pétursdóttir, Hannes Óli Ágústsson, Orri Huginn Ágústsson og Sveinn Ólafur Gunnarsson.**

**Hákon Már Oddson og útskriftarnemar Lista- og fjölmiðlasviðs Borgarholtsskóla sjá um beinu útsendinguna.**



**SEKT OG SAKLEYSI** Til umfjöllunar hjá Áhugaleikhúsi atvinnumanna.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 30. september**

### → Tónleikar

**20.00** Fimmtudagsforleikurinn í Hinu húsinu hefst í dag. Nóri verður með gítartónleika sem hefjast kl. 20.00. Gengið inn Austurstrætismegin. Allir velkomnir og ókeypis inn.

**20.00** Í kvöld verða tónleikar með Skmendanikku og verða flutt ný verk eftir SLÁTUR-meðlimi. Tónleikarnir eru haldnir í Útgerðinni, Grandagarði 16, annarri hæð, og hefjast klukkan 20.00. Aðgangseyrir er 1.500 krónur.

**21.00** Á Græna hattinum á Akureyri spilar Hörður Torfa fyrir tónleikagesti frá kl. 21.00.

**22.00** Hlómsveitirnar Gösli, Draumhvörf og Tamarin/(Gunslinger) verða með tónleika í kvöld á Faktorý, að Smiðjustíg 6. Efri hæðin opnar kl. 21.00 og tónleikarnir hefjast kl. 22.00.

### → Opnanir

**17.00** Opnunarpartý vinnufataverslunarinnar Vír, að Grensásvegi 8, verður haldið í kvöld kl. 17.00. Einnig verður krýndur „Harðasti iðnaðarmaður Íslands“. Allir velkomnir.

### → Hátíðir

Rokktóberfest útvarpsstöðvarinnar X-ins 977 hefst í kvöld. Miðaverð á alla hátíðina er 2.500 krónur. Nánar á www.xid977.is

### → Kvikmyndir

**17.30** Konfúsíusarstofnunin Norðurljós sýnir kvikmyndina einn og tveir eftir Edward Yang í Öskju, stofu 132. Sýningin hefst kl. 17.30, er án endurgjalds og opin öllum.

### → Málþing

**15.00** Bandalag þýðenda og túlka heldur upp á alþjóðlegan dag þýðenda í dag með málþingi kenndu við heilagan Híerónýmus. Málþingið hefst kl. 15 og verður haldið í Þjóðminjasafninu.

### → Samkoma

**20.30** Sjónvarpslaust fimmtudagskvöld verður haldið í Slippsalnum í Nema forum í kvöld. Kristín Hrönn, Kvar, Aðalsteinn Á. Sigurðsson og Bróðir Svartúlfs troða upp. Dagskrá hefst kl. 20.30 og er miðaverð 1.500 krónur, 1.000 krónur fyrir námsmenn.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**






Gospelkór Árbæjarkirkju auglýsir eftir vönu söngfólki í kórinn. Kórinn er að hefja sitt 13. Starfsár og er einn elsti starfandi gospelkór landsins. Áhugasamir mæti í Árbæjarkirkju mánudagana 4. og 11. október nk. kl. 19:00.




visir.is
„...ég sá það á vísi“

# Fólkið í kjallaranum



Verðlaunasaga Auðar Jónsdóttur loksins á svið

SNARPUR SÝNINGARTÍMI

## Frumsýnt 9. október

### Forsala hafin - allt að seljast upp!

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös. | 8.10 | kl. 20 | UPPSELT | Lau. | 23.10 | kl. 19 | UPPSELT | Lau. | 6.11 | kl. 19 | UPPSELT |
| Lau. | 9.10 | kl. 20 | UPPSELT | Lau. | 23.10 | kl. 22 | Örfá sæti | Lau. | 6.11 | kl. 22 | Örfá sæti |
| Þri. | 12.10 | kl. 20 | UPPSELT | Sun. | 24.10 | kl. 20 | UPPSELT | Sun. | 7.11 | kl. 20 | UPPSELT |
| Fös. | 15.10 | kl. 20 | UPPSELT | Þri. | 26.10 | kl. 20 | Örfá sæti | Fös. | 12.11 | kl. 19 | UPPSELT |
| Lau. | 16.10 | kl. 19 | UPPSELT | Fim. | 28.10 | kl. 20 | UPPSELT | Fös. | 12.11 | kl. 22 | |
| Lau. | 16.10 | kl. 22 | Örfá sæti | Lau. | 30.10 | kl. 19 | UPPSELT | Sun. | 14.11 | kl. 20 | |
| Sun. | 17.10 | kl. 20 | UPPSELT | Lau. | 30.10 | kl. 22 | Örfá sæti | Lau. | 20.11 | kl. 19 | UPPSELT |
| Þri. | 19.10 | kl. 20 | Örfá sæti | Sun. | 31.10 | kl. 20 | UPPSELT | Lau. | 20.11 | kl. 22 | |
| Mið. | 20.10 | kl. 20 | UPPSELT | Mið. | 3.11 | kl. 20 | UPPSELT | Sun. | 21.11 | kl. 20 | UPPSELT |

VISA Einstakt tilboð til kreditkorthafa.
500 kr. afsláttur á miðaverði.
Hringdu strax í síma 568 8000
eða komdu í miðasölu Borgarleikhússins
og tryggðu þér miða.

## Tryggðu þér miða strax.

VISA | Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is | Borgarleikhúsið


JÓNAS SIGURÐSSON


ROBERT PLANT

## > Í SPILARANUM

Jónas Sigurðsson - Allt er eitthvað
Swords of Chaos - The End Is As Near As Your Teeth
Robert Plant - Band Of Joy
Sing For Me Sandra - Apollo´s Parade
Sufjan Stevens - Age of Adz

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Trommari varð fyrir þvagárás

Will Berman, trommuleikari MGMT, strunsaði af sviðinu á tónleikum í Manchester eftir að glasi með þvagi var kastað í hann.

New York-sveitin var að spila lagið The Handshake undir lok tónleikanna þegar atvikið átti sér stað. Berman var ekki skemmt og yfirgaf sviðið í mikilli bræði. Hann neitaði að snúa aftur þrátt fyrir að félagar hans í hljómsveitinni grátbændu hann um að klára tónleikana með þeim. Fyrst tóku þeir reyndar ekki eftir því að hann var horfinn en síðan kláruðu þeir giggið án hans. Þeir spiluðu samt ekki eftir uppklappið og sýndu Berman þannig stuðning sinn í verki.

Stutt er síðan hljómsveitirnar Guns N´Roses og Kings Of Leon stöðvuðu tónleika sína vegna óvæntra uppákoma. Fyrst var plastflöskum kastað í átt að Guns N ´Roses á tónleikum í Dublin og síðan þurftu Kings Of Leon að yfirgefa sviðið í St. Louis Missouri vegna fugladrits-árásar frá dúfnahópi sem sveimaði yfir þeim.


**MGMT** Trommari MGMT strunsaði af sviðinu eftir að glasi með þvagi var kastað í hann.



## > Plata vikunnar

The Walkmen - Lisbon

★★★★

„Frábær plata sem verður vafalaust á mörgum listum yfir plötur ársins.“ -afb



## TÓNNINN GEFINN
### Trausti Júlíusson

## *Öðruvísi afrískir taktar*

Eitt af þeim nýju nöfnum sem hafa verið að vekja athygli í poppheiminum undanfarið er suðurafríska hljómsveitin Die Antwoord. Nafnið þýðir „Svarið“ á tungumálinu Afrikaans. Meðlimir Die Antwoord eru ekki stæltir Zulu-menn með þjóðlegar trumbur eða heimasmíðaða belgítara, heldur horaðir hvítir úthverfabúar sem búa til dansvænt hip-hop með nýjustu tölvugræjum.


**HVÍTT RUSL** Antwoord er eitt af forvitnilegustu nýju nöfnunum í poppinu.

Hljómsveitin var stofnuð í ársbyrjun 2009 í Höfðaborg og hana skipa rapparinn Ninja, söngkonan Yo-Landi Vi$$er og taktasmiðurinn Hi-Tek. Þau tóku upp sína fyrstu plötu $O$ í fyrra og gáfu hana á vefsvæði sveitarinnar. Þau gerðu líka myndband við lagið Enter The Ninja, en níu mánuðum eftir að það var sett á Netið sló það svo rækilega í gegn að hýsingaraðili vefsins neyddist til að loka honum. Hann hefur nú fengið nýjan hýsil. Die Antwoord gerði samning við Universal sem gaf út fimm laga stuttskífu með henni í sumar. Tvöföld útgáfa af $O$ er svo væntanleg í október.

Hvað er það svo veldur vinsældum Die Antwoord? Fljótlegast til að nálgast svar við því er að skoða myndbandið þeirra við Enter The Ninja og kynningarmyndina Zef Side sem auðvelt er finna á Netinu. Tónlistin er grípandi og frísklegt reif-litað hip-hop, en útlitið og tilþrifin hjá meðlimunum hafa mikið að segja líka. Þau eru svo ýkt að manni dettur fyrst í hug að þetta sé nýtt efni frá Ali G. Stemningin er svona „hvítt rusl“ í tíunda veldi, en því fleiri viðtöl við þau sem maður heyrir, þeim mun betur sér maður hvað þau eru klár ...


JAFNRÉTTISRÁÐ

**Jafnréttisviðurkenning 2010**

Jafnréttisráð lýsir eftir tilnefningum til jafnréttisviðurkenningar fyrir árið 2010. Viðurkenningu geta hlotið einstaklingar, fyrirtæki, stofnanir, sveitarfélög, hópar eða félagasamtök, sem á einn eða annan hátt hafa skarað fram úr eða markað spor á sviði jafnréttismála.

Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs er þema Jafnréttisráðs árið 2010. Því verður sérstaklega horft til þátta sem kynnu að snerta þemað.

Jafnréttisráð vonast eftir tilnefningum sem víðast að og minnir á nauðsyn þess að vekja athygli á verkum eða aðgerðum í þágu jafnréttis kvenna og karla og hvetja þannig til frekari dáða.

Tilnefningum skal skilað eigi síðar en **15. október n.k.** til Jafnréttisráðs, Borgum, 600 Akureyri, í síma 460 6200, eða tölvupósti jafnretti@jafnretti.is


# HLUSTAÐI Á SIGUR RÓS Á HVERJUM DEGI Í MÖRG ÁR

**Indí-popparararnir í The Antlers spila á Airwaves-hátíðinni í október. Íslensk tónlist er forsprakkanum Peter Silverman afar hjartfólgin.**

The Antlers spilar á Iceland Airwaves-hátíðinni í næsta mánuði. Hljómsveitin kemur frá Brooklyn í New York og forsprakki hennar er Peter Silverman.

„Ég hef verið að semja og taka upp í langan tíma, mestan hluta ævi minnar. Ég flutti til New York 2006 og þá fór ég að nota nafnið The Antlers. 2007 fór ég að safna saman fleirum í hljómsveitina á meðan ég var að taka upp Hospice,“ segir Silverman í viðtali við Fréttablaðið.

Platan Hospice kom út í fyrra og vakti mikla athygli á The Antlers fyrir vel heppnað indí-poppið. Sumir gagnrýnendur töldu hana eina af betri plötum síðasta árs. „Ég gerði plötuna því mér fannst ég þurfa á því að halda. Umfjöllunarefnið á plötunni skipti mig miklu máli en ég bjóst ekki við því að nokkur myndi vilja hlusta á hana. Síðan fékk platan góðar viðtökur og það hefur gert okkur kleift að vera á stöðugri tónleikaferð og lifa af tónlistinni. Ég er mjög ánægður með það og ég gæti ekki beðið um neitt betra,“ segir Silverman og útskýrir að Hospice fjalli um samband á milli tveggja manneskja sem hefur eyðileggingarmátt í för með sér.

Tónleikaferðin til að fylgja eftir Hospice stóð yfir í tvö ár og gekk vel. Núna er The Antlers komin heim til New York og er að taka upp næstu plötu. Silverman vonast til að ljúka við hana á þessu ári og tekur fram að upptökurnar muni ekki taka jafnlangan tíma og við gerð Hostice, eða eitt og hálft ár.


**THE ANTLERS** Hljómsveitin The Antlers spilar á Iceland Airwaves-hátíðinni í ár. Peter Silverman er í miðjunni. NORDICPHOTOS/GETTY

**2** Tónleikaferðin eftir útgáfu Hospice stóð yfir í tvö ár.

Á tónleikaferðinni hituðu Silverman og félagar upp fyrir hinar heimsfrægu hljómsveitir Editors og The National. „Að hita upp fyrir Editors gaf okkur tækifæri til að sjá hvernig það er að vera í stærri hljómsveit og spila í stórum tónleikahöllum,“ segir hann og bætir við: „Ég hef verið aðdáandi The National í mörg ár og lít mjög upp til þeirra. Það var mikil reynsla fyrir mig að fylgjast með hvernig þeir spila. Ég held að þessi reynsla hafi gert okkur að betri hljómsveit því við vildum sýna að við værum þess verðugir að spila með þeim.“

Silverman hlustaði mikið á My Bloody Valentine og Goodspeed You! Black Emperor á meðan á gerð Hospice stóð. Núna hlustar hann mikið á raftónlist, djassað síðrokk og Bítlana. Íslensk tónlist er honum einnig hjartfólgin, sérstaklega Sigur Rós. „Ég hlustaði á Sigur Rós á hverjum degi í mörg ár,“ segir hann og nefnir Björk og múm einnig til sögunnar. „Margar hljómsveitir hafa orðið fyrir áhrifum af íslenskri tónlist og það er hluti af ástæðunni fyrir því að við ákváðum að koma á Iceland Airwaves,“ segir hann.

freyr@frettabladid.is

# Erum engir þungarokkarar

Útgáfutónleikar rokksveitarinnar Swords of Chaos verða haldnir annað kvöld í tilefni af fyrstu plötu sveitarinnar, The End Is As Near As Your Teeth, sem kom út í síðustu viku á vegum Kimi Records.

„Við erum búnir að vera að spila saman örugglega í þrjú ár. Elstu lögin eru orðin ansi gömul þannig að við erum voða fegnir að geta farið að huga að einhverju nýju eftir þetta,“ segir Úlfur Hansson, liðsmaður sveitarinnar.

Tónlist Swords of Chaos er kraftmikil og ágeng. Úlfur vill samt ekki flokka hana sem þungarokk. „Við erum engir þungarokkarar í okkur. Þetta er þungarokk fyrir þá sem fíla ekki þungarokk,“ segir hann. „Ætli þetta flokkist ekki undir harðkjarnatónlist en við erum ekkert inni í henni. Enginn okkar er eitthvað að hlusta á svoleiðis tónlist.“ Þess má geta að blásturshljóðfæri koma við sögu í þremur lögum á plötunni og mun blásturssextett einmitt spila á útgáfutónleikunum.

Úlfur er nýkominn til landsins eftir að hafa spilað á bassa með Jónsa á tónleikaferð hans um heiminn. „Við höldum áfram eftir Airwaves og förum til Norður-Ameríku. Þetta er búið að vera ótrúlegt. Ég hef aldrei farið á svona túr áður.“ Hann viðurkennir að það séu viðbrigði að færa sig frá hinum poppaða Jónsa yfir til Swords of Chaos. „Það er mjög hressandi.“


**SWORDS OF CHAOS** Rokksveitin heldur útgáfutónleika á Faktorý Bar annað kvöld.

Útgáfutónleikarnir verða á Faktorý Bar og hefjast klukkan 22. Einnig stíga á svið Logn, Markús & The Diversion Sessions og Reykjavík!. Forsala miða er í Havarí og er miðaverð 1.000 kr.

- fb

# Opið til 24:00




# FIFA 11



**„Mun betri en síðasti leikur...“**
– 95% IGN UK

**„Klárlega besti íþróttaleikur ársins...“**
– 90% Video Gamer

## Aðeins 9.999,-

# 20% AFSLÁTTUR

## af TOPP 10 í tónlist og DVD!









1. **Þú komst í hlaðið** - Helgi Björns
2. **Bérf frá París** - Klassart
3. **Gamli góði vinur** - Mannakorn
4. **Get it together-** Dikta
5. **18 gullkorn** - Örvar Kristjáns
6. **Innundir skinni-** Ólöf Arnalds
7. **Skrýtin veröld** - Bjartmar og bergrisar
8. **Búum til börn** - Moses hightower
9. **MORÐ FYRIR TVO** - Harry og heimir
10. **Pottþétt 53** - Ýmsir

**20% AFSLÁTTUR**










1. Robin Hood
2. Prince of Percia
3. Cop Out
4. Date Night
5. Snabba Cash
6. She's Out of My League
7. Hot Tub Machine
8. Green Zone
9. Edge of Darkness
10. Nanny Mcphee 2

S·K·Í·F·A·N

KRINGLAN · 591-5320 · WWW.SKIFAN.IS

## > PORTMAN SEM LANE



Það stendur til að endurreisa Ofurmennis-bálkinn (Superman). Darren Aronofsky hefur bæst á lista yfir hugsanlega leikstjóra. Ef það yrði að raunveruleika yrði fyrsta val hans í hlutverk Louis Lane bandaríska leikkonan **Natalie Portman** sem fer á kostum í kvikmynd Aronofsky, The Black Swan.

# bíó

bio@frettabladid.is

# Shia skammar Spielberg og Harrison Ford

Shia LaBeouf, leikarinn úr Transformers, skammar bæði Steven Spielberg og Harrison Ford í viðtali við breska götublaðið The Sun. Hann hneykslast líka á Robert De Niro sem hafi einfaldlega náð ákveðnu takmarki og sé sáttur við það.

Shia hefur skotist með ógnarhraða upp á stjörnuhimin Hollywood en hann vakti fyrst mikla athygli í hasarmyndinni Transformers. Hann kveðst hins vegar ekki hafa verið hrifinn af því hvað Steven Spielberg og Harrison Ford gerðu með Indiana Jones and the Kingdom of the Crystal Skull. „Hún stóðst engan veginn þær væntingar sem til hennar voru gerðar," segir Shia í samtali við The Sun. Myndin sló hins vegar rækilega í gegn hjá áhorfendum og þénaði vel en gagnrýnendur virtust ekki alveg jafn hrifnir. „Ég var búinn að samþykkja að leika í Wall Street 2 þegar myndin var frumsýnd og hafði áhyggjur af því að ég yrði tengdur við misheppnaðar framhaldsmyndir. Ég var nýlega búinn að leika í mynd þar sem mér fannst við kasta rýrð á orðspor Indiana. Ég vildi ekki endurtaka þann leik."

Shia lýkur viðtalinu á því að skammast yfir ferli Roberts De Niro sem hefur vissulega ekki verið upp á sitt besta undanfarin ár. „Ég er ekki þar sem mig langar að vera. Og ég vonast til að ná aldrei þessum De Niro-stað þar sem maður er einhvers staðar og er bara ánægður með það," segir Shia. - fgg



**ÁKAFUR UNGUR MAÐUR** Shia LaBeouf hefur eflaust hlaupið aðeins fram úr sér þegar hann skammaði Harrison Ford, Steven Spielberg og Robert De Niro.



**SÉRSTAKUR HÓPUR** Michael Nyqist sem lék Blomkvist í Stieg Larsson-myndunum mun leika í Mission: Impossible-mynd númer fjögur ásamt Josh Holloway. Leikstjóri verður Brad Bird, frægastur fyrir teiknimyndir sínar.

# Holloway í M:I 4

Josh Holloway, sem leikur Sawyer í Lost-þáttaröðinni, hefur samþykkt að leika í Mission: Impossible-mynd númer fjögur. Framleiðandi myndarinnar, JJ Abrams, er á fullu við að finna leikara til að leika í myndinni og hefur þegar fengið Simon Pegg, Jeremy Renner og Mikael Blomkvist-leikarann Michael Nyqist til að vera með í myndinni. Sem þýðir að Stieg Larsson-stjörnurnar tvær hafa uppskorið laun erfiðsins því Noomi Rapace, Lisbeth Salander sjálf, hefur samþykkt að leika í Sherlock Holmes tvö.

Tom Cruise og Wing Rhames verða á sínum stað en leikstjóri myndarinnar verður Brad Bird. Sem kemur kannski eilítið á óvart. Því þótt Bird hafi hlotið tvo Óskara eru eflaust ekki margir sem þekkja til hans. Bird er nefnilega maðurinn á bak við margar af skemmtilegustu teiknimyndum síðustu ára og nægir þar að nefna The Incredibles og Ratatouille.

Josh Holloway hefur ekki leikið í neinu af viti frá því að Lost-serían rann sitt skeið. Holloway hefur hins vegar verið vinsæll meðal kvenfólksins og því ljóst að það gæti verið jafnt kynjahlutfall í bíóhúsum þegar Mission:Impossible 4 verður frumsýnd.


ÁRSHÁTÍÐIR

Rúbín



Veislusalur Öskjuhlíð - upplýsingar í s. 617 1111 - www.rubin.is


# Bestu þríleikir sögunnar

**Þríleikir af öllum stærðum og gerðum hafa verið vinsælir beggja vegna Atlantshafsins. Kvikmyndatímaritið Empire fékk lesendur sína til að velja þá bestu og þar kemur kannski fátt á óvart.**

**1. Hringadrottinssaga: (2001-2003)**
Þetta þrekvirki Peters Jackson var í raun einstakur kvikmyndaatburður. Bækur J.R.R Tolkien höfðu átt miklum vinsældum að fagna og hörðustu fylgjendur bókanna leyfðu sér að efast um að nokkur kvikmyndagerðarmaður gæti fangað ævintýraheiminn og andrúmsloftið sem einkennir þessi meistaraverk Tolkien. Jackson tókst það hins vegar, myndirnar þrjár eru augnakonfekt sem eiga vafalítið eftir að lifa í hugum og hjörtum áhorfenda.

Jackson tókst meira að segja að velja réttu leikarana; Viggo Mortensen smellpassaði í hlutverk Aragorn og danska ofurstjarnan bar uppi myndina. Síðasta myndin, Hilmir snýr aftur, hlaut ellefu Óskarsverðlaun og er því ein af þremur sigursælustu myndum sögunnar á þeirri verðlaunahátíð.

**2. Stjörnustríð (1977-1983)**
Alec Guinness hataði Stjörnustríð, henti öllum aðdáendabréfum án þess að opna þau og krafðist þess að Obi-Wan Kenobi yrði drepinn sem fyrst. Guinness hefur sennilega ekki órað fyrir því hver áhrif Stjörnustríðs-þríleikur George Lucas myndi hafa á poppmenningu 20. og 21. aldarinnar með endalausum tilvísunum í kvikmyndum sem hafa ekkert með geimstríð að gera. Þrátt fyrir að flestir hefðu talið að það væri nánast ekki hægt að betrumbæta fyrstu myndina þá tókst það bæði hjá Irvin Kershner og Richard Marquand. Sorglegust eru kannski örlög Carrie Fisher og Marks Hamil en Harrison Ford getur vafalítið vel við unað.

**3. Aftur til framtíðar (1985-1990)**
Delorean-bifreiðin sem þeytti Marty McFly fram og aftur í tíma og rúmi hefur eflaust birst í draumum sérhvers manns sem sá Back to the Future-þríleikinn. Fyrsta myndin, þar sem Marty fer aftur til ársins 1955, er frábær gamanmynd með ógleymanlegum atriðum. Hinar tvær, þar sem Marty ferðast til framtíðarinnar og reynir að bjarga syni sínum og svo kúrekamyndin, náðu ekki alveg að fylgja frummyndinni eftir en lifa engu síður ágætis lífi.

**4. Leikfangasaga (1995 - 2010)**
Bósi Ljósár og Viddi kúreki. Ef það er til eitthvað barn sem er fætt eftir 1990 og hefur ekki átt sitt Bósa- eða Vidda-tímabil þá hefur viðkomandi barni verið miskunnarlaust haldið frá sjónvarpi og afþreyingarmenningu. Teiknimyndirnar eru einstaklega velheppnaðar, fullar af leiftrandi kímni og frábærum söguþræði ásamt með uppbyggilegri fræðslu handa smáfólkinu um vináttu. Það besta við Leikfangasögu er kannski að myndirnar forðast pólitíska rétthugsun í lengstu lög.

**5. Guðfaðirinn (1972-1990)**
Ef um væri að ræða keppni í dúettum hefði Francis Ford Coppola staðið uppi með pálmann í höndunum. Því fyrstu tvær myndirnar eru meistarastykki af guðs náð. Coppola datt hins vegar í hug að það væri sniðugt að fá dóttur sína, Sofiu, og Andy Garcia til að leika par í þriðju myndinni og láta Al Pacino vera svo veikan að áhorfendur heyrðu varla í honum. Þessar hugmyndir sprungu rækilega í andlitið á Coppola og gerðu það að verkum að Guðföður-þríleikurinn er í raun bara tvær myndir. Flestir hafa afneitað þeirri þriðju.



### ÞEIR BESTU

Þríleikir eru vinsælt form í Hollywood og eiga jafnan auðvelt með að laða að kvikmyndaáhorfendur. Það þarf hins vegar eitthvað sérstakt til að gera þríleik sem heldur algjörlega í þrjár myndir og það hefur reynst mörgum ákaflega erfitt.









# Julia Roberts og gott grín

Það er fremur hljótt yfir kvikmyndahúsum borgarinnar eftir allar sprengingar sumarsins. Kannski er því vel við hæfi að í miðri haustlægðinni sem gengur yfir höfuðborgarsvæðið skuli vera frumsýnd rómantísk mynd, Eat Pray Love, með Juliu Roberts í aðalhlutverki. Myndin er byggð á samnefndri bók Elizabeth Gilbert sem hefur setið í efstu sætum vinsældarlista Bandaríkjanna.

Myndin er sannsöguleg og segir frá höfundinum sjálfum, Liz. Hún á allt sem hana hafði dreymt um, traustan og tryggan eiginmann, vinnu og heimili. En hún finnur á sjálfri sér að hún er ekki ánægð og einn daginn ákveður hún að segja skilið við þetta allt saman, eiginmanninn líka, og heldur í ferðalag um heiminn í leit að sjálfri sér. Með önnur hlutverk í myndinni fara þeir James Franco, Javier Bardem og Billy Crudup en leikstjóri er Ryan Murphy, einn af höfuðpaurunum á bak við Glee.

Dinner for Schmucks er eftir sama leikstjóra og gerði Meet the Parents-myndirnar. Og skartar þeim Paul Rudd og Steve Carell í aðalhlutverkum. Myndin segir frá ungum manni að nafni Tim sem þráir frama. Forstjóri fyrirtækisins hefur þann undarlega vana að halda matarboð þar sem starfsmennirnir taka með sér mesta furðufuglinn. Tim telur sig hafa dottið í lukkupottinn þegar hann rekst á Barry sem klæðir meðal annars mýs í föt.



**HAUSTMYNDIR** Gott grín með Steve Carell og rómantísk sjálfsleitarmynd með Juliu Roberts er það sem boðið er upp á í kvikmyndahúsum borgarinnar.


KRISTA / Quest

Við bjóðum Guðrúnu Hrönn hjartanlega velkomna til starfa á ný!



Tímabókanir í síma:
533-1333 / 568-9977
KRISTA / Quest
Kringlunni 4-12
3.hæð, norðurhús
www.krista.is

CHANEL

BE UNEXPECTED

Free yourself from constraint. Choose your destiny.
Act rather than follow. Write the script of your life.




www.chanel.com

**Kynning í Lyfjum og heilsu, Kringlunni 30. sept–6.okt.**
**Nýr herrailmur frá Chanel verður kynntur ásamt öðrum nýjungum í Chanel. Sérfræðingar frá Chanel verða á staðnum og veita faglega ráðgjöf á kynningardögum.**

Lyf & heilsa
Kringlunni

## > DOTTINN ÚT

Söngvarinn **Michael Bolton** var kosinn út úr sjónvarpsþættinum Dancing with the Stars í fyrrakvöld með afgerandi hætti. Einn dómaranna sagði dansrútínu hans og Chelsie Hightower þá verstu sem hann hafi séð. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá sungu stelpurnar í The Charlies kynningarlag fyrir þáttinn og munu koma fram í honum síðar í vetur.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Skaðabæturnar fara til góðgerðarmála

Breska blaðið The Sun greindi frá því í gær að David Beckham hygðist ekki halda nokkru eftir af þeim sextán milljónum punda sem hann ætlar hafa af vændiskonunni Irmu Nici og bandaríska blaðinu In Touch í skaðabótamáli. Beckham hefur mætt blaðinu af fullri hörku eftir að það birti frétt þess efnis að hann hefði sængað hjá tveimur vændiskonum á hótelherbergi í New York fyrir nokkru. Beckham harðneitar þessum fréttum og hefur höfðað meiðyrðamál á hendur blaðinu, ritstjóra þess, viðmælandanum og útgefandanum sem er þýski risinn Bauer.

Fram kemur í The Sun að peningarnir muni renna beint til Victoriu og David-góðgerðarsjóðsins en hann hefur lagt sitt af mörkum við að hjálpa langveikum börnum úti um allan heim. „Beckham vill ekki sjá þessa peninga," hefur The Sun eftir vini fótboltamannsins. Málsókn Beckhams á hendur vændiskonunni og blaðinu hefur vakið mikla athygli. Irma reyndi að svara fyrir sig í The Sun og sagðist ætla að sýna fram á að það væri Beckham sem væri druslan í málinu. „Ég hlakka til þess dags þegar ég mæti í réttarsalinn og fæ tækifæri til að segja sannleikann í málinu," sagði Irma. The Sun hafði uppi á fjölskyldu hennar í Hollandi sem kom það stórkostlega á óvart að hún væri í vændi. Fjölskyldan sagðist engu að síður standa með henni.



**GEFUR PENINGANA** David Beckham vill fá sextán milljónir punda í skaðabætur. Hann hyggst gefa þær allar góðgerðarmála.




## Einstakir færeyskir tónleikar

*í Langholtskirkju 2. október kl. 20.00*

Jógvan Hansen syngur þekktustu lögin sín og hinn vinsæli kór 17 Sangarar frá Klaksvík í Færeyjum syngur færeysk lög ásamt íslenskri söngvasyrpu með lögum Sigfúsar Halldórssonar.

Komið og eigið einstaka og hugljúfa kvöldstund.

**midi.is**

Hægt er að kaupa miða á midi.is og við dyrnar.

ENNEMM / SÍA / NM43723




**ENDURKOMA ALDARINNAR** Víst er að Abba-aðdáendur út um allan heim myndu tryllast af gleði ef sveitin kæmi saman á ný.

# Abba lifnar við

**Stórtíðinda gæti verið að vænta úr heimi popptónlistar. Sænsku súperstjörnurnar í Abba eru sagðar vera að hugsa alvarlega um að snúa aftur í sviðsljósið.**

Anni-Frid Lyngstad, best þekkt sem Frida, gaf Abba-aðdáendum hressilega undir fótinn í viðtali við breska blaðið Daily Express. Hún sagðist ræða það oft og ítrekað við Agnethu Fältskog hvort þær ættu ekki að taka lagið saman á ný. Þær Frida og Agnetha hafa staðið í vegi fyrir að sveitin komi saman en þær hafa margoft lýst því yfir að þær séu fyrir löngu hættar öllum afskiptum af tónlistarbransanum. „Það væri frábært að gera eitthvað með Agnethu. Ef við myndum gera eitthvað þá yrði erfitt að standast pressuna með Abba, þetta yrði aldrei neitt sem flygi lágt."

Björn og Benny voru eiginmenn Agnethu og Fridu á þeim tíma sem frægðarsól Abba reis hæst. Sveitin hætti hins vegar með miklum látum árið 1983 og hefur margoft verið boðnar himinháar fjárhæðir fyrir að koma aftur saman. Björn og Benny hafa verið duglegir við að semja tónlist síðan leið þeirra lá frá hjónahljómsveitinni. Eina skiptið sem sveitin sást saman var árið 2008 þegar allir meðlimir sveitarinnar mættu á frumsýningu kvikmyndarinnar Mamma Mia! í London. Björn sagði þá að hljómsveitin myndi aldrei koma aftur. „Peningar eru ekki vandamálið í þeim efnum."










# GULA HÚSIÐ
## FAXAFENI 8



2 fyrir 1

DÖMUBUXUR
Stærðir 36-46
Verð 2.990,-



DÖMUPEYSUR
Verð 2.990,-



HERRAPEYSUR
Verð 2.990,-

Opid til 20 alla virka daga

BARNAGALLA-BUXUR
Verð 990,-



2 fyrir 1

2 fyrir 1

2 fyrir 1 á völdum skópörum!
Stígvél, hælar og fleira.
Þú borgar fyrir dýrara parið

Verð frá 490,-





3ja hluta barnasett á aðeins:
1.999,-
buxur, vesti og síðerma bolur.

4JA DAGA TILBOÐ, FRÁ FIMMTUDEGI ÚT SUNNUDAG
WWW.GULAHUSID.IS

OPNUNARTÍMI:
MÁN TIL FÖS: 10 – 20
LAUG: 10 – 18, SUNNUD 12 – 17

# Gerir heimildarmynd um friðarsúlu Ono

Ari Alexander Ergis kvikmyndagerðarmaður, hefur síðastliðin fjögur ár unnið að gerð heimildarmyndar í samstarfi við Jón Proppé um friðarsúlu Yoko Ono sem japanska listakonan tendrar hinn 9. október næstkomandi. Mikið verður um dýrðir að þessu sinni því sjötíu ár verða þá liðin frá fæðingu eiginmanns hennar, bítilsins Johns Lennon.

Ari segist hafa hitt Yoko fyrst í París árið 1999 þegar hann var þá að gera mynd um íslenska listamanninn Erró. En Ono og Erró eru miklir vinir. „Fyrir fjórum árum var ég síðan að vinna með sýningarstjóranum Hans Ultrich Obricht sem hafði tekið nokkur viðtöl við Yoko Ono. Þegar Yoko fór að skoða þennan möguleika; að setja upp friðarsúluna á Íslandi hljóp ég til Svanhildar Konráðsdóttur niður á Höfuðborgarstofu og sagði við hana að við yrðum að gera almennilega heimildarmynd um þetta, alveg frá byrjun,“ útskýrir Ari en þá hafði ekki verið ákveðið að reisa friðarsúluna úti í Viðey sem varð svo raunin.

Ari segir koma fram í myndinni að ein aðalástæðan fyrir því að Ísland var valið hafi verið að landið hafði engan her.

Myndin verður frumsýnd 8. október í Bíó Paradís, nýrri kvikmyndamiðstöð við Hverfisgötuna.

- fgg



**FJÖGURRA ÁRA VERKEFNI** Ari Alexander hefur verið fjögur ár að gera heimildarmynd um friðarsúlu Yoko Ono. Ari fékk góðan aðgang að myndefni Lennon-hjónanna og birtast meðal annars brot úr viðtölum við John Lennon í myndinni.



**SYNGUR ELVIS OG VILLA VILL** Friðrik Ómar í Elvis-gírnum fyrr á árinu. Nú er að koma út plata og mynddiskur með efni frá tónleikunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Ekki að herma eftir neinum

**Friðrik Ómar heldur þrenna tónleika á Akureyri þar sem hann syngur lög Vilhjálms Vilhjálmssonar. Plata og mynddiskur með Elvis-tónleikum hans í Salnum eru einnig að koma út.**

Söngvarinn Friðrik Ómar hefur í nógu að snúast um þessar mundir. Uppselt er á þrenna tónleika sem hann heldur um helgina í menningarhúsinu Hofi á Akureyri með lögum Vilhjálms Vilhjálmssonar. Auk þess kemur plata og mynddiskur með Elvis Presley-tónleikum hans í verslanir á föstudag.

„Fyrir mér snúast þessi tvö verkefni um að halda stóra tónleika. Það er svo rosalega erfitt að vera með eitthvað á boðstólum sem fólk þekkir ekki og þetta eru tveir af mínum uppáhaldssöngvurum,“ segir Friðrik Ómar. Hann hefur haldið sextán Elvis-tónleika á undanförnum árum og alls hafa sex til sjö þúsund manns komið að horfa á. „Ég byrjaði á þeim 2005. Síðan er ég búinn að halda þá með reglulegu millibili en mestu törnina tók ég í Salnum,“ segir hann og á þar við hina vel heppnuðu tónleikaröð í byrjun ársins.

Spurður hvort fólk vilji ekki frekar kaupa plötur og mynddiska með Elvis-sjálfum heldur en að kaupa hans útgáfu, viðurkennir Friðrik að ekkert komi í staðinn fyrir kónginn sjálfan. „En það er skemmtilegt að upplifa lögin flutt lifandi með flottum hljóðfæraleikurum. Ég er í hvorugu tilfellinu að herma eftir eða neitt þannig og er ekki í neinum búningum,“ segir hann og á þar líka við Villa Villa-verkefnið. „Ég er líka að segja fólki frá ýmsu sem gerðist á þeirra ferli, þannig að þetta er smá söguslund í leiðinni. Ég held líka að eftir svona tónleika fari margir og kaupi plöturnar þeirra.“

Friðrik hefur búið í Svíþjóð að undanförnu og líkar lífið þar mjög vel. „Það er búið að vera mjög fínt. Ég er kominn á fullt að taka upp lög eftir aðra og eftir mig,“ segir hann. „Ég er að kynnast bransanum og það tekur sinn tíma og ég er með báða fæturna á jörðinni. Þessi bransi er mjög fagmannlegur en það er mikil samkeppni líka. Fjórtán til fimmtán prósent af þjóðarframleiðslunni í Svíþjóð er tónlist, þannig að þetta er rosa stórt batterí þarna og mikilvægt, rétt eins og landbúnaðurinn hér heima,“ segir hann og hlær.

freyr@frettabladid.is


# Byrjendanámskeið í Hot jóga

**Nýtt 4 vikna byrjendanámskeið í Hot jóga hefst þriðjudaginn 5. október**

JÓGA Stúdíó



Námskeiðið er kennt á þriðjudögum og fimmtudögum klukkan 20:00 – 21:00 í fjórar vikur í senn.

Þátttekendur geta mætt í alla opna tíma á meðan á námskeiðinu stendur.

Eftir námskeiðið fá þátttakendur eina fría viku auk 15% afslátt af kortum.

Upplýsingar og skráning í síma 695-8464 Drífa og 772-1025 Ágústa.

Eða á jogastudio.is



Ágústa Kolbrún Jónsdóttir 772-1025



Drífa Atladóttir 695-8464

JÓGA Stúdíó Seljavegur 2 - 101 Reykjavík
www.jogastudio.is - jogastudio@hotmail.com


Tónlist ★★

**Wish You Were Hair**
Hairdoctor



## Hár og aftur hár

Hairdoctor er hljómsveit skipuð Jóni Atla Helgasyni hárgreiðslumanni og plötusnúði með meiru og Árna Rúnari Hlöðverssyni sem er þekktastur sem meðlimur FM Belfast. Wish You Were Hair er önnur platan sveitarinnar en sú fyrri, Shampoo, kom út fyrir fimm árum. Nýja platan er sjö laga og tveir gestasöngvarar koma við sögu. Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir syngur með Jóni Atla í upphafslaginu, Dagur eitt, sem er langbesta lag plötunnar, en Bóas Hallgrímsson syngur í If You Love Me.

Tónlist Hárdoktorsins er samsett úr fínum grunnefnum eins og flottum töktum, stuði og húmor (nafnið á plötunni er t.d. snilld!). Ágætar hugmyndir og góð stemning í þessu bandi. Það sem hins vegar vantar upp á eru annars vegar lagasmíðarnar og hins vegar hljómburðurinn. Lögin á Wish You Were Hair eru ansi misjöfn og eins og áður segir stendur Dagur eitt upp úr. Hljómurinn er viljandi svolítið lo-fi sem getur alveg komið vel út, en mér finnst hann samt of vondur á köflum hér, gítarsándið er t.d. hörmung. Platan kemur þó betur út í tölvunni og mp3-spilaranum heldur en í betri græjum.

Á heildina litið þokkaleg plata.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Flott nafn, fínt umslag og eitt gott lag.






# FALLEGUR ÍTALSKUR FATNAÐUR

Haustlínan frá Kontatto komin í verslun Kroll.
**15% kynningarafsláttur** næstu þrjá daga.

kroll

Kroll • Laugavegi 33 • sími: 5522250 • kroll@kroll.is • opnunartími: mán-fim 10 - 18 • fös 10 - 19 • lau 11 - 17

# BÓKA LAGERSALA




**allt að 93% afsláttur**

# Fáránlega ódýr fimmtudagur

## risalagersala Forlagsins á Fiskislóð 39

**Opið kl. 11 – 21 í dag**

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

EIRI AFSLÁTTUR - ENN MEIRI AFSLÁTTUR - ENN MEIRI AFSLÁTTUR - ENN MEIRI AFSLÁTTUR - ENN MEIRI AFSLÁ




HRUNIÐ
**Nú: 290 kr.**
Verð áður: 2.490 kr.




ARTEMIS FOWL – SAMSÆRIÐ
**Nú: 290 kr.**
Verð áður: 4.290 kr.




NÆTURSTAÐUR
**Nú: 290 kr.**
Verð áður: 3.990 kr.




ALDREI AFTUR NÖRD
**Nú: 290 kr.**
Verð áður: 2.690 kr.




SÍMON OG EIKURNAR
**Nú: 290 kr.**
Verð áður: 4.290 kr.




HÖFUNDAR NJÁLU
**Nú: 290 kr.**
Verð áður: 4.290 kr.




DRAUMAR Á JÖRÐU
**Nú: 290 kr.**
Verð áður: 4.290 kr.




ÁST Í BLÍÐU OG STRÍÐU - KILJA
**Nú: 290 kr.**
Verð áður: 2.990 kr.




FJÁRHÆTTUSPILARINN
**Nú: 290 kr.**
Verð áður: 4.290 kr.




MEIRI GAURAGANGUR
**Nú: 290 kr.**
Verð áður: 1.790 kr.




Í NÆTURGARÐI - ALLIR UM BORÐ Í NINKÝ NONK! + FÍNA BLÓMIÐ!
**Nú: 290 kr.**
Verð áður: 2.780 kr.

**Aðeins 4 dagar eftir!**

Úrval af bókum sem kosta bara 290 kr.

Allir sem kaupa fyrir **5.000 kr**. eða meira fá bókagjöf. Þeir sem kaupa fyrir **12.000 kr**. eða meira fá tvær bækur að gjöf.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

# Hittir pabba á ný

Leikarinn Shia LaBeouf segir að frægð sín hafi orðið til þess að hann styrkti sambandið við föður sinn Jeffrey. LaBeouf missti sambandið við föður sinn í nokkur ár eftir að foreldrar hans skildu en núna hefur orðið breyting þar á. „Pabbi var aldrei til staðar vegna þess að hann var að reyna að selja eiturlyf til að framfleyta okkur. Mamma var heldur ekki til staðar vegna þess að hún reyndi að selja bæklinga í garðinum til að halda okkur á floti," sagði leikarinn. „Þau höfðu aldrei tíma fyrir hvort annað og þau hættu að vera ástfangin. Það eyðilagði líf mitt í langan tíma. Ég er ekki sá fyrsti sem gengur í gegnum svona lagað en ég kenndi sjálfum mér um þetta." Hann segir að frægðin sem hann öðlaðist fyrst árið 2000 hafi orðið til þess að faðir hans hafði aftur samband við hann.



**SHIA LABEOUF** Leikarinn segir að frægð sín hafi styrkt samband sitt við föður sinn.

# Austin Lucas á Íslandi

Bandaríkjamaðurinn Austin Lucas er mættur til landsins og hyggst koma fram á fernum tónleikum.

„Hann er rísandi stjarna í þessum svokallaða „alt country" bransa," segir Egill Kári Helgason, sem flytur kappann inn. „Pabbi hans, Bob Lucas, hefur meðal annars unnið mikið með Alison Krauss."

Lucas kemur fram á Café Rosenberg í kvöld og á Dillon á morgun. Á laugardaginn kemur hann fram á Vatnssafninu í Stykkishólmi og á sunnudaginn kemur hann fram á Langa Manga á Ísafirði.

„Bæði Reykjavíkurgiggin verða með Árstíðum, Svavari Knúti, og bluegrass bandinu Woodcraft," segir Egill. „Stykkishólmsgiggið verður sérstakt að því leyti að hljómsveitirnar Endless Dark af Snæfellsnesinu og Reason To Believe úr Keflavík munu koma fram órafmagnaðar. Einnig munu tónleikarnir verða hljóðritaðir og gefnir út seinna"



**SPILAR MEÐ LUCAS** Hljómsveitin Endless Dark kemur órafmögnuð fram með Austin Lucas um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000




**TRÚLOFUÐ** Seth Rogen segir að unnustan Lauren Miller sé allt of sæt fyrir hann.

# Seth Rogen trúlofaður

**Hinn bráðfyndni Seth Rogen og kærastan hans til sex ára, leikkonan Lauren Miller, trúlofuðu sig í síðustu viku. Eftir að Rogen fór á skeljarnar héldu þau til Boston þar sem þau fögnuðu í faðmi fjölskyldunnar.**

**Heimildarmaður tímaritsins Life & Style segir að Miller hafi verið farin að gefa upp vonina um að Rogen myndi setja hring á fingur hennar. „En fjölskylda hennar dáir hann og er mjög spennt fyrir því að skipuleggja brúðkaup," segir hann.**

**Rogen hefur lítið tjáð sig um einkalíf sitt en hefur engu að síður látið hafa eftir sér að hann eigi kærustu sem sé miklu sætari en hann eigi skilið.**



**KIM KARDASHIAN** Var óánægð með botox-aðgerðina sína.

# Óánægð með bótoxið

**Raunveruleikastjarnan Kim Kardashian hefur útskýrt hvers vegna hún fór í botox-aðgerð í sjónvarpsþætti sínum. Hún hafði áður haldið því fram að konur á hennar aldri þyrftu ekki á slíku að halda. „Ég var ekki ánægð með útkomuna," sagði hún. „En ég verð þrítug á þessu ári. Ég var stressuð út af því og þetta langaði mig að prófa einhvern tímann. Ég ákvað að sýna hvað ég myndi þurfa að ganga í gegnum. Niðurstaðan var samt að ég var ekki ánægð með þetta og ég held að þetta hafi verið röng ákvörðun hjá mér. Fólk þarf í rauninni ekki að gera svona lagað."**

# Fyrsta plata Söndru

Hljómsveitin Sing For Me Sandra hefur sent frá frá sér sína fyrstu plötu, Apollo´s Parade. Sing For Me Sandra kemur úr Reykjavík, Kópavogi og Garðabæ og hefur verið starfandi frá árinu 2006. Hún vakti fyrst athygli í fyrra með sínu fyrsta smáskífulagi, The Fight. Lagið fékk góðar undirtektir og náði meðal annars á vinsældalista X-ins og Rásar 2. Næst á eftir kom smáskífulagið Time Will Tell sem fékk einnig góð viðbrögð.

Meðlimir Sing For Me Sandra eru Helgi Einarsson á trommur, Jón Helgi Hólmgeirsson sem spilar á gítar og syngur, Ragnar Már Jónsson á gítar, Þorkell Helgi Sigfússon gítarleikari og söngvari og Örn Ýmir Arason spilar á bassa og syngur. Nánari upplýsingar um sveitina má nálgast á Recordrecords.is/singformesandra.



**SING FOR ME SANDRA** Hljómsveitin hefur sent frá sér sína fyrstu plötu.

# Halda að þau séu vampírur

Bandarísk ungmenni taka vampíruæðið sem ríður yfir heiminn alvarlega og eru byrjuð að bíta hvert annað og sjúga blóðið. Þetta furðulega og hættulega æði kemur í kjölfar vinsælda Twilight-kvikmyndanna og bókanna og þátta á borð við True Blood.

Heilbrigðisyfirvöld í Bandaríkjunum hafa lýst yfir áhyggjum vegna tískubylgjunnar meðal annars vegna smithættu. Þá segir Dr. Thomas Abshire, krabbameins- og blóðsérfræðingur að mikil hætta skapist þegar bitið er til blóðs vegna þess að munnur manna er „miklu skítugri en t.d. munnar hunda og katta.“

Dr. Orley Avitzur bætir við: „Þessir krakkar halda að þeir séu vampírur.“ Hann efast ekki um að tískubylgjan komi í kjölfar Twiligt-myndanna. „Þessar táningsvampírur eru settar á háan stall og gerðar aðlaðandi og kynþokkafullar. Þessu er svo öllu blandað saman í pott með losta.“



**BLÓÐÞORSTI** Bandarísk ungmenni eru byrjuð að herma eftir Twilight-myndunum.



**Í FRÆGÐARHÖLLINA** Tónlistarmaðurinn Tom Waits er á meðal tilnefndra.

# Waits með tilnefningu

**Tom Waits, Beastie Boys, Bon Jovi og Alice Cooper eru á meðal þeirra sem hafa verið tilnefndir í Frægðarhöll rokksins. Meira en fimm hundruð manns úr bandaríska tónlistarbransanum taka þátt í valinu og verður ákvörðun þeirra tilkynnt í desember. Athöfnin fer fram í mars á næsta ári í New York. Á meðal annarra tilnefndra voru rapparinn LL Cool J, Neil Diamond, Donovan, og Donna Summer. Til að vera gjaldgengir í Frægðarhöllina þurfa 25 ár að hafa liðið síðan flytjendur gáfu út sína fyrstu smáskífu. Þess má geta að fyrsta smáskífa Tom Waits kom út árið 1973, eða fyrir 37 árum.**



**BÚIN AÐ GLEYMA PITT** Jennifer Aniston tekur söngvarann John Mayer fram yfir eiginmanninn fyrrverandi, Brad Pitt. NORDICPHOTOS/GETTY

# Jen þráir Mayer aftur

Margir halda að leikkonan Jennifer Aniston sé að velta sér upp úr fortíðinni með eiginmanninum fyrrverandi, Brad Pitt, en svo er ekki. Aniston lýsir söngvaranum John Mayer sem stóru ástinni í lífi sínu og er að sögn vina með hann á heilanum. Leikkonan hefði ekkert á móti því að byrja með Mayer þótt níu ár séu á milli þeirra. Ekki fylgir sögunni hvað Mayer vill en parið sást saman á tónleikum á dögunum.







BESTA SKEMMTUNIN
SAMBÍÓIN




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| SOLOMON KANE | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| SOLOMON KANE | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | VIP |
| GOING THE DISTANCE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| ALGJÖR SVEPPI-3D | kl. 6 - 8 | L |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | L |
| REMEMBER ME | kl. 10:20 | 12 |
| AULINN ÉG-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| THE GHOST WRITER | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| STEP UP 3-3D | kl. 10:10 | 7 |
| HUNDAR OG KETTIR 2-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| LETTERS TO JULIET | kl. 8 | L |

| SAMBÍÓIN SELFOSSI | | |
|---|---|---|
| THE GHOSTWRITER | kl. 8 | 12 |
| REMEMBER ME | kl. 8 | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| SOLOMON KANE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 16 |
| GOING THE DISTANCE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| ALGJÖR SVEPPI-3D | kl. 6 | L |
| STEP UP 3-3D | kl. 8 | 7 |
| INCEPTION | kl. 10:10 | 12 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| ALGJÖR SVEPPI-3D | kl. 6 | L |
| GOING THE DISTANCE | kl. 8 | L |
| STEP UP 3 | kl. 6 | 7 |
| REMEMBER ME | kl. 8 | 12 |

HALTU UPP Á AFMÆLIÐ Í BÍÓ
SENDIÐ FYRIRSPURNIR Á
HOPAR@SAMBIO.IS

NÝTT Í BÍÓ!







| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | | |
|---|---|---|
| PIRANHA 3D | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| PIRANHA 3D LÚXUS | kl. 10.50 | 16 |
| WALL STREET 2 | kl. 5 - 8 - 10.50 | L |
| WALL STREET 2 LÚXUS | kl. 5 - 8 | L |
| SUMARLANDIÐ | kl. 3.30 - 6 | L |
| RESIDENT EVIL: AFTERLIFE 3D | kl. 10.30 | 16 |
| THE OTHER GUYS | kl. 5.30 - 8 | 12 |
| DESPICABLE ME 3D | kl. 10.50 | L |
| AULINN ÉG 3D | kl. 3.40 - 5.50 | L |
| AULINN ÉG 2D | kl. 3.40 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| SUMARLANDIÐ | kl. 8 - 10 | L |

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| PIRANHA 3D | kl. 8 - 10 | 16 |
| WALL STREET 2 | kl. 8 - 10.25 | L |
| SUMARLANDIÐ | kl. 6 | L |
| AULINN ÉG 3D | kl. 6 | L |

facebook.com/smarabio

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus







LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| WALL STREET 2 | 7 og 10 | L |
| PIRANHA 3D | 8 og 10 | 16 |
| SUMARLANDIÐ | 6, 8 og 10 | L |
| AULINN ÉG 3D | 6 | L |




**Á ÆFINGU** S.H. Draumur á æfingu á Egilsstöðum fyrir endurkomutónleika sína. Sveitin hefur engu gleymt, að mati Dr. Gunna.

# Fyrsta æfingin í sautján ár

**Rokksveitin S.H. Draumur kom saman í æfingahúsnæði á Egilsstöðum um síðustu helgi í fyrsta sinn í sautján ár og undirbjó sig fyrir sína „bestu tónleika frá upphafi“.**



**ÁRIÐ 1986** S.H. Draumur í Reykjavík árið 1986, eða fyrir 24 árum.

Hljómsveitin goðsagnarkennda S.H. Draumur kom saman í fyrsta sinn í sautján ár þegar hún æfði í Tónlistarskólanum á Egilsstöðum um síðustu helgi. Tilefnið er viðhafnarútgáfa sveitarinnar í samstarfi við Kimi Records á plötunni Goð og tónleikar í kjölfarið, bæði á Airwaves-hátíðinni og víðar. Margir tónlistarunnendur bíða spenntir eftir endurkomu þessarar hráu og pönkuðu rokksveitar.

„Við höfum engu gleymt,“ segir forsprakkinn Dr. Gunni. „Það var ljóst frá fyrstu æfingunni að þetta var allt þarna. Það þurfti bara aðeins að kveikja á því aftur. Þessi hljómsveit er einhvers konar eining. Hún hangir saman eins og það sé límband utan um hana.“

Aðrir meðlimir S.H. Draums eru trommarinn Birgir Baldursson og Steingrímur Birgisson gítarleikari. Sá síðarnefndi er búsettur á Egilsstöðum þar sem hann er skólastjóri Tónlistarskólans og því var ákveðið að nýta húsnæðið til æfinganna. Spilamennskan gekk hratt og örugglega fyrir sig þar sem rokkað var grimmt. „Þetta eru engar gamalmennaútgáfur af þessum lögum. Þetta er ekkert krúttkjaftæði,“ segir Dr. Gunni.

Árið 1993 gaf S.H. Draumur út safnplötuna Allt heila klabbið og lagðist síðan í dvala. „Eftir á að hyggja var sú útgáfa misheppnuð. Músíkin var tekin beint af teipinu og ekkert gert í henni. Þetta var lágt, kraftlaust og ömurlegt en núna var ítrustu tækni beitt til að gera þetta ógeðslega flott,“ segir hann um Goð, eins og viðhafnarútgáfan nefnist. Gripið var til þess ráðs að skella gömlu upptökunum í bakarofn í hálfan sólarhring við 50 gráðu hita og sá Orri úr Slowblow um þá hlið mála. Útgáfudagur er 7. október og fimmtudaginn 14. október verða tónleikarnir á Nasa á Airwaves-hátíðinni þar sem Ham, Ensími og fleiri bönd stíga einnig á svið. „Þetta verða bestu tónleikar S.H. Draums frá upphafi,“ fullyrðir Dr. Gunni.

Þeir sem ekki náðu að tryggja sér miða á Airwaves þurfa ekki að örvænta því fyrirhugaðir eru tvenn ir aðrir tónleikar S.H. Draums í Reykjavík og á Akureyri þar sem platan Goð verður spiluð í heild sinni.

freyr@frettabladid.is


## Fimmtudagurinn, 30. september
Thursday, September 30th

Reykjavík International Film Festival
September 23 – October 3 2010

| | | |
|---|---|---|
| 14:00 | Flowers of Evil | Iðnó |
| | Wonderful Summer | Bíó Paradís 1 |
| | PilgrIMAGE | Bíó Paradís 2 |
| | Littlerock Q&A | Bíó Paradís 3 |
| | Bad Faith | Bíó Paradís 4 |
| | One Hundred Mornings | Hafnarhúsið |
| | Barnadagskrá: Hreyfimyndakjallarinn | Norræna Húsið |
| 16:00 | How I Ended this Summer | Iðnó |
| | Nuummioq | Bíó Paradís 1 |
| | Aardvark | Bíó Paradís 2 |
| | Housing | Bíó Paradís 3 |
| | The Ape | Bíó Paradís 4 |
| | The House | Hafnarhúsið |
| | Environmental Panel | Norræna Húsið |
| 18:00 | Budrus | Háskólabíó 2 |
| | Womb Q&A | Háskólabíó 3 |
| | The Anchorage | Háskólabíó 4 |
| | Investigation Of A Citizen Above Suspicion | Bíó Paradís 1 |
| | The Four Times | Bíó Paradís 2 |
| | All Boys | Bíó Paradís 3 |
| | Operation Danube | Bíó Paradís 4 |
| | Drifting | Hafnarhúsið |
| | Oil Rocks /The Mermaid's Tears Q&A | Norræna Húsið |
| | Jarmusch Double Feature: Down by Law/Limits Of Control Q&A | Háskólabíó 1 |
| 18:30 | Monica & David | Iðnó |
| 20:00 | Earth Keepers | Bíó Paradís 2 |
| | Winter's Bone | Bíó Paradís 3 |
| | Manufacturing Consent Q&A | Hafnarhúsið |
| 20:30 | The Tenth Victim | Bíó Paradís 1 |
| | Attenberg | Bíó Paradís 4 |
| | Song of Tomorrow | Háskólabíó 2 |
| 21:00 | Strella – A Woman's Way Q&A með leikstjóra Panos H. Koutras | Háskólabíó 3 |
| | Today Is Better Than Two Tomorrows | Iðnó |
| 21:30 | Littlerock Q&A | Norræna Húsið |
| 22:00 | Dealer Q&A | Bíó Paradís 1 |
| | Symbol | Bíó Paradís 2 |
| 22:30 | For 80 Days | Iðnó |
| | Steam of Life | Háskólabíó 2 |
| | Icelandic Shorts 1 | Bíó Paradís 3 |
| | The Arrivals Q&A | Bíó Paradís 4 |

## Jarmusch Double Feature:
Down by Law / Limits Of Control



**Down by law** – Myndin gerist í New Orleans á 9. áratugnum þar sem allt virðist geta gerst en þó ekki endilega eins og við mætti búast. Meðal leikara eru Roberto Begnini, Tom Waits, Ellen Barkin ofl.

**Limits of Control** – Vegamynd sem gerist á Spáni, full af skrýtnum persónum sem þjást af geðveiki eða reyna að fela hana. Meðal leikara eru Isaach de Bankolé, Tilda Swinton, John Hurt ofl.

### Q&A með Jim Jarmusch

**Háskólabíó kl. 18:00**

Sérviðburðir:

13:00
Workshop N.C.Heiken: Að framleiða og leikstýra heimildarmyndum.
Þjóðminjasafnið
16:15
- Pallborðsumræður um umhverfismál
- Ljósmynasýning Nysos Vasilopoulos
- Kvikmyndasmiðjan
- Hreyfimyndasmiðja leikskólanna
Norræna húsið
20:00
Hreyfistuttmyndir / Les petites formes
Útúrdúr
21:00
Spurningakeppni og Rokkabíllípartý
Kaffibarinn

epli.is Iceland Express CENTER HOTELS



# Miðnætursprengja!

## Við erum með opið til miðnættis og veitum **25% afslátt** af öllum vörum aðeins í dag!

next

**Vertu vinur okkar á Facebook - það borgar sig!**

Kringlunni · 551 3200

# sport

sport@frettabladid.is



**EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN** verður í íslenska landsliðinu sem mætir Portúgölum í undankeppni EM á Laugardalsvelli 12. október. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær. Eiður Smári, sem er nú á mála hjá Stoke, var ekki valinn í landsliðið þegar Ísland mætti Norðmönnum og Dönum í fyrstu leikjum sínum í undankeppninni þar sem að hann skorti leikæfingu að mati Ólafs Jóhannessonar landsliðsþjálfara.



**UTAN VALLAR**
**Henry Birgir Gunnarsson**
segir sína skoðun

## *Rétt ákvörðun hjá stjórn KSÍ*

Ákvörðun stjórnar KSÍ að veita U-21 árs liðinu forgang á undan A-landsliðinu að leikmönnum er einstök og sitt sýnist hverjum um hana. Reyndar virðist mér fleiri styðja hana og ég er í þeim hópi. Ég er á því að KSÍ hafi tekið hárrétta ákvörðun aldrei þessu vant.

Strákarnir í þessu U-21 árs liði er einhver besti hópur sem hefur komið upp í karlaboltanum lengi og það þarf að hlúa vel að þeim. Valið að þessu sinni stendur á milli einstaks tækifæris, sem er að komast á lokamót EM, eða spila næsta tilgangslausan leik með A-liðinu.

Mitt álit er að strákarnir græði mun meira á þessum tveimur leikjum og ef þeim tekst ætlunarverk sitt fá þeir í ofanálag reynslu sem er ómetanleg. Mér fannst þetta því alltaf borðleggjandi ákvörðun miðað við núverandi stöðu.

Því má heldur ekki gleyma að ákvörðunin segir meira en mörg orð um stöðu Ólafs Jóhannessonar landsliðsþjálfara. Ólafur hefur ekki náð neinum árangri með landsliðið og aðeins unnið einn alvöru leik á þremur árum í starfi.

Sú staðreynd að liðið missteig sig enn eina ferðina í upphafi núverandi undankeppni, og í raun eyðilagði alla möguleika sína á að gera nokkurn skapaðan hlut, auðveldaði ákvörðun stjórnar KSÍ.

Ólafur getur því að mörgu leyti kennt sjálfum sér um. Ólafur gæti hæglega litið á málið sem svo að verið sé að vaða yfir hann á skítugum skónum. Auðvitað er verið að gera það að vissu leyti en hann veit, eins og allir, að hann er ekki í sterkri stöðu til þess að þenja sig. Hann ákveður því að þegja þunnu hljóði um málið.

Ef einhver árangur hefði náðst í þeim leikjum þá væri allt annað upp á teningnum. Þá efa ég að stjórnin hefði tekið þessa ákvörðun. Hún er örugglega ekki léttvæg því með þessari ákvörðun er í raun verið að gjaldfella A-landsliðið og þjálfarann. Ólafur er aftur á móti ekki að ná nokkrum árangri og því er hann réttilega settur á bekkinn að þessu sinni.

Það er von mín að strákarnir klári dæmið og fari alla leið. Að komast á Evrópumót með aðeins átta þjóðum er einstakur árangur og segir meira en mörg orð um hversu gott þetta U-21 árs lið okkar er.

KSÍ þarf að vanda til verka á næstu árum og sjá til þess að hlúð verði á réttan hátt að þessum strákum svo þeir geti lyft A-landsliðinu á þann stall sem það á að vera á. Þessir strákar hafa alla burði til þess að lyfta þessu landsliði á hærra plan en það hefur áður náð.

Ef það takmark á að nást þarf líka hæfan mann í brúna. Mun hæfari en þann sem þar er fyrir því hann einfaldlega virðist ekki ráða við starfið. Það ber árangur síðustu þriggja ára vitni um.

KSÍ steig jákvætt skref í rétta átt með þessari ákvörðun og það er von mín að því lánist að taka fleiri slíkar ákvarðanir á næstu misserum.



**GEIR ÞORSTEINSSON, FORMAÐUR KSÍ.**

# Blikar yngsta meistaraliðið

**Fréttablaðið skoðaði meðalaldur allra Íslandsmeistaraliða síðustu þrjátíu ára og komst að því að Blikar eru með yngsta Íslandsmeistaraliðið. Tvö þau næstu á eftir þeim, Fram 1986 og ÍA 1992, hófu mikla sigurgöngu í kjölfarið.**

**FÓTBOLTI** Blikarnir heilluðu alla í sumar með flottum fótbolta og frábærri liðsheild sem á endanum skilaði þeim fyrsta Íslandsmeistaratitlinum í sögu félagsins en þessi árangur kom þeim einnig inn í sögubækurnar. Undanfarna þrjá áratugi hefur ekkert yngra lið náð því að vinna titilinn. Fréttablaðið hefur reiknað út meðalaldur 30 síðustu Íslandsmeistaraliðanna.

Meðalaldur þeirra leikmanna Breiðabliks sem náðu að spila tíu leiki eða fleiri í Pepsi-deild karla í sumar er aðeins 22,9 ár. Markahæsti leikmaður liðsins er hinn 21 árs gamli Alfreð Finnbogason sem átti stórkostlegt tímabil en að auki voru fimm aðrir lykilmenn í sumar á aldrinum 19 ára til 21 árs.

Ólafur Helgi Kristjánsson, þjálfari Blika, hefur unnið magnað starf með ungt og óharðnað lið sem hefur þroskast hratt undir hans stjórn. Það verður erfitt fyrir lið að bæta þennan árangur Blikanna enda hafa níu af tíu síðustu Íslandsmeisturum á undan verið með hærri meðaldur en 26 ár.

Í næstu tveimur sætum eru Framliðið frá 1986 og lið Skagamanna frá árinu 1992. Það ætti að boða gott fyrir Blika í komandi framtíð því bæði þessi lið unnu marga stóra titla á næstu árum og þeir meistaratitlar voru upphafið að gullkynslóð beggja félaga.

Framarar frá 1986 eru í öðru sæti en þeir urðu Íslandsmeistarar 1986 á mjög ungu liði þar sem meðaldur þeirra leikmanna sem spiluðu tíu leiki eða fleiri var 23,2 ár. Lykilmenn og leiðtogar Framliðsins þá voru þó komnir með talsverða reynslu. Guðmundarnir, Torfason og Steinsson, sem skoruðu 29 af 39 mörkum liðsins voru 25 og 26 ára og Pétur Ormslev var þarna 28 ára og kominn heim eftir nokkur ár í atvinnumennsku. Framarar fylgdu þessum Íslandsmeistartitli eftir með því að vinna stóran titil, Íslands- eða bikarmeistaratitil, næstu fjögur sumur og öll árin var Ásgeir Elíasson þjálfari liðsins.

Skagaliðið frá 1992 er í þriðja sæti á listanum en það lið er eina liðið sem hefur orðið Íslandsmeistarar sem nýliðar í deildinni. Meðalaldur þeirra leikmanna sem spiluðu tíu leiki eða fleiri með Skagaliðinu þetta sumar var 23,6 ár. Tvíburarnir Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir slógu í gegn þetta sumar aðeins 19 ára gamlir og jafnaldri þeirra Þórður Guðjónsson var líka í stóru hlutverki hjá liðinu sem var þjálfað af Guðjóni Þórðarsyni. Fyrirliði liðsins var hins vegar reynsluboltinn Lúkas Kostic sem þá var 34 ára gamall og hækkaði því meðalaldurinn talsvert enda hefði hann verið 22,8 ár án hans. Mikilvægi Lúkasar var þó mjög mikið í þessum fyrsta Íslandsmeistaratitli af fimm sem Skaginn vann á árunum 1992 til 1996 en liðið vann bikarinn einnig 1993 og 1996.

Það þykir öllum ljóst að Blikar eru með efnivið í sína eigin gullkynslóð alveg eins og þessi tvö fyrrnefndu lið. Þeir munu eflaust missa stráka út í atvinnumennsku en það gerðu Framarar líka 1986 (Guðmundur Torfason) sem og Skagamenn 1992 (Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir). Það sem eftir stendur er að í liðinu eru ungir og hæfileikaríkir leikmenn sem hafa alla burði til að halda sigurgöngu félagsins áfram sem hófst með bikarmeistaratitlinum síðasta haust.

**ooj@frettabladid.is**



**EINN AF REYNSLUBOLTUNUM** Arnór Sveinn Aðalsteinsson með bikarinn en þrátt fyrir að vera aðeins 24 ára er hann með þeim elstu í Blikaliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Yngstu meistararnir

Reiknað út frá fæðingarári og með teljast þeir sem spiluðu 10 leiki eða fleiri.

**Yngstu Íslandsmeistaralið 1980-2010:**

| | |
|---|---|
| Breiðablik, 2010 | 22,9 ár |
| Fram, 1986 | 23,2 |
| ÍA, 1992 | 23,6 |
| KA, 1989 | 23,9 |
| ÍBV, 1997 | 24,1 |
| Víkingur, 1981 | 24,3 |
| ÍA, 1994 | 24,7 |
| ÍA, 1983 | 24,8 |

### Breiðablik 2010

**Meðalaldur:** 22,9 ár (22,6 ár allt liðið)
**Fyrirliði:** Kári Ársælsson 25 ára
**Markahæstur:** Alfreð Finnbogason 21 árs
**Aðrir lykilmenn:**

| | |
|---|---|
| Arnór Sveinn Aðalsteinsson | 24 ára |
| Elfar Freyr Helgason | 21 árs |
| Finnur Orri Margeirsson | 19 ára |
| Guðmundur Kristjánsson | 21 árs |
| Ingvar Þór Kale | 27 ára |
| Jökull I. Elísabetarson | 26 ára |
| Kristinn Jónsson | 20 ára |
| Kristinn Steindórsson | 20 ára |

### Fram 1986

**Meðalaldur:** 23,2 ár (23,2 ár allt liðið)
**Fyrirliði:** Guðmundur Steinsson 26 ára
**Markahæstur:** Guðmundur Torfason 25 ára
**Aðrir lykilmenn:**

| | |
|---|---|
| Friðrik Þór Friðriksson | 22 ára |
| Gauti Laxdal | 20 ára |
| Jón Sveinsson | 21 árs |
| Kristinn Rúnar Jónsson | 22 ára |
| Ormarr Örlygsson | 24 ára |
| Pétur Ormslev | 28 ára |
| Viðar Þorkelsson | 23 ára |
| Þorsteinn Þorsteinsson | 22 ára |

### ÍA 1992

**Meðalaldur:** 23,6 ár (22,8 ár allt liðið)
**Fyrirliði:** Luca Lúkas Kostic (34 ára)
**Markahæstur:** Arnar Gunnlaugsson (19 ára)
**Aðrir lykilmenn:**

| | |
|---|---|
| Alexander Högnason | 24 ára |
| Bjarki Gunnlaugsson | 19 ára |
| Haraldur Hinriksson | 24 ára |
| Haraldur Ingólfsson | 22 ára |
| Kristján Finnbogason | 21 árs |
| Ólafur Adolfsson | 25 ára |
| Sigursteinn Gíslason | 24 ára |
| Þórður Guðjónsson | 19 ára |









Valur ekki búinn að gera upp við Gunnlaug Jónsson:

# Munum standa við gerða samninga

**FÓTBOLTI** Ekki er búið að ganga frá starfslokum Gunnlaugs Jónssonar hjá Val en honum var sagt upp störfum í lok tímabils. Við starfi hans hjá Val tekur Kristján Guðmundsson, fyrrverandi þjálfari Keflavíkur.

Ágreiningur kom upp við starfslok Gunnlaugs sem taldi Val ekki búið að gera upp við sig að fullu. Málið endaði á borði lögfræðinga en verður leyst eftir því sem Friðjón Friðjónsson, formaður knattspyrnudeildar Vals, segir.

„Gunnlaugur á eftir að fá greidda lokagreiðslu um mánaðamótin. Sú greiðsla verður greidd og við stöndum við gerða samninga," sagði Friðjón sem vill ekki meina að illindi séu í málinu þó svo leita hafi þurft aðstoðar lögfræðinga.

„Það eru engin illindi eða neitt. Við munum klára þetta mál. Við stöndum við gerða samninga. Ég býst ekki við frekari eftirmálum. Ekki af okkar hálfu."



**GUNNLAUGUR JÓNSSON** Mun fá greitt frá Val. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


2 SPORT
UEFA EUROPA LEAGUE
RAUÐI HERINN
Í HOLLANDI!
Liverpool hefur byrjað vel í Evrópudeildinni. Hvernig gengur þeim á heimavelli hollenska spútnikliðsins Utrecht? Misstu ekki af leikjum dagsins!
Í DAG KL 16:55
UTRECHT – LIVERPOOL
Í KVÖLD KL 19:00
MAN. CITY – JUVENTUS
ÞAÐ ER AUÐVELT AÐ KAUPA ÁSKRIFT Á STOD2.IS
ÞAÐ ER ÓDÝRARA AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA
Fyrir 140 krónur færð þú:
3/4 LÍTRA AF BENSÍNI
EÐA
NÆSTUM 1 KLST. Í STÖÐUMÆLI
EÐA
10 MÍNÚTUR Í BÍÓ
EÐA
1 DL AF BJÓR Á BARNUM
EÐA
BEINAR ÚTSENDINGAR ÚR EVRÓPUDEILDINNI OG MARGT FLEIRA
Stöð 2 Sport kostar aðeins frá 140 krónum á dag í Stöð 2 Vild Platinum. Tryggðu þér áskrift í dag!
VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR 2 SPORT 2 SPORT+ 2 SPORT3 2 SPORT4 2 SPORT5
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000








**ÓLAFUR** Er sagður ósáttur við ákvörðun stjórnar KSÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ólafur Jóhannesson:

## Neitar að tjá sig

**FÓTBOLTI** Ólafur Jóhannesson, þjálfari A-landsliðs karla, vill ekki tjá sig í fjölmiðlum um ákvörðun stjórnar KSÍ að láta U-21 landslið ganga fyrir í leikmannavali fyrir verkefnin sem fram undan eru í október. U-21 liðið mætir þá Skotum í umspili um hvort liðið komist í úrslitakeppni EM. Um svipað leyti mætir A-landsliðið Portúgal í undankeppni EM 2012. Ólafur var sagður ósáttur við ákvörðunina af Geir Þorsteinssyni, formanni KSÍ, en hann sagðist sjálfur ekki vilja tjá sig um málið þegar Fréttablaðið leitaði viðbragða hans. Hann staðfesti þó að hann myndi stýra liðinu gegn Portúgal. - esá

Meistarakeppni HSÍ í kvennaflokki fór fram í gær:

## Sá fyrsti fór til Vals

**HANDBOLTI** Íslandsmeistarar Vals urðu í gær meistarar meistaranna eftir sigur á bikarmeisturum Fram í Meistarakeppni HSÍ, 25-23. Fram hafði þó forystu í hálfleik, 12-10.

Í raun kom á óvart að forysta Fram var ekki meiri í fyrri hálfleik en þá fór Íris Björk Símonardóttir markvörður á kostum og varði fimmtán af 24 skotum í leiknum.

Þetta nýtti Valsstúlkur sér og eftir að hafa náð að þétta varnarleikinn tóku þær fljótlega völdin og voru lengst af yfir þó svo að sigurinn hafi ekki verið tryggður fyrr en í blálokin.

„Þetta var betra í seinni hálfleik hjá okkur,“ sagði Ágústa Edda Björnsdóttir, Val. „Við gerðum mikið af mistökum í fyrri hálfleik en þannig vill það líka oft vera í leikjum þessara liða enda hart barist. En sem betur fer fyrir okkur voru úrslitin góð.“

Einar Jónsson, þjálfari Fram, tók út leikbann í gær en leist held-



**ÁTTA MÖRK** Hrafnhildur Skúladóttir lék vel með Val í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ur illa á það sem hann sá. „Þetta var ekki rismikið í kvöld, sérstaklega hjá mínu liði. Valur átti einfaldlega skilið að vinna. Þær voru tilbúnar og börðust fyrir sigrinum.“ - esá

# Man. United vann í Valencia

**Javier Hernández tryggði Manchester United 1-0 sigur á Valencia á Spáni í gær og Tottenham vann sinn fyrsta sigur í Meistaradeildinni.**

**FÓTBOLTI** Sir Alex Ferguson átti tvo ása upp í erminni í 1-0 sigri Valencia á Spáni í gær. Ferguson setti inná unglingana Javier Hernández og Federico Macheda sem bjuggu til sigurmarkið á 85. mínútu.

Manchester United fór eins og oft áður áfram á skynsemi og þolinmæði á útivelli í Meistaradeildinni og refsuðu síðan spænska liðinu á frábærri skyndisókn í lokin. Federico Macheda var nýkominn inn á völlinn og átti góða sendingu inn á Javier Hernández sem skoraði með frábærri afgreiðslu.

„Þetta eru frábær úrslit fyrir okkur. Það er ekki auðvelt að koma hingað og við erum mjög ánægðir með sigurinn,“ sagði Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United. „Varamennirnir komu með kraft og hraða inn í leikinn og það reyndist okkur vel,“ sagði Ferguson.

„Það er mjög erfitt að vinna á Spáni og okkur tókst það í dag. Þetta er góður sigur fyrir sjálfstraustið,“ sagði Rio Ferdinand sem spilaði við hlið Nemanja Vidic í vörn Manchester United í leiknum.

Tottenham er með jafnmörg stig og Inter Milan í A-riðli. Tottenham vann 4-1 sigur á Twente í viðburðarríkum leik á White Hart Lane þar sem tvö víti frá Rússanum Roman Pavlyuchenko áttu mestan þátt í að tryggja lærisveinum Harry Redknapp sinn fyrsta sigur í Meistaradeildinni.

Rafael van der Vaart fékk að upplifa allan tilfinningaskalann í leiknum en Hollendingurin var rekinn út af á 61. mínútu og kórónaði með því ótrúlegan leik því hann hafði áður látið verja frá sér vítaspyrnu í lok fyrri hálfleiks og skoraði síðan frábært mark í upphafi þessi síðari.

„Ég var hræddur um að við myndum ekki vinna leikinn eftir að ég fékk rauða spjaldið en strákirnir í liðinu spiluðu frábærlega. Þetta var mjög skrýtinn leikur fyrir mig og að upplifa þetta allt í sama leiknum. Ég hef aldrei spilað svona leik áður,“ sagði Rafael van der Vaart eftir leikinn.

Samuel Eto'o skoraði þrennu og lagði upp það fjórða fyrir Wesley Sneijder í glæsilegum 4-0 sigri Inter Milan á Werder Bremen.

Danirnir í FC Kaupmannahöfn eru einir í efsta sæti D-riðilsins eftir 2-0 sigur á Panathinaikos í Grikklandi. Barcelona náði hins vegar aðeins 1-1 jafntefli á móti Rubin Kazan í Rússlandi en það dugði ekki að Lionel Messi spilaði síðasta hálftímann.

ooj@frettabladid.is



**JAVIER HERNÁNDEZ** Fagnar hér miklvægu sigurmarki sínu í gær.

### MEISTARADEILD

| | |
|---|---|
| A-riðill: Tottenham-Twente | 4-1 |
| 1-0 Raphael van der Vaart (47.), 2-0 Roman Pavlyuchenko, víti (50.), 2-1 Nacer Chadli (56.), 3-1 Pavlyuchenko, víti (64.), 4-1 Gareth Bale (85.) | |
| A: Inter-Werder Bremen | 4-0 |
| 1-0 Samuel Eto'o (22.), 2-0 Samuel Eto'o (27.), 3-0 Wesley Sneijder (34.), 4-0 Eto'o (81.) | |
| **Stig:** Inter 4, Tottenham 4, Twente 1, Bremen 1. | |
| B: Hapoel Tel Aviv-Lyon | 1-3 |
| B: Schalke 04-Benfica | 2-0 |
| **Stig:** Lyon 6, Schalke 3, Benfica 3, Hapoel 0 | |
| C: Valencia-Manchester United | 0-1 |
| 0-1 Javier Hernández (85.) | |
| C: Rangers-Bursaspor | 1-0 |
| 1-0 Steven Naismith (18.) | |
| **Stig:** United. 4, Rangers 4, Valencia 3, Bursapor 0. | |
| D: Panathinaikos-FC Kaupmannahöfn | 0-2 |
| 0-1 Dame N'Doye (28.), 0-2 Martin Vingaard (37.) | |
| D: Rubin Kazan-Barcelona | 1-1 |
| 1-0 Noboa, víti (30.), 1-1 David Villa, víti (60.) | |
| **Stig:** FCK 6, Barca 4, Rubin 1, Panathinaikos 0 | |

N1-deild karla hófst í gær með stórslag í Vodafone-höllinni að Hlíðarenda:

## Meistararnir gáfu tóninn

**HANDBOLTI** Haukar lentu ekki í miklum vandræðum með Val í opnunarleik N1-deild karla í gærkvöldi. Íslandsmeistararnir unnu öruggan sigur, 30-26, þó lokatölurnar virðist gefa annað til kynna.

Hafnfirðingar léku af miklum krafti í fyrri hálfleik og þar fór fremstur í flokki Björgvin Hólmgeirsson sem gerði sér lítið fyrir og skoraði tíu mörk en hann var alls með tólf í leiknum. Hann gaf einnig mikið af línusendingum inn á Heimi Óla Heimisson en saman skoruðu þeir sextán af 20 mörkum Hauka í fyrri hálfleik.

Það var því ekki hátt risið á varnarleik Valsmanna í fyrri hálfleiknum en þeir réðu ekkert við hraðan sóknarleik Haukanna sem



**KOMUST LÍTIÐ ÁLEIÐIS** Sturla Ásgeirsson og félagar í Valsliðinu töpuðu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

náðu sjö marka forystu í leikhléi, 20-13.Það munaði einnig miklu um innkomu Arons Rafns Eðvarðssonar sem kom inn á snemma í fyrri hálfleik

Það var í raun meira af því sama í síðari hálfleik. Valsmenn réðu lítið við sóknarleik Hauka sem dreifðist nú á fleiri menn. Það var ekki fyrr en um miðbik hálfleiksins að Ingvar Guðmundsson hrökk í gang í Valsmarkinu og heimamenn náðu að minnka muninn í fjögur mörk en nær komust þeir ekki. „Við vorum komnir með tíu marka forystu í byrjun seinni hálfleiks og þá gekk í raun allt upp hjá okkur fram að slæma kaflanum,“ sagði Halldór Ingólfsson, þjálfari Hauka. „Það er mikilli vilji í liðinu en það er mikil barátta fram undan enda jöfn deild.“

Valsmenn virðast eiga nokkuð í land með að stilla saman sína strengi fyrir átök vetrarins en að sama skapi virka Haukamenn mjög sterkir. Liðið er ungt en hæfileikarnir leyna sér ekki. - esá


Skódagar
20%
afsláttur
af öllum skóm
Allir gönguskór
Allir götuskór
Allir barnaskór
Allir hlaupaskór
Allir fótboltaskór
Allir kuldaskór o.fl., o.fl.
Gildir til sunnudags.
ÚTILÍF
HOLTAGÖRÐUM ○ GLÆSIBÆ ○ KRINGLUNNI ○ SMÁRALIND ○ SÍMI 545 1500

# veiði

golfogveidi@frettabladid.is



**65%** **VEIDDRA** laxa í Svartá í sumar voru 7 pund eða þyngri.

**34.350** **LÖXUM** hafði verið landað fyrir um viku samkvæmt tölum Landssambands veiðifélaga.

FLUGAN




MYND/VEIÐIFLUGUR.IS

## Skylda í Aðaldal

Night Hawk er frábær fluga og ein af uppáhaldsflugum margra veiðimanna. Hún gefur veiði allt tímabilið.

Flugan er upphaflega hönnuð við ána Restigouche í kringum 1890. Þeir sem fara til veiða í Aðaldalnum segja nánast skyldu að eiga Night Hawk í boxinu.

### Lokatölur

| Á | Heildarveiði 2010 | Lokatölur 2009 |
|---|---|---|
| Þverá + Kjarará | 3760 | 2371 |
| Blanda | 2777 | 2413 |
| Norðurá | 2279 | 2408 |
| Langá | 2156 | 2254 |
| Selá í Vopnafirði | 2032 | 1993 |
| Haffjarðará | 1978 | 1622 |
| Laxá í Aðaldal | 1493 | 1117 |
| Hofsá með Sunnudalsá | 1186 | Vantar |
| Haukadalsá | 1174 | 1107 |
| Elliðaárnar | 1164 | 880 |
| Hofsá í Vopnafirði | 1046 | 1143 |
| Laxá á Ásum | 763 | 1142 |
| Leirvogsá | 561 | 877 |
| Búðardalsá | 442 | 639 |
| Straumfjarðará | 355 | 350 |
| Fljótaá | 283 | 466 |
| Sunnudalsá í Vopnafirði | 140 | Vantar |

Heimild: Angling.is

Forúthlutun hjá SVFR:

## Veiðileyfi í hús eftir tvær vikur

Jafnt utanfélagsmenn sem félagsmenn Stangaveiðifélags Reykjavíkur gátu þar til í gær sótt um veiðileyfi í forúthlutun áður en úthlutun verður til félagsmanna einna. Árnar sem eru í forúthlutun eru Norðurá, Hítará, Laxá í Aðaldal, Laxá í Dölum, Langá, Leirvogsá, Straumarnir og Laxá í Laxárdal og Mývatnssveit. Í forúthlutun fá félagsmenn ekki fimmtungs afslátt eins og venjulega. Samkvæmt upplýsingum frá SVFR má búast við að unnið hafi verið úr umsóknunum um miðjan júlí. - gar

# Laxastigi lengir veiðiperlu

**Tilraunir sýna að ágætis búsvæði fyrir lax eru ofan við Efri-Foss í Selá í Vopnafirði. Nýr laxastigi lengir fiskgengan hluta árinnar um allt að 20 kílómetra auk þess að opna leið í hliðarána Selsá.**



**EFRI-FOSS** Nýi laxastiginn var höggvinn með stórvirkum meitli í bergið við bakkann sem er til hægri á myndinni. Strax og stiginn var fær sáu menn laxa ganga þar upp í torfum. MYND/ÞÓRÓLFUR ANTONSSON

Miklar lendur eru að opnast fyrir laxveiðimenn með nýjum laxastiga við Efri-Foss í Selá, einni bestu veiðiá landsins.

Þórólfur Antonsson, fiskifræðingur hjá Veiðimálastofnun, segir að mörg ár í röð hafi kynþroska laxi verið sleppt ofan við Efri-Foss til að athuga hvernig til tækist.

„Við fundum klak strax og síðan seiðin árgang eftir árgang þannig að þetta tókst mörg ár í röð og seiðin höfðu dafnað vel þannig að það þótti einsýnt að það mætti nýta að minnsta kosti töluverðan hluta af þessu svæði til uppeldis á seiðum," segir Þórólfur um þá vinnu sem lagt var í áður en afstaða var tekin til hvort hagkvæmt væri að gera laxastigann.

Við gerð laxastigans var beitt stórum meitli og stiginn höggvinn út í bergið í fossinum sjálfum í stað þess að steypa hann upp úr aðfluttum efnum. Laxar tóku þegar að streyma upp fyrir foss. Áin lengist um allt að tuttugu kílómetra, auk þess sem hliðaráin Selsá, sem rennur í Selá rétt ofan við Efri-Foss er viðlíka löng og viðbótin. Þórólfur segir útlit fyrir að góð búsvæði séu fyrir seiði í báðum ánum.

„Það verða strax á næsta ári tilraunastangir á þessu svæði til að skoða hvernig það kemur út. Svæðið þarf sinn tíma til að mettast af seiðum og því líklegt að mestu eða öllu sem veiðist verði sleppt til að byrja með til að fá hringrásina í gang," segir Þórólfur sem aðspurður kveður það vera veiðifélagsins að ákveð og sækja síðan um hversu margar stangir verði leyfðar á nýju svæðunum. „Það verður kannski ekki sambærilegur stangafjöldi við neðra svæðið til að byrja með en guð má vita hvað verður í framtíðinni."

Staðbundinn urriði hefur verið ofan við Efri-Foss. Þórólfur segir ekki sérstaka úttekt hafa verið gerða á þeim stofni. „En það er ekki þannig að það sé hægt að ímynda sér að það sé mikið af honum sem nái veiðanlegri stærð," segir Þórólfur.

Þess má geta að smátt og smátt hefur verið byggt við veginn við Selá og nær hann nú töluvert upp fyrir foss meðfram ánni og að svokölluðu Mælifellsvaði. Selá var áður fiskgeng í 28 kílómetra. Nú verður aðaláin upp undir 50 kílómetrar auk þess sem Selsá er fiskgeng allt að 20 kílómetra. gar@frettabladid.is

AF BAKKANUM

## Treg veiði og vatnsflaumur

Eftir ágætis byrjun á sjóbirtingsslóðum hefur veiðin dottið nokkuð niður í bili. Lítið hefur til dæmis veiðst í Tungufljóti frá því um miðjan mánuðinn. Veiðimönnum sem voru þar á ferð fyrir um tíu dögum sýndist áin nánast fisklaus og aðalgöngurnar hljóta að vera ókomnar. Undanfarið hafa svo stórrigningar gert Tungufljótið og fleiri ár óveiðanlegar. Nú bíða menn eftir að votviðrinu sloti og veislan hefjist.

## Skotveiðimenn mótmæla í Vonarskarði



Tillaga stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs um að takmarka umferð ökutækja og veiðar fara illa í skotveiðimenn. Þeir hyggjast taka þátt í mótmælum í Vonarskarði á laugardag. „Veiðimenn eru hluti af almenningi og hafa jafnan rétt á við aðra," segir félagið Skotvís.




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000


## Veiðistaðurinn - Rangárflúðir í Ytri-Rangá



**KÓNGURINN** Hér hafa veiðst 700 til rúmlega 2.000 laxar á undanförnum tíu árum. MYND/LAX-Á

Það trúa því fæstir þegar frá því er sagt að einn veiðistaður í Ytri-Rangá gaf 2.100 laxa metveiðisumarið 2008. Það sumar gáfu reyndar fjórir veiðistaðir yfir þúsund laxa.

Staðurinn sem um ræðir eru Rangárflúðirnar sem Stefán Páll Ágústsson, hjá Lax-á, lýsir svo:

Það er stór hólmi sem nær alla leið frá flúðunum og niður að Ægissíðufossi. Veiðistaðurinn byrjar í raun við efsta oddann á þessum hólma, aðalveiðistaðurinn byrjar þar rétt fyrir ofan. Það má segja að þetta sé einn samfelldur veiðistaður upp að veiðimörkum því fiskur getur einnig legið utan í sand- og malarkambi sem liggur niður að flúðunum. Mest af fiski liggur neðarlega á broti í flúðunum sjálfum. Það eru engar ýkjur að mikill fiskur liggi þarna mestallt sumarið. Ásamt Ægissíðufossi og Klöppinni er þetta sterkasti staðurinn í ánni og oftar en ekki aflasælasti veiðistaðurinn í íslenskum ám hvert sumar.

Þarna er veitt með sökkenda og túpum. Það er misskilningur að þær þurfi að vera mjög stórar og þungar. Oft gengur best að nota léttar plasttúpur.

Það sem þarf að varast þegar komið er að flúðunum í fyrsta skipti er að vaða of mikið. Margir gera þau mistök að vaða of nærri flúðinni sjálfri. Fiskur getur legið víða og því borgar sig að veiða vel á undan sér.

Á myndinni sést veiðimaður við veiðar ofan við Flúðirnar – menn vinna sig svo niður á brot fyrir ofan hólmann.



www.ellingsen.is
ALLT FYRIR SKOTVEIÐINA!
Mikið úrval skotvopna og fylgihluta af ýmsu tagi. Gæðamerki frá heimsþekktum framleiðendum. Komdu við í Ellingsen áður en haldið er til veiða.
SKOTVEIÐI DAGAR
TILBOÐ á völdum vörum
Allen skotbelti Max 4
Vandað skotveiðibelti í felulitum sem tekur 20 skot.
Verð 3.995 kr. Áður 4.890
Seeland Grizzly Pack
Loðfóðraðir uppháir skór á frábæru verði.
Verð 9.990 kr. Áður 16.900
Ameristep Wing Shoot-felubyrgi
Fyrir einn sitjandi mann og með rúmu plássi fyrir hund. Innan við 7 kg að þyngd.
Verð 34.900 kr. Áður 41.900
WINCHESTER WILDCAT cal. 22
Léttur og nákvæmur boltalásriffill með 5 skota skotgeymi og fallegu harðviðarskefti. Framleiddur í TOZ verksmiðjunum í Rússlandi. Góður kostur fyrir byrjendur og lengra komna.
Verð 49.900 kr. Áður 64.900
Remington Sportsman 11-87
12ga hálfsjálfvirk með skiptanlegum þrengingum. Gasskipt byssa sem gefur mýkra bakslag en bakslagsskiptar byssur. Traust og góð byssa.
Verð 134.900 kr. Áður 169.900
Remington
12GA Heavy magnum 2, 50 g, 10 stk.
12GA Heavy magnum 4, 50 g, 10 stk.
Verð frá 1.250 kr. Áður 1.850
Reykjavík
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
Opið mánudag–föstudag 10–18
Laugardag 10–16
Akureyri
Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630
Opið mánudag–föstudag 8–18
Laugardag 10–16
Ellingsen
– fullt hús ævintýra

> **Kyra Sedgwick**

„Ég ber mikla virðingu fyrir persónunum sem ég leik til þess að ég geti gert persónuna eins raunverulega og mögulegt er. Ég ber virðingu fyrir þeim öllum, annars myndi ég ekki taka hlutverkin að mér. Ég vil ekki eyðileggja ímynd þeirra með því að sýna þeim vanvirðingu eða óheiðarleika.“

***Kyra Sedgwick hefur fengið mikið lof fyrir persónusköpun sína í spennuþáttunum The Closer, en þættirnir eru á dagskrá Stöð 2 kl. 21.25 í kvöld.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ JÓN AÐALSTEINN BERGSVEINSSON SENDI DAGSKRÁRSTJÓRANN FYRIR AFTÖKUSVEIT

# *Mislukkað sjónvarpáhorf eykur bóklestur*

Á bernskuárum mínum lá ég oft yfir sjónvarpi á hnausþykku gólfteppi íklæddur matrósafötum með áfastri flautu í bandi og mátti helst ekki missa af neinu, ekki einu sinni bresku sjónvarpsþáttunum frá BBC um skipafélagið Onedin, sem Ríkissjónvarpið sýndi þegar það var einrátt á sjónvarpsmarkaði, vídeótæki ekki til og heimurinn svarthvítur.

Eftir því sem ég eltist dró verulega úr sjónvarpsáhorfinu. Á sama tíma hafa sjónvarpsstöðvarnar á heimilinu aldrei verið fleiri, þær eru nú í kringum hundrað. Því miður of margt í boði sem beinlínis virðist aðför að vitsmunum áhorfenda.

Helsta ástæða þess að dró úr sjónvarpsáhorfi mínu er ekki síst sú að mér finnst gaman að bóklestri. Ólíkt sjónvarpdagskránni stjórna ég lesefninu ágætlega – já, hver nennir annars að lesa heila bók sem virðist dauðadæmd frá upphafi? (DaVinci lykillinn eftir Dan Brown ætti að hringja bjöllum).

Fyrir tæpu ári gerði ég aðför að dagskrárstjórum sjónvarpsstöðvanna hundrað og fékk mér upptökumyndlykil. Með hann að vopni skiptir engu hvenær sjónvarpsefni er á dagskrá. Ég vel einfaldlega vel hvað ég vil horfa á fram í tímann, stilli á upptöku og nýt þess þegar ég vil. Þetta er mikil framför enda hefur fjölskyldan nú vald á imbakassanum.



Svo mjög hefur – reyndar ómeðvitað – dregið úr áhorfi mínu að um daginn sem ég sat fyrir framan sjónvarpið og sá að harði diskur lykilsins var fullur eyddi ég nær öllu því sem ég hafði tekið upp í tæpt ár og ekki horft á. Þetta voru sumar hverjar úrvalsmyndir, verðlaunaverk, og góðir þættir af norrænu stöðvunum, sem ég taldi höfða til mín. Að því loknu valdi ég nokkrar kvikmyndir og sjónvarpsþætti af dagskránni næstu daga og stillti á upptöku. Síðan slökkti ég á sjónvarpinu, hallað mér aftur í stofusófanum og hélt áfram að lesa í bók.

## FIMMTUDAGUR



▶ **20.10** The Office SKJÁREINN



▶ **20.50** Bræður og systur SJÓNVARPIÐ



▶ **21.00** Veiðiperlur STÖÐ 2 SPORT



▶ **22.10** The Forgotten STÖÐ 2



▶ **22.35** Grey's Anatomy STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**16.05 Ódáðahraun** (2:3)
**16.30 Kiljan** (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Herbergisfélagar** (9:13) (Roommates) Bandarísk þáttaröð um ungt og fjörugt fólk sem býr saman.
**17.50 Herramenn** (42:52)
**18.00 Skoppa og Skrítla** (5:8)
**18.10 Snejko**
**18.25 Bombubyrgið** (4:26) (Blast Lab) Í þessari bresku þáttaröð taka tveir hópar þriggja vina þátt í geggjuðum tilraunum og keppa til verðlauna.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Martin læknir** (4:8) (Doc Martin) Breskur gamanmyndaflokkur um lækninn Martin Ellingham.
▶**20.50 Bræður og systur** (73:85) (Brothers and Sisters) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti.
**21.35 Nýgræðingar** (164:169) (Scrubs) Gamanþáttaröð um lækninn J.D. Dorian.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Sporlaust** (6:24) (Without a Trace) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki.
**23.05 Hvaleyjar** (12:12) (Hvaler) (e)
**00.00 Kastljós** (e)
**00.20 Fréttir** (e)
**00.30 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Ask the Dust**
**10.00 Nine Months**
**12.00 Bee Movie**
**14.00 Ask the Dust**
**16.00 Nine Months**
**18.00 Bee Movie**
**20.00 The Mambo Kings**
**22.00 Cry Wolf**
**00.00 Park**
**02.00 District B13**
**04.00 Cry Wolf**
**06.00 The Object of My Affection**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** (5:18) Latibær, Stuðboltastelpurnar, Maularinn
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Sjálfstætt fólk**
**11.00 Gilmore Girls**
**11.45 Logi í beinni**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 NCIS** (15:25)
**13.45 La Fea Más Bella** (244:300)
**14.30 La Fea Más Bella** (245:300)
**15.15 The O.C. 2** (1:24)
**16.00 Barnatími Stöðvar 2** Camp Lazlo, Stuðboltastelpurnar
**16.43 Latibær** (5:18)
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (19:20)
**18.23 Veður** Markaðurinn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (22:24)
**19.45 How I Met Your Mother** (19:24)
**20.10 Eldsnöggt með Jóa Fel** (1:10) Ellefta þáttaröðin með sjónvarpskokknum og bakarameistaranum Jóa Fel.
**20.40 NCIS: Los Angeles** (7:24) Spennuþættir sem gerast í Los Angeles.
**21.25 The Closer** (13:15) Fimmta þáttaröð þessarar rómantísku og gamansömu spennuþáttaraðar um Brendu Leigh Johnson.
▶**22.10 The Forgotten** (11:17) Spennuþættir í anda Cold Case með Christian Slater í aðalhlutverki.
**22.55 Mér er gamanmál** Ný íslensk gamanþáttaröð með Frímanni Gunnarssyni. Lífskúnstnerinn ferðast um Norðurlöndin og Bretland til að hafa uppi á fremstu grínurum þjóðanna.
**23.25 Ameríski draumurinn** (6:6)
**00.10 Monk** (14:16)
**00.55 Lie to Me** (16:22)
**01.40 The Pacific** (2:10)
**02.30 Angel-A**
**04.00 Walking Tall. Lone Justice**
**05.30 Fréttir og Ísland í dag** (e)

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaramörk**
**07.40 Meistaramörk**
**08.20 Meistaramörk**
**09.00 Meistaramörk**
**12.45 Meistaradeild Evrópu** Endursýndur leikur.
**14.30 Meistaramörk**
**15.10 Spænsku mörkin 2010-2011**
**15.55 Veiðiperlur**
**16.30 Inside the PGA Tour 2010**
**16.55 Utrecht - Liverpool** Bein útsending frá Evrópudeildinni.
**19.00 Man. City - Juventus** Bein útsending frá Evrópudeildinni.
▶**21.00 Veiðiperlur** Flottur þáttur þar sem farið er ofan í allt milli himins og jarðar sem tengist stangveiði.
**21.30 Utrecht - Liverpool** (e)
**23.10 European Poker Tour 5** Sýnt frá Evrópumótaröðinni í póker en að þessu sinni er spilað í Dortmund.
**00.00 Tournament Of Champions** Sýnt frá Tournament Of Champions-mótinu en þangað mættu til leiks margir af bestu og snjöllustu pókerspilurum heims í dag.
**00.45 Man. City - Juventus** Sýnt frá leik Man. City og Juventus í Evrópudeildinni.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.30 Wolves - Aston Villa / HD** Enska úrvalsdeildin.
**18.15 Arsenal - WBA** Enska úrvalsdeildin.
**20.00 Premier League World 2010/11** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**20.30 Football Legends - Bebeto** Bebeto er enginn aukvisi en þessa fyrrverandi heimsmeistara með brasilíska landsliðinu 1994 og 1998 verður minnst með hlýhug enda frábær knattspyrnumaður.
**20.55 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**21.50 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin, allir leikirnir og öll helstu tilþrifin krufin til mergjar.
**22.20 Birmingham - Wigan** Enska úrvalsdeildin.

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.10 Nýtt útlit** (2:12) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.40 Rachael Ray** (e)
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Nýtt útlit** (2:12) (e)
**12.50 Pepsi MAX tónlist**
**15.50 Bollywood Hero** (3:3) (e)
**16.40 Rachael Ray**
**17.25 Dr. Phil**
**18:05 Canada's Next Top Model** (8:8) (e)
**18.50 King of Queens** (22:25) (e)
**19.15 Game Tíví** (3:14) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelsson fjalla um allt það nýjasta í tölvuleikjaheiminum.
**19.45 Whose Line is it Anyway** (4:20)
▶**20.10 The Office** (6:26) Bandarísk gamansería um skrautlegt skrifstofulið.
**20.35 Hæ Gosi** (1:6) Ný íslensk gamansería þar sem tekið er á alvöru málefnum á ferskan og sprenghlægilegan hátt.
**21.05 House** (6:22) Bandarísk þáttaröð um skapstirða lækninn dr. Gregory House.
**21.55 CSI: Miami** (1:24) Bandarísk sakamálasería um Horatio Caine og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami.
**22.45 Jay Leno**
**23.30 In Plain Sight** (15:15) (e)
**00.15 Last Comic Standing** (3:14) (e)
**01.00 CSI: New York** (10:25) (e)
**01.45 Pepsi MAX tónlist**

## N4

**18.15 Að norðan með Hildu Jönu Gísladóttur** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Jafet Ólafsson, birtir senn eða syrtir aftur?
**21.00 Íslands Safari** Akeem skoðar hvort kynþáttafordómar séu ísköld staðreynd á eyjunni bláu.
**21.30 Eldum íslenskt** Sláturgerð í Hússtjórnarskólanum.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


NÝTT Á STÖÐ 2 FJÖLVARP

GOLF CHANNEL LOKSINS Á ÍSLANDI

**Á Golf channel er að finna allt fyrir kylfinginn; kennsla frá þeim bestu, kvennagolfið, nærmyndir af frægum kylfingum, lífstíllinn, golfmótin og golfvellir um víða veröld.**

Golf channel er að finna í Allt og Skemmtun pökkunum á Stöð 2 Fjölvarp á rás 49 á Vodafone Digital Ísland

**Áskrifendur eru minntir á að uppfæra myndlykilinn með sjálfvirkri leit.**



THE GOLF CHANNEL
2 FJÖLVARP

512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.10

### Eldsnöggt með Jóa Fel



Ellefta þáttaröðin með sjónvarps-kokknum og bakarameistaranum Jóa Fel. Hann snýr nú aftur ferskari en nokkru sinni fyrr til að kenna okkur að elda gómsæta rétti án mikillar fyrirhafnar og af hjartans lyst. Í fyrsta þætti heimsækir Jói Fel þorpið Trieste þar sem Illy-kaffið er framleitt og fræðist um allt sem snýr að kaffigerð. Einnig smakkar Jói tveggja ára gamalt kjöt og kennir okkur að búa til ekta ítalskan pastarétt.

## VIÐ MÆLUM MEÐ
## NCIS: Los Angeles

### Stöð 2 kl. 20.40

Spennuþættir sem gerast í Los Angeles og fjalla um starfsmenn systurdeildarinnar í höfuðborg-inni Washington sem einnig hafa það sérsvið að rannsaka alvarlega glæpi sem tengjast sjóhern-um eða strandgæslunni á einn eða annan hátt.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Framtíð lýðræðis
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Húsið
**15.25** Bláar nótur í bland
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.20** Auglýsingar
**18.21** Spegillinn
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Tónlistarkvöld Útvarpsins
**21.00** „Mín ævi hefur verið sögulaus“
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.20** Útvarpsperlur: Ég kvaddi kónginn og fór til Ástralíu
**23.20** Til allra átta
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## EXTRA

**19.30 The Doctors** Spjallþættir framleidd-ir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar, sér-fræðingar á fjórum ólíkum sviðum, veita að-gengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

**20.15 Grey's Anatomy** (16:17) Fjórða sería þessa vinsælasta dramaþáttar í heimi. Ungu læknanemarnir eru orðnir að fullnuma og virðulegum skurðlæknum.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 Pretty Little Liars** (5:22) Dram-atískir spennuþættir sem byggðir eru á met-sölubókum eftir Söru Shepard. Þættirnir fjalla um fjórar vinkonur sem þurfa að snúa bökum saman til að geta varðveitt skelfilegt leyndarmál.

▶**22.35 Grey's Anatomy** (1:22) Sjöunda sería þessa vinsæla dramaþáttar sem ger-ist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle. Síðustu þáttaröð lauk á mjög dramatískan hátt.

**23.20 Medium** (2:22) Sjötta þáttaröð þessa dulmagnaða spennuþáttar sem fjallar um sjáandann Allison Duboise.

**00.05 Nip/Tuck** (1:19) Sjötta sería þessa vinsæla framhaldsþáttar sem fjallar um skrautlegt og skrítið líf lýtalæknanna Seans McNamara og Christians Troys.

**00.50 Grey's Anatomy** (16:17)

**01.35 The Doctors**

**02.15 Fréttir Stöðvar 2**

**03.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.10** Cranford **13.05** Keeping Up Appearances **13.35** Keeping Up Appearances **14.05** My Hero **14.35** Life of Riley **15.05** Waterloo Road **15.55** The Weakest Link **16.40** Monarch of the Glen **17.30** Keeping Up Appearances **18.10** Benidorm **18.30** Whose Line Is It Anyway? **19.00** Ruddy Hell! It's Harry and Paul **19.30** Messiah **20.20** Jonathan Creek **21.15** Come Dine With Me **21.40** The Jonathan Ross Show **22.30** EastEnders **23.00** Cranford **23.55** Messiah

## DR 1

**12.00** Hvad er det værd? **12.30** Spise med Price **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Hjerteflimmer Classic **14.30** Substitutterne **14.50** Alfred **15.00** Pippi Langstrømpe **15.30** Cirkeline i Fandango **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet 2. del **17.30** Rabatten **18.00** Sporløs **18.30** Fængslet **19.00** TV Avisen **19.25** Jersild Live **19.50** SportNyt **20.00** Måske skyldig - sirener **21.30** Huslægen **22.00** Som født på ny **23.00** Boogie Mix

## NRK 1

**12.30** Tinas mat **13.00** NRK nyheter **13.10** Med hjartet på rette staden **14.00** VM sykkel **15.00** NRK nyheter **15.10** Ut i nærturen **15.25** Ardna - Samisk kulturmagasin **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Schrödingers katt **18.15** Koht på jobben **18.45** Glimt av Norge **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Debatten **20.20** Hjerte til hjerte - Spelet **21.00** Kveldsnytt **21.15** Spekter **22.00** Nasjonalgalleriet **22.30** De ukjente **23.30** Blues jukeboks

## SVT 1

**12.15** Fråga doktorn **13.00** Uppdrag Granskning **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Anslagstavlan **15.00** Flickan från stålverket **15.15** Vem tror du att du är? **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Mitt i naturen **18.30** Niklas Mat **19.00** Life **20.00** Debatt **20.45** Drömkåken? **21.00** Undercover Boss **21.50** The Seventies **22.20** Elvis i glada Hudik **23.20** Uppdrag Granskning




## SJÓNVARPSÞÁTTURINN



*The Simpsons er í uppáhaldi. Ég horfi alltaf á hann einu sinni til tvisvar í viku.“*

Valur Freyr Halldórsson úr Hvanndalsbræðrum.

# Rómeó og Júlía besta lag Bubba Morthens

„Þetta kemur svo sem ekkert á óvart. Þetta eru allt lög sem hafa lifað með þjóðinni öll þessi ár,“ segir Árni Árnason, sem vinnur að bók um tónlistarmanninn Bubba Morthens. Nú liggja fyrir úrslit í kosningu á vinsælustu lögum Bubba sem fram fór á Vísi.is. 11 þúsund manns tóku þátt í kosningunni og var Rómeó og Júlía besta lag Bubba að mati þeirra. Í öðru sæti var Afgan, Fjöllin hafa vakað í þriðja sæti, Blindsker í því fjórða og Aldrei fór ég suður í því fimmta. Lista yfir fimmtán efstu lögin er að finna hér til hliðar.

Eins og alþjóð veit á Bubbi þrjátíu ára útgáfuafmæli í ár og af þeim sökum verður gefin út þreföld plata með sextíu bestu lögum Bubba í nóvember. Um er að ræða safnplötupakka í líkingu við þá sem Sena hefur gefið út með þekktum listamönnum undanfarin ár. Pakkinn kallast Sögur af ást, landi og þjóð.

Árni segir að þessi fimmtán laga listi spanni ágætlega feril Bubba. „Þarna eru ýmsar tónlistarstefnur. Þetta sýnir vel að hann er duglegur og óhræddur að takast á við nýja hluti og endurnýja sig,“ segir hann.

En fær þjóðin aldrei leið á Bubba?

„Nei, góð Bítlalög lifa og það er ekkert öðruvísi með góð Bubbalög. Hann er búinn að lifa með þjóðinni í 30 ár og búinn að margsýna það að hann er ekki að fara neitt.“ **-hdm**

### BESTU LÖG BUBBA

1. Rómeó og Júlía
2. Afgan
3. Fjöllin hafa vakað
4. Blindsker
5. Aldrei fór ég suður
6. Stál og hnífur
7. Syneta
8. Stúlkan sem starir á hafið
9. Það er gott að elska
10. Fallegur dagur
11. Sumarið er tíminn
12. Móðir
13. Kyrrlátt kvöld
14. Talað við gluggann
15. Ísbjarnarblús



**AFMÆLISÁR** 60 laga safnpakki með lögum Bubba kemur út í byrjun nóvember. Árni Árnason er sáttur við valið en uppáhalds lag hans er Afgan.


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

**Finnski hesturinn** (Stóra sviðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fös 15/10 kl. 20:00 frums | U | Lau 30/10 kl. 20:00 4.sýn | Ö | Fim 11/11 kl. 20:00 8.sýn | Ö |
| Lau 16/10 kl. 20:00 2.sýn | Ö | Sun 31/10 kl. 20:00 5.sýn | Ö | Fös 12/11 kl. 20:00 9.sýn | Ö |
| Fös 22.10. Kl. 20:00 aukas. | Ö | Fös 5/11 kl. 20:00 6.sýn | U | | |
| Lau 23/10 kl. 20:00 3.sýn | U | Lau 6/11 kl. 20:00 7.sýn | Ö | | |

**Fíasól** (Kúlan)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau 2.10. Kl. 13:00 | U | Lau 9.10. Kl. 15:00 | Ö | Lau 23.10. Kl. 13:00 | |
| Lau 2.10. Kl. 15:00 | U | Lau 16.10. Kl. 13:00 | | Lau 23.10. Kl. 15:00 | |
| Sun 3.10. Kl. 13:00 | Ö | Lau 16.10. Kl. 15:00 | | Sun 24.10. Kl. 13:00 | |
| Sun 3.10. Kl. 15:00 | U | Sun 17.10. Kl. 13:00 | | Sun 24.10. Kl. 15:00 | |
| Lau 9.10. Kl. 13:00 | Ö | Sun 17.10. Kl. 15:00 | | | |

**Hænuungarnir** (Kassinn)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fim 30.9. Kl. 20:00 | U | Lau 16.10. Kl. 20:00 | Ö | Sun 31.10. Kl. 20:00 | |
| Fös 1.10. Kl. 20:00 | U | Fim 21.10. Kl. 20:00 aukas. | Ö | Fim 4.11. Kl. 20:00 | U |
| Lau 2.10. Kl. 20:00 | U | Fös 22.10. Kl. 20:00 | Ö | Fös 5.11. Kl. 20:00 | Ö |
| Fös 8.10. Kl. 20:00 | U | Lau 23.10. Kl. 20:00 | Ö | Lau 6.11. Kl. 20:00 | U |
| Lau 9.10. Kl. 20:00 | U | Fös 29.10. Kl. 20:00 | | | |
| Fös 15.10. Kl. 20:00 | Ö | Lau 30.10. Kl. 20:00 | | | |

**Íslandsklukkan** (Stóra sviðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fim 30.9. Kl. 19:00 | U | Lau 9.10. Kl. 19:00 | Ö | Fim 28.10. Kl. 19:00 | Ö |
| Fös 1.10. Kl. 19:00 | U | Sun 17.10. Kl. 19:00 | U | Sun 7.11. Kl. 19:00 | Ö |
| Lau 2.10. Kl. 19:00 | U | Sun 24.10. Kl. 19:00 | Ö | Mið 10.11. Kl. 19:00 | Ö |
| Sun 3.10. Kl. 15:00 | U | Þri 26.10. Kl. 19:00 | U | Sun 14.11. Kl. 19:00 | Ö |
| Fös 8.10. Kl. 19:00 | Ö | Mið 27.10. Kl. 19:00 | U | | |

**Gerpla** (Stóra sviðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fim 21.10. Kl. 20:00 | U | Fim 4.11. Kl. 20:00 | Ö | Fös 26.11. Kl. 20:00 | |
| Fös 29.10. Kl. 20:00 | Ö | Lau 13.11. Kl. 20:00 | | | |

Leikhúskort
4 miðar á aðeins
9.900 kr.



ÁSTIN ER
SEGULSTÁL
Sextán sögur um ástina og unga fólkið




Áleitin,
nýstárleg og
krassandi
bók
sem hittir
þig í
hjartastað

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is



Það eina sem þarf er leitarorð.
Vísir er með það.
vísir.is
...ég sá það á Vísi


ALVA GEHRMANN: ÍSLENDINGAR ERU HVATVÍSIR OG FRAMANDI

# Þýsk blaðakona skrifar bók um atferli Íslendinga

„Ég er búin að komast að því að þið Íslendingar skipuleggið ykkur ekki mikið fram í tímann. Það er mjög ólíkt því sem ég á að venjast frá mínu heimalandi,“ segir þýski blaðamaðurinn og rithöfundurinn Alva Gehrmann. Hún er að skrifa bók um lifnaðarhætti Íslendinga sem kemur út í Þýskalandi næsta sumar.

Í bókinni ætlar Gehrmann að varpa ljósi á hvernig Íslendingar takast á við lífið og vill hún meina að Þjóðverjar geti lært heilmikið af þjóðinni. En af hverju bók um Ísland af öllum löndum?

„Hrunið og eldgosið hefur óneitanlega beint sviðsljósinu að Íslandi upp á síðkastið og tilfinning mín er að Þjóðverjum finnist Ísland vera eitt af mest framandi löndum í Evrópu. Samfélagið hér er forvitnilegt og mér finnst Íslendingar lifa eins og þeir vilja lifa. Hella sér út í hluti án þess að hugsa sig of mikið um. Hvatvísir og framandi fyrir Þjóðverja eins og mig.“

Á meðal viðmælenda hennar um íslenskt samfélag eru rithöfundarnir Andri Snær Magnason, Hallgrímur Helgason, borgarstjórinn Jón Gnarr og fjölmiðlakonan Tobba Marinósdóttir. Gehrmann segist ekki ætla að einblína of mikið á hrunið í bókinni þó að vissulega verði einn kafli um það hvernig íslenska þjóðin bregst við krísum. „Ég var stödd hérna síðasta vor þegar Eyjafjallajökull fór að gjósa og því verða gerð skil í þessum krísukafla,“ segir hún. „Annars er til dæmis fjallað um stefnumótamenningu Íslendinga eða væntunina á þeirri menningu í einum kafla.“ Gehrmann er með mikla reynslu af blaðamennsku og hefur skrifað fyrir stórblöð á borð við Financial Times, Die Zeit og Der Spiegel.

„Mér fannst ekki nóg að koma hingað og taka bara viðtöl við innfædda. Ég vildi búa og lifa eins og Íslendingur í smá tíma. Kynnast því að vera hvatvís og hugsa *þetta reddast*,“ segir Gehrmann hlæjandi en hún hefur búið hér með hléum síðan snemma í vor.

Gehrmann yfirgefur landið eftir nokkra daga en ætlar að snúa aftur eftir áramót og leggja lokahönd á bókina. „Ég er ekki að vinna bókina eins og Íslendingur heldur eins og Þjóðverji. Hægt og rólega.“ **alfrun@frettabladid.is**



**GREINIR ÍSLENSKA LIFNAÐARHÆTTI** Þýski blaðamaðurinn Alva Gehrmann er að skrifa bók um hina íslensku leið til að lifa lífinu sem kemur út í Þýskalandi næsta sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Tobba Marinós ráðin á Skjá einn

„Þetta er ný staða. Ég tilheyri markaðssviði og verð kynningarfulltrúi Skjás eins,“ segir fjölmiðlakonan Tobba Marinósdóttir, en hún sagði upp á Séð og heyrt í vikunni eftir að ritstjórinn Eiríkur Jónsson var rekinn.

„Ég er lærður fjölmiðlafræðingur þannig að þetta er mitt svið,“ segir Tobba, aðspurð hvort kynningarstarfið hafi alltaf heillað. „Og ég er náttúrulega sjúklega skotin í Skjá einum. Þau gáfu mér fyrsta tækifærið mitt í sjónvarpi.“

Tobba segir atvinnutilboð úr ýmsum áttum hafa borist eftir að brotthvarf hennar af Séð og heyrt varð opinbert. Hún hafði þó sjálf frumkvæðið að því að tala við Skjá einn. „Ég hafði samband við Sigríði Margréti Oddsdóttur sjónvarpsstjóra Skjás eins og sagði henni að ég væri að segja upp á Séð og heyrt og bað hana að hafa mig í huga ef eitthvað starf opnaðist,“ segir Tobba. „Hún sagðist vera með starfið sem ég passaði 100% í þannig að þetta var *meant to be*.“



**BREYTIR TIL** Tobba Marinós vinnur að annarri bók sinni og hefur störf á Skjá einum í október. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ekki er langt síðan Skjár einn varð áskriftarstöð. Sjónvarpsstöðin hefur sýningar á leiknu gamanþáttunum Hæ Gosi í kvöld og golfstöðin Skjár golf hóf nýlega útsendingar. Tobba hefur því í nægu að snúast þegar hún hefur störf í nóvember. „Þetta er ansi yfirgripsmikið. Þau eru líka að fara að sýna þáttinn minn, þannig að þau eru með tvo stóra þætti og þurfa sterka kynningu,“ segir Tobba að lokum og vísar í væntanlegan sjónvarpsþátt byggðan á bók hennar Makalaus. **- afb**


VIÐ BJÓÐUM ÞÉR Á
AMERICAN STYLE
Coca-Cola
FORSÝNINGU!
Buddy HOLLY
SÖNGLEIKURINN
Buddy HOLLY
MATSEÐILLINN
AMERICAN STYLE
Buddy Holly borgarinn 120 gr.
m/osti, lauk, súrum gúrkum, beikoni, iceberg, majonesi, sinnepi, frönskum og gosi.
1.535 kr.
Ritchie Valens borgarinn 120 gr.
m/osti, jalapeno, tómötum, guacamole, iceberg, majonesi, tómatsósu, frönskum og gosi.
1.455 kr.
Big Bopper 300 gr.
m/osti, beikoni, sveppum, rauðlauk, iceberg, majonesi, frönskum og gosi.
1.895 kr.
2 MIÐAR FYLGJA!
AÐEINS Í DAG!
Allir sem kaupa gómsæta máltíð af Buddy Holly matseðlinum á American Style í dag fá tvo miða á sérstaka forsýningu á Buddy Holly söngleikinn sunnudaginn 3. október í kaupbæti.
Ekki er hægt að kaupa miða á forsýninguna.
250 miðar fyrir tvo eru í boði.
Við opnun alla fimm staðina kl. 10.
Fyrstir koma, fyrstir fá!
AUSTURBÆR
BYLGJAN 989
bravó!

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060







## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Fámálir félagar



**Jim Jarmusch**, kvikmyndaleikstjórinn góðkunni, er staddur hér á landi vegna RIFF, alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar. Jarmush borðaði á Dilli með fríðu föruneyti í gærkvöldi og hyggst koma víða við meðan á dvölinni stendur. Hann hefur fengið sérlegan talsmann til að aðstoða sig hér landi og er það enginn annar en Dagur Kári Pétursson leikstjóri. Hvorugur verður beint sakaður um málgleði en þeir ættu þó að finna sér eitt og annað til að rabba um.

### Skutlaði Klovn-bræðrum heim

**Jón Gnarr** steig á svið á sérstakri kvöldskemmtun Frímanns Gunnarssonar í gærkvöldi en meðal gesta voru Casper Christiansen og Frank Hvam, þekktastir úr Klovn-sjónvarpsþáttaröðinni. Jón og Klovn-bræður borðuðu saman tikkamasala ásamt öðrum gestum sýningarinnar í fyrrakvöld og þegar kvöldinu var lokið skutlaði Jón þeim Casper og Frank heim. Frank ku hafa upplýst Jón um að hann væri mikill aðdáandi Besta flokksins og að Jón Gnarr væri á skjámyndinni í tölvunni hans. - fgg



## Mest lesið VISIR.IS

1. Fundu klifurlínu á afar torfarinni leið
2. Ofbeldismaðurinn með fortíð
3. Lést þegar fallhlífin opnaðist ekki
4. Framseldur til Íslands - áfram krafist gæsluvarðhalds yfir hinum
5. Meintur skattsvikari fannst í Venesúela
6. Sýning fyrir luktum dyrum





